28 og 30

ÞJÁLFARINN MEÐ HATTINN
Ferill Ásgeirs Elíassonar rifjaður upp í máli og myndum

26

ENDURVAKNING TRABBANS
Túristaferðir um miðborg Berlínar á litfögrum Traböntum

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. september 2007 — 250. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Systkini saman í Berlín

Þorleifur Arnarsson leikstýrir systur sinni Sólveigu í Admiralspalatz.

FÓLK 50

Sátt um náttúruvernd

„Um langt árabil höfum við Íslendingar deilt harkalega um náttúruvernd og nýtingu orkuauðlinda," segir Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Í DAG 14

Flytur milljón farþega

Móðurfélag Heimsferða hefur keypt stærstu ferðaskrifstofu Írlands. Eftir kaupin munu yfir milljón farþegar ferðast á vegum forstjórans, Andra Más Ingólfssonar, árlega.

VIÐSKIPTI 12

Sigur hjá Stjörnunni

Meistaraefnin í Stjörnunni unnu góðan sigur á HK í gær en Íslandsmeistarar Vals töpuðu sínum fyrsta leik gegn Haukum á Hlíðarenda.

ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



Úrkoma og hvassviðri - Hvasst sunnantil fyrri partinn í dag, en hægari norðan og austanlands. Samfelld úrkoma sunnanlands en stöku skúrir norðanlands.

VEÐUR 4



Sameinist um lyfjakaup

Heilbrigðisráðherra kannar nú hvort norrænu ríkin geti sameiginlega boðið út kaup á lyfjum. Hann vill líka skoða hvort ríkin geti myndað með sér sameiginlegan heilsumarkað. Málið rætt í Norðurlandaráði.

STJÓRNMÁL Til skoðunar er í heilbrigðisráðuneytinu hvort Ísland, Danmörk, Noregur og Svíþjóð geti sameinast um útboð á lyfjakaupum. Með því móti gæti lyfjaverð lækkað nokkuð frá því sem nú er.

Hugmyndin er að til yrði sameiginlegur norrænn lyfjamarkaður sem ekki aðeins næði til sameiginlegra kaupa á lyfjum heldur líka til markaðsleyfa. Þannig yrði sala lyfs sem hlotið hefur skráningu í einu ríkjanna heimil í öðrum.

Fyrirkomulag sameiginlegra útboða er ómótað en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kemur bæði til greina að ríkin sjálf bjóði lyfjakaupin út eða sjúkrahús sameinist um þau. Slíku fyrirkomulagi eru sagðir fylgja kostir fyrir sjúklinga í formi lægra lyfjaverðs en líka fyrir lyfjafyrirtæki með stækkuðum markaði.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að leita beri leiða til að lækka lyfjaverð.

Samhliða þessu hefur Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra lagt grunn að athugun á að Norðurlöndin sameinist um svokallaðan heilbrigðismarkað. Á slíkum sameiginlegum heilbrigðismarkaði gæfist Íslendingum færi á að sækja sér lækningu til annarra Norðurlanda en njóta tryggingagreiðslna héðan. Að sama skapi gæti íslenskt heilbrigðisstarfsfólk boðið þjónustu sína öðrum Norðurlandabúum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ráðherra þegar reifað þessar hugmyndir við norræna starfsbræður sína og vonast til að málið verði rætt formlega á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í október.

Þá hefur Guðlaugur uppi áform um að heimila póstverslun með lyf. Samkvæmt núgildandi lögum er slík formleg verslun óheimil en á hinn bóginn er leyfilegt að senda lyf með pósti.

Nýlegar fréttir af íslenskum lækni í Svíþjóð sem seldi lyf í gegnum vefsíðu urðu tilefni umræðna um þetta ákvæði lyfjalaganna.

- bþs

UNGUR ÖKUÞÓR Torfæruíþróttir eru ekki bara fyrir fullorðna eins og Baldvin Egill Baldvinsson, sjö ára mótorhjólakappi, sýndi á mótorkrossbrautinni í Bolaöldu í gærdag. Á eftir honum hleypur Andri Brynjarsson, jafnaldri og skólabróðir hans. Aðspurður segist Baldvin hafa byrjað að æfa sig þegar hann fékk fyrsta hjólið í fjögurra ára afmælisgjöf, en hann fari á brautina eins oft og hann getur. Þó komist hann ekki í hverri viku því pabbi sé stundum að vinna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Móðir fjölfatlaðs drengs:

Fatlaðir læra í óhæfu húsi

FÉLAGSMÁL „Það stakk mig alltaf mikið að horfa á eftir heilbrigða syni mínum fara í granítklædda höll í Grafarvogi því um leið horfði ég upp á fatlaðan son minn í óhæfu húsnæði," segir Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, móðir ellefu ára fjölfatlaðs drengs í Safamýrarskóla.

SIGRÍÐUR HRAFNKELSDÓTTIR OG HRAFNKELL BJÖRNSSON

Sigríður segist hafa fylgst með hverjum ráðamanninum á fætur öðrum heimsækja skólann og öllum jafn undrandi yfir slæmum aðstæðum þar, án þess að nokkuð væri að gert, fyrr en ljósmyndasýningin Undrabörn var opnuð í Þjóðminjasafninu. Nú hefur verið ákveðið að reisa nýjan sérskóla í Mjódd fyrir 120 nema. „Ég tel það ekki síst vera fyrir tilstilli Margrétar Þjóðminjavarðar sem hefur af miklum áhuga sett sig inn í málefni þessa hóps barna," segir Sigríður.

- amb/sjá síðu 22

Garðar Thor syngur við vígslu skemmtiferðaskips í beinni á Sky-fréttastöðinni:

Syngur fyrir bresk fyrirmenni

FÓLK Garðari Thor Cortes hefur verið boðið að syngja við vígslu nýs skemmtiferðaskips Conard-skipasmíðafyrirtækisins hinn 10. desember. Hertogaynjan af Cornwall, Camilla Parker Bowles, mun gefa skipinu nafn en það kemur til með að heita Queen Victoria.

Karl Bretaprins verður að sjálfsögðu við hlið konu sinnar og því ljóst að viðburðurinn mun hljóta mikla athygli.

Til marks um mikilvægi viðburðarins mun breska sjónvarpsstöðin Sky væntanlega sýna beint frá athöfninni. Garðar mun síðar um kvöldið syngja á gala-dansleik fyrir þá tvö þúsund gesti sem verða viðstaddir vígsluna. Meðal þeirra verða Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og ríkisstjórnin öll.

Á heimasíðu Conard-fyrirtækisins segir forstjóri fyrirtækisins, Carol Marlow, að um sögulegan viðburð sé að ræða því þetta sé í fyrsta skipti í 168 ára sögu félagsins sem þrjár „drottningar" séu í flotanum í einu.

„Það er frábært fyrir söngvara frá Íslandi að geta tekið þátt í svona viðburði," segir Garðar.

- fgg/sjá síðu 50

SPURNING DAGSINS

Páll Þór, var maðkur í mysunni?

„Já, það voru greinilega maðkar í mysunni."

Hópur veiðimanna var rekinn úr Hítará á Mýrum í fyrradag þegar eftirlitsmaður stóð þá að verki við að beita maðki fyrir laxinn. Páll Þór Ármann er framkvæmdastjóri Stangveiðifélags Reykjavíkur.

Bæjarstjórinn á Akranesi undrast vinnubrögð stjórnar HB Granda:

Las um þetta á heimasíðunni

ATVINNUMÁL „Þetta eru mikil vonbrigði fyrir okkur," segir Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, um þá ákvörðun HB Granda að hætta við áform um að byggja nýtt fiskiðjuver á Akranesi og flytja þangað alla botnfisksvinnslu. „Ég fékk fyrst upplýsingar um þetta með því að fara inn á vefsíðu HB Granda og sjá þar staðfestingu fyrir þessu. Þar voru þær skýringar gefnar að Faxaflóahafnir hefðu ekki getað orðið við þeim skilyrðum sem beðið hefði verið um. Mér finnst hörmulegt af hálfu fyrirtækisins að stjórnin sé ekki í sambandi við okkur um þetta," segir Gísli.

Hann segir stjórn HB Granda hafa verið í góðu sambandi við bæjaryfirvöld í aðdraganda þess að fyrirtækið tilkynnti um uppbyggingu nýs fiskiðjuvers fyrir botnfiskvinnslu fyrirtækisins á Akranesi.

Þessu hafi verið vel tekið hjá bæjaryfirvöldum á Akranesi, sem þegar hafi verið byrjuð að undirbúa

GÍSLI S. EINARSSON Óánægður með stjórn HB Granda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

flutninginn. „Þetta er skyndiákvörðun hjá stjórninni. Það lá fyrir að við tókum HB Granda fagnandi og vorum reiðubúnir að tjalda öllu til og aðstoða fyrirtækið eftir fremsta megni." - mh / sjá síðu 4

Keflavíkurflugvöllur:

Herflugvél nauðlenti

SLYS Engan sakaði þegar bandarísk herflugvél nauðlenti á Keflavíkurflugvelli rétt fyrir klukkan þrjú í gærdag.

Mikill viðbúnaður var á flugvellinum eftir að flugmaður herflugvélarinnar tilkynnti að annar hreyfillinn hefði bilað á flugi.

Þrettán farþegar auk áhafnar voru um borð í vélinni.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum varð annar hreyfillinn óvirkur. Að sögn hennar gekk lendingin vel og engan sakaði.

Herflugvélin er skrúfuvél af gerðinni Herkúles. - lbb

Hafliði Helgason í nýtt starf:

Nýr ritstjóri Markaðarins

FRÉTTABLAÐIÐ Björgvin Guðmundsson, fréttastjóri á Fréttablaðinu, hefur verið ráðinn ritstjóri Markaðarins, fylgiblaðs Fréttablaðsins um viðskipti. Markaðurinn kemur út á miðvikudögum en ritstjórn blaðsins sér jafnframt um daglegar viðskiptafréttir í Fréttablaðinu.

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

HAFLIÐI HELGASON

Björgvin tók þátt í að stofna Markaðinn í apríl 2005 ásamt Hafliða Helgasyni, sem hefur ritstýrt blaðinu frá upphafi.

Hafliði hefur verið ráðinn til Reykjavík Energy Invest, sem er nýtt félag á sviði alþjóðlegra fjárfestinga í jarðvarmavirkjunum. Hafliði mun starfa náið með Guðmundi Þóroddssyni forstjóra, Bjarna Ármannssyni stjórnarformanni og öðrum stjórnendum að mótun félagsins og samskiptum á alþjóðavettvangi.

Hafliði hefur starfað á Fréttablaðinu frá stofnun þess árið 2001 og þakkar ritstjórn honum samstarfið og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Erill hjá slökkviliðinu

Mikill erill var hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gærdag. Sjúkraflutningar voru 64 talsins og útköll á dælubíla voru fjögur.

AKUREYRI

Frítt í sund á Akureyri

Sundlaug Akureyrar býður öllum ókeypis í sund í dag. Tilefnið er Akureyrarhlaup KEA sem fram fer í dag.

Lúkasarmálið þvælist á milli sýslumanna

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sendi málshöfðun Helga Rafns Brynjarssonar á hendur hundrað manns til sýslumannsins á Akureyri í ágúst. Sýslumaður efast um að málið eigi heima fyrir norðan. Vettvangur brotanna var internetið.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sendi meiðyrðamál Helga Rafns Brynjarssonar, sem áður var sakaður um að drepa hundinn Lúkas, til sýslumannsins á Akureyri í ágúst.

Á skrifstofu sýslumanns er meiðyrðamálið ekki talið hluti af því Lúkasarmáli sem rannsakað var fyrir norðan og snerist um illa meðferð á dýri.

„Þetta hefur verið að vefjast fyrir okkur," segir Björn Arnviðarson, sýslumaður á Akureyri. „Við erum að velta því fyrir okkur hvort þetta mál eigi yfirleitt heima hjá okkur."

Málið er flókið því brotin í hinu nýja Lúkasarmáli, hótanir og svívirðingar í garð Helga Rafns, voru framin á netinu.

Sakamál eru yfirleitt rannsökuð í svokölluðu brotavarnarþingi, í þeirri sýslu þar sem brotið var framið.

Í þessu tilfelli er enginn slíkur áþreifanlegur staður fyrir hendi.

Einnig má rannsaka mál í heimilisvarnarþingi, það er þar sem hinn brotlegi á lögheimili.

Ummæli netverja í garð Helga Rafns komu úr mörgum sýslum. Spurður segir Björn því allt eins hugsanlegt að málið verði rannsakað af öllum sýslumönnum landsins.

Fordæmi fyrir viðlíka rannsókn finnast ekki og í ofanálag má efast um hver beri ábyrgð á meiðandi færslu. Það gæti verið sá sem skrifar ummælin, sá sem er skráður fyrir IP-númeri tölvunnar sem var notuð, sá sem heldur úti heimasíðunni sem birtir ummælin, eða sá sem hýsir heimasíðuna.

AKUREYRI Hér á hundurinn Lúkas heima, en ekki nema hluti af þeim einstaklingum sem eru kærðir fyrir meiðyrði og fleira í hinu nýja Lúkasarmáli.

MYND/ÚR SAFNI

LÚKAS

BJÖRN ARNVIÐARSON

Hjá ákærudeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var fátt um svör. „Brotavettvangur er á Akureyri," hafði símastúlka þó eftir fulltrúum þar.

Erlendur Þór Gunnarsson, lögmaður Helga Rafns, vill ekki tjá sig um málið að svo stöddu, en furðar sig á því að það sé statt á Akureyri. Brotin hafi farið fram á veraldarvefnum.

klemens@frettabladid.is

BORGAR ÞÓR EINARSSON

ÁRNI MATHIESEN

Borgar Þór Einarsson:

Höfðar mál á hendur ríkinu

PERSÓNUVERND Borgar Þór Einarsson, fráfarandi formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS), ætlar að höfða mál gegn Árna Mathiesen fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins, vegna opinberrar birtingar álagningaskráa.

Í setningarræðu sambandsþings SUS á Seyðisfirði í gær sagði Borgar sambandið telja að birting álagningarskrár sé brot á friðhelgi einkalífsins og stjórnarskrárbrot. Hann hyggst sjálfur reka málið fyrir dómi, enda með embættispróf í lögfræði og málflutningsréttindi. - sþs

Skaftafellsþjóðgarður 40 ára:

Þúsund ára saga á nýrri bók

NÁTTÚRA Fjörutíu ár eru í dag síðan þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður.

Af því tilefni kemur út ný bók um þúsund ára sögu staðarins eftir dr. Jack D. Ives, sem árið 1956 skrifaði doktorsritgerð um landmótun og jökla í Öræfum.

Ives þekkir vel til sögu og náttúru þjóðgarðsins eftir fjölmargar rannsóknaheimsóknir til Íslands á yfir hálfrar aldar tímabili. Afmælisdagskrá verður í Skaftafelli í dag og mun Ives kynna bók sína. Þar verða einnig forseti Íslands og umhverfisráðherra ásamt fleirum. - bþs / sjá síðu 24

Rússneskar herflugvélar aftur á ferð um flugstjórnarsvæði NATO:

Rufu einnig finnska lofthelgi

NATO, AP Norskar og breskar orrustuþotur flugu í gær til móts við rússneskar herflugvélar sem flugu inn í lofthelgi NATO nærri Bretlandseyjum og inn í lofthelgi Finnlands. Frá þessu greindu talsmenn varnarmálayfirvalda í Bretlandi í gær.

Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finna, fór fram á skýringar frá ráðamönnum í Moskvu á því að finnsk lofthelgi hefði verið rofin. Talsmenn Rússlandsstjórnar sögðu vélarnar hafa flogið á hlutlausu svæði, en kannað yrði hvað hæft væri í ásökunum um rof á lofthelgi.

Fyrst flugu F-16-þotur norska flughersins til móts við tvær Tu-160 sprengjuflugvélar Rússa en breskar Tornado-þotur tóku síðan við er rússnesku vélarnar flugu inn í breskt flugumferðarstjórnarsvæði. Þeim var fylgt uns þær sneru aftur heim á leið.

Finnsk yfirvöld sögðu Ilyushin-76-flutningavél Rússlandshers hafa flogið í þrjár mínútur inni í finnskri lofthelgi.

Rússneskar flugvélar hafa ítrekað sést á flugi inni á flugstjórnarsvæði NATO, þar á meðal því íslenska, síðan Rússlandsstjórn ákvað í liðnum mánuði að hefja á ný reglulegt æfingaflug langdræga sprengjuflugflotans, sem ekki hafði verið sendur í slíka leiðangra síðan Sovétríkin liðu undir lok. - aa

FYLGT EFTIR Bresk orrustuþota fylgir rússneskri sprengjuvél yfir N-Atlantshafi 17. ágúst síðastliðinn. NORDICPHOTOS/AFP

SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú
ÚTSALA UM LAND ALLT

Öll salerni, blöndunartæki og handlaugar

20% AFSLÁTTUR

Öll handverkfæri

25% AFSLÁTTUR

Öll málning

25% AFSLÁTTUR

Öll ljós

20% AFSLÁTTUR

Öll búsáhöld

30% AFSLÁTTUR

Allur fatnaður

20-70% AFSLÁTTUR

79.000

Kerra, Basic 750 EG
Heildarburður 750 kg, eigin þyngd 135 kg
5798000

Allar flísar

25-70% AFSLÁTTUR

Við berjum niður verðið!

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 14.09.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,19	64,49
Sterlingspund	129,26	129,88
Evra	88,99	89,49
Dönsk króna	11,946	12,016
Norsk króna	11,369	11,435
Sænsk króna	9,591	9,647
Japanskt jen	0,5582	0,5614
SDR	98,96	99,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,2988
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Réttarhöld yfir raðmorðingja, sem hefur játað að hafa framið 62 morð, hafin í Rússlandi:

Stefndi á eitt morð fyrir hvern skákreit

RÚSSLAND, AP Alexander Pichushkin hefur játað að hafa framið 62 morð, og hafi aðeins vantað tvö morð til að geta fyllt alla reiti skákborðs sem hann notaði til að merkja morðin inn á.

Hann hefur verið ákærður fyrir 49 af þessum morðum og réttarhöld yfir honum hófust í Moskvu í gær.

Pichushkin er 33 ára og virtist rólegur þar sem hann sat í glerbúri í réttarsalnum í gær. Hann neitaði þó að lýsa formlega yfir sekt eða sakleysi, heldur krafðist þess að verða fyrst fluttur í þægilegra fangelsi.

Fyrsta morðið framdi hann í almenningsgarði í Moskvu í maí árið 2001. Það ár myrti hann ellefu manns, þar af sex í einum mánuði. Fyrstu fjörutíu fórnarlömbin myrti hann með því að varpa þeim í ræsisgryfju, en á árinu 2005 byrjaði hann að misþyrma fórnarlömbum sínum hrottalega, slá þau með hamri í höfuðið og stinga síðan ókláraðri vodkaflösku í brotna hauskúpuna. Hann hætti líka að fela líkin, heldur skildi þau einfaldlega eftir á morðvettvanginum.

ALEXANDER PICHUSHKIN Pichushkin var handtekinn í júní árið 2006 eftir að lögreglan fann nafn hans og símanúmer á einu fórnarlambanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flest fórnarlamba hans voru karlmenn og flesta þeirra tældi hann til sín með því að bjóða þeim að drekka með sér vodka til að syrgja hund, sem þó var ekki til.

„Hann gaf þeim að drekka þangað til þeir voru orðnir ósjálfbjarga og myrti þá síðan," sagði Júrí Syomin, aðalsaksóknari Moskvu.

Hann var handtekinn í júní árið 2006 og fljótlega eftir það bauð lögreglan sjónvarpsstöðinni NTV að sýna upptökur af játningu hans til að afsanna ásakanir um að játningarnar hefðu verið þvingaðar fram.

„Fyrir mig væri líf án morða eins og líf án matar fyrir ykkur," sagði Pichushkin og virtist stoltur af verkum sínum. „Mér fannst ég vera faðir alls þessa fólks, vegna þess að það var ég sem opnaði dyr fyrir það yfir í annan heim." - gb

VEGIÐ OG METIÐ Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra bragðaði hvannakjötið og lambakjöt til samanburðar á veitingastaðnum Vox.

Hvannabeit breytir bragði:

Einar fann mun

MATVÆLI Hvannabeit hefur áhrif á bragðgæði lambakjöts, að því er fram kemur í rannsókn Matvælarannsókna Íslands, Matís. Mat sérþjálfaðs hóps á vegum Matís leiddi í ljós að hvannalömb hafa meiri kryddlykt og -bragð, en lömb í hefðbundnu beitarlandi hafa meira lambakjötsbragð. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Matís.

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, gæddi sér á hvannakjötinu og hefðbundnu lambakjöti til samanburðar á veitingastaðnum Vox í fyrrakvöld. Hann fann greinilegan bragðmun. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Barn slasaðist á andliti

Fimm ára gamall drengur hlaut alvarlega andlitsáverka þegar hann hjólaði ofan í skurð í Hveragerði um þrjúleytið í gær. Hann var fluttur til Reykjavíkur með sjúkrabifreið þar sem hann gekkst undir aðgerð í gær. Ekki fengust frekar upplýsingar af líðan drengsins en hann er ekki talinn vera í lífshættu.

HB Grandi hætti við flutning upp á Skaga

Stjórn HB Granda er hætt við að fara upp á Akranes með alla landfiskvinnslu botnsfisks. Beiðni um að aflétta kvöðum um nýtingu lóða greinilega forsenda, segir Björn Ingi Hrafnsson. Ekki orðið við óskum, segir forstjóri HB Granda.

ATVINNULÍF Stjórn HB Granda ákvað í gær að falla frá fyrri fyrirætlunum um að reisa nýtt fiskiðjuver á Akranesi. Stjórnin tilkynnti um áform sín 10. ágúst síðastliðinn og var ástæðan sögð vera hagræðing í kjölfar ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um niðurskurð á aflaheimildum en landfiskvinnsla botnfisks átti öll að flytjast upp á Akranesi.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir ákvörðun stjórnar HB Granda að vissu leyti óvænta en virðir ákvörðunina. „Stjórnin þarf að vega og meta sína hagsmuni og þetta er þeirra ákvörðun.

BJÖRN INGI HRAFNSSON

Það er ekki gott að segja hvað gerði útslagið varðandi þetta mál en það var allan tímann skýrt í okkar huga að þetta væru tvö óskyld mál, annars vegar uppbygging fyrir fiskiðjuver á Akranesi og síðan kvaðirnar á lóðunum hjá Granda í Reykjavík."

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á þriðjudag óskaði Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, eftir því að kvöðum um að aðeins sjávarútvegsstarfsemi gæti verið á lóðum fyrirtækisins við vesturhöfnina í Reykjavík yrði aflétt.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir stjórn Faxaflóahafna ekki hafa getað orðið við kröfum fyrirtækisins og því hafi verið hætt við áformin.

HÖFUÐSTÖÐVAR HB GRANDA Faxaflóahafnir neituðu stjórn HB Granda um að aflétta kvöðum um nýtingu lóða fyrirtækisins í Reykjavík. Þar verður áfram sjávarútvegsstarfsemi eins og gert er ráð fyrir í skipulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Erindi var sent til Faxaflóahafna 10. ágúst um aðgerðir sem HB Grandi vildi fara í vegna niðurskurðar aflaheimilda. Þar kom fram að fyrirtækið vildi flýta hafnarframkvæmdum á Akranesi þannig að fiskiðjuver gæti verið tilbúið síðla árs 2009. Faxaflóahafnir gátu ekki orðið við þessu. Síðan vildum við líka láta aflétta kvöðum um nýtingu lóðar okkar í Reykjavík. Það var ekki hægt að verða við því heldur, og þá falla þessi áform sjálfkrafa niður."

Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna, segir stjórn Faxaflóahafna hafa verið einhuga um að vinna að flutningi HB Granda upp á Akranes í samvinnu við fyrirtækið en hins vegar hafi skilyrði þess verið óraunhæf. „Þetta kemur mér ekki á óvart, miðað við hvernig viðræðurnar við fyrirtækið hafa verið. Við höfum frá upphafi lagt áherslu á að við værum tilbúnir til þess að aðstoða við flutning fyrirtækisins upp á Akranes. Hins vegar setti stjórn HB Granda þau tímamörk að það væri hægt að byggja [fiskiðju]verið fyrir seinni part árs 2009 og það er óraunhæft, þegar horft er til alls þess sem þarf að gera áður en hlutir verða að veruleika. Það er hönnun á mannvirkjum, umhverfismat og þess háttar."

Björn Ingi segist ekki efast um að hugmyndir HB Granda um lóðanýtingu hafi verið grunnástæðan fyrir því að fyrirtækið vildi flytja sig um set. „Forsendan fyrir þessari hugleiðingu stjórnar HB Granda var að fá aflétt kvöðum um að við vesturhöfnina í Reykjavík yrði ekki lengur fiskvinnsla og útgerð og það hefur aldrei staðið til. Auk þess sótti stjórnin um tvær lóðir til þess að selja þær áfram og það var stjórn Faxaflóahafna að sjálfsögðu ekki tilbúin að samþykkja." magnush@frettabladid.is

Berst milli manna og dýra:

Smitsjúkdómur fannst á kúabúi

LANDBÚNAÐUR Smitsjúkdómurinn hringskyrfi hefur fundist á kúabúi í Eyjafirði. Sjúkdómurinn fannst í nautgrip en getur borist milli manna og dýra. Kúabúið, Hof í Arnarneshreppi, hefur verið sett í einangrun á meðan rannsókn stendur yfir.

Einkenni sjúkdómsins eru hringlaga hárlausir blettir í húð, og berst smitið á milli með beinni snertingu. Í tilkynningu frá yfirdýralækni segir að brýnt sé að allir séu á verði gagnvart einkennum sjúkdómsins og hafi samband við lækni hafi fólk grun um að það hafi smitast. - sþs

SAMNINGUR Í BLÁA LÓNINU Frá vinstri: Magnús Pétursson og Grímur Sæmundsen undirrita samninginn.

Rannsóknir og klínísk vinna:

Bláa lónið og Landspítali í samstarf

VIÐSKIPTI Bláa lónið og Landspítali munu hefja samstarf um rannsóknir og klíníska vinnu. Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins og Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, undirrituðu samninginn í gær í Bláa lóninu.

Samstarfið felst í ráðningu læknis sem hyggur á sérnám í húðlækningum. Starfið felur í sér rannsóknir og klíníska vinnu fyrir Bláa lónið lækningalind, þar sem veitt er meðferð við húðsjúkdómum og klínískt starf á húðdeild Landspítalans. - lbb

Eymundsson
Bóksali frá 1872

VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

Nokkur úrkoma um helgina:
Í nótt gekk lægð upp að landinu sem veldur rigningu sunnanlands í dag og einhverjum skúrum fyrir norðan. Vind ætti að lægja eftir hádegi og lægir fram eftir kvöldi. Það er kalt yfir landinu þrátt fyrir lægðaganginn og má búast við hita á bilinu 1-6 stig norðanlands í dag, en 5-10 stiga hita sunnantil. Á morgun má búast við lægri vindi, en úrkomu við norðurströndina.
VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG
Austan 10-15 m/s og riging. Hiti 4-7 stig.

um hádegi »



» *á morgun*



Norðlæg átt, 5-10 m/s

» *mánudagur*



Suðlægar áttir 5-12 m/s, hvassast við Vestfirði

um hádegi »

Kaupmannahöfn	15°C hálfskýjað	London	20°C léttskýjað	Eindhoven	19°C skýjað
Billund	13°C skýjað	París	23°C léttskýjað	Basel	23°C léttskýjað
Osló	12°C skúrir	Frankfurt	21°C léttskýjað	Alicante	27°C léttskýjað
Stokkhólmur	12°C skúrir	Friedrichshafen	21°C léttskýjað	Róm	27°C heiðskýrt
Gautaborg	15°C rigning	Berlín	13°C skýjað	Las Palmas	24°C heiðskýrt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

13. -17. SEPTEMBER Í SMÁRALIND

SNYRTIDAGAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

HYGEA

Dior
Snyrtifræðingur kynnir nýja haustliti og ráðleggur um góð krem fyrir veturinn.

Helena Rubinstein
Sérfræðingar veita ráðgjöf um förðun og umhirðu húðarinnar. Glæsilegir kaupaukar. Tilboð á kremum.

Lancôme
Tilboð á kremum fyrir allan aldur.

Guerlain og Chanel
30% afsláttur af Success Model og Success Laser kremlínunum, Age Delay kremlínunni og Double Perfection fljótandi farða og púðurfarða á meðan birgðir endast.

THE BODY SHOP

Við kynnum spennandi, nýjan haustfarða

Í dag:
Einföld handsnyrting kl. 13 - 17

Allir sem versla fyrir 4.490 kr. eða meira fá glæsilegan kaupauka!

Eymundsson

Glæsileg tilboð á tímaritunum **InStyle** og **Marie Claire** þar sem haustförðuninni eru gerð góð skil.

Nýjustu litir og línur í hári og förðun. Tilboð á fleiri tímaritum sem fjalla um hausttískuna.

DEBENHAMS

Sensai
Gjöf til viðskiptavina sem kaupa Sensai fyrir 5.500 kr. eða meira.

Rifka
Ef þú verslar fyrir 3.800 kr. eða meira fylgir glæsilegt 5 stk. burstasett.

Clinique
Kauptu Clinique All About Moisture body lotion 400 ml og fáðu Clinique – Take the Day off 30 ml hreinismjólk og Delovely Colour Surge varalit í kaupbæti. Vörurnar koma í fallegum Clinique gjafapoka.

Boss
Kynning á nýjum dömu- og herrailmi frá Boss. Veglegir kaupaukar fylgja.

Lancôme
Snyrtifræðingar frá Lancôme sýna nýju haust- og vetrarlínuna.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Chanel
30% afsláttur af Age Delay-kremlínunni.
30% afsláttur af Double Perfection fljótandi farða og púðurfarða.

Sothys
Hreinsisett 4.399 kr.
400 ml andlitsmjólk + 400 ml andlitsvatn

Karin Herzog
Silhouette Body-sett 5.699 kr.
Mildur kornahreinsir fyrir líkamann fylgir með kaupunum

Estée Lauder
Falleg taska fylgir ef keypt er fyrir 4.200 kr.

Kanebo
Falleg taska fylgir nýjum Sensai snyrtivörum ef keypt er fyrir 5.500 kr.

Sally Hansen og OPI naglalakk
Mini Manicure fylgir með.

Nýjustu ilmvötnin kynnt:
Givenchy: Ange ou Démon
Calvin Klein: CK in2u
Sarah Jessica Parker: Covet

LYFJA

Starfsfólk **Eskimo** verður fyrir utan Lyfju í dag kl. 14-17 og kynnir námskeið sem hefjast í lok september og leitar að nýjum andlitum.

Ennfremur bjóða **Emm-School of Make-Up** og **Maybelline** fría förðun. Lyfja veitir þeim, sem eru farðaðir, afslátt af Maybelline glossi og maskara.

20% afsláttur
af öllum hársnyrtivörum frá John FRIDA.
Sothys
kaupaukar og afsláttur fyrir hana.
Zirh
kaupaukar fyrir hann.

Supernova
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

Supernova blæs í dag til tísku-sýningar ásamt Jane Norman kl. 16 - 18.

Einnig verður kynning á Airbrush förðun og Kérastase hárvörum.

TOUS

15% afsláttur
- af ilmvötnum fyrir dömur og herra.
- af fallegum gjafaöskjum sem innihalda ilmandi glaðning.
- af kremlínum.

ORMSSON
SMÁRALIND

15-30% afsláttur
af völdum hárvörum.

byggtogbúið Kringlunni
Smáralind

Mesta úrval landsins af hártækjum. Í tilefni Snyrtidaga bjóðum við **20% afslátt** af öllum hártækjum.

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Opið: Mán, þri, mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is

ENNEMM / SÍA / NM29699

KJÖRKASSINN

Ertu sátt(ur) við mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar?

Já 37%

Nei 63%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Notar þú vírusvörn?

Segðu skoðun þína á visir.is

Í háska á Kjósarskarðsvegi:

Olíuflutningabíll á hliðina

SLYS Olíuflutningabíll valt á Kjósarskarðsvegi, við bæinn Írafell, um klukkan fjögur í gær. Í bílnum voru um átta þúsund lítrar af dísilolíu, en lítið sem ekkert af olíu lak úr honum. Ökumaður bílsins fann til lítils háttar eymsla í fæti eftir veltuna en slasaðist ekki að öðru leyti.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni gaf vegkantur sig með þeim afleiðingum að bíllinn tók að rása á veginum. Við það fór olían að sullast til inni í tanknum og bíllinn valt. Veginum var lokað um stund meðan unnið var að því að ná bílnum upp á ný. - sþs

Á HLIÐ Unnið var fram eftir kvöldi við að koma bílnum á réttan kjöl. Veginum var lokað um stund vegna þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fornleifafundur:

Mannabein í kirkjugrunni

FORNLEIFAR **Fjöldi mannabeina fannst í grunni Útskálakirkju í gærmorgun. Agnes Stefánsdóttir, deildarstjóri skipulagsmála hjá Fornleifavernd ríkisins, segir líklegt að beinin hafi komið upp þegar undirstaða viðbyggingar kirkjunnar var grafin snemma á síðustu öld. Iðnaðarmenn fundu beinin þegar þeir voru að vinnu í kirkjunni.**

Agnes segir beinin úr að minnsta kosti tveimur til þremur fullorðnum einstaklingum auk barns. Beinin verða rannsökuð betur á næstu vikum og síðan tekin ákvörðun um hvort þau fara á safn eða verða grafin aftur. - sþs

Forstjóraskipti hjá TR:

Karl Steinar hættir störfum

STJÓRNSÝSLA Karl Steinar Guðnason mun láta af störfum sem forstjóri Tryggingastofnunar 1. nóvember næstkomandi eftir fjórtán ár í starfi. Hann hugðist láta af störfum vegna aldurs nú á haustdögum, en samdi um að gera það 1. nóvember, að því er fram kemur í tilkynningu.

KARL STEINAR GUÐNASON

SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR

Við starfinu tekur Sigríður Lillý Baldursdóttir, sem hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra þróunarsviðs Tryggingastofnunar undanfarin ár. Áður var hún skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, verkefnisstjóri í utanríkisráðuneytinu og starfaði við kennslu. - sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ekið á barn

Ekið var á barn á Sundlaugarvegi klukkan hálffimm í gærdag. Samkvæmt upplýsingum frá lækni á slysadeild Landspítala í Fossvogi voru meiðsl barnsins minni háttar og það útskrifað af slysadeild eftir skoðun.

MORÐINGI FYRIR RÉTTI Þessi maður hlaut dauðadóm í Kína í lok síðasta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stjórnvöld í Kína:

Aftökur verði færri

KÍNA, AP **Stjórnvöld í Kína hafa tekið ákvörðun um að dauðarefsingu verði framvegis ekki beitt jafn oft og verið hefur. Til dæmis eigi að sýna morðingjum nokkra mildi ef þeir reynist samvinnuþýðir, og sömuleiðis hvítflibbaglæpamönnum ef þeir endurgreiði illa fengið fé sitt.**

„Dauðarefsingu skal aðeins beita á afar lítinn fjölda alvarlegra brotamanna," segir í yfirlýsingu hæstaréttar Kína, sem birtist á vefsíðu dómstólsins.

Talið er að fleiri aftökur séu framkvæmdar á hverju ári í Kína en samanlagt í öllum öðrum löndum heims. - gb

Segir samkeppnina á Akranesi heiðarlega

Samkeppniseftirlitið leitaði á skrifstofum Lyfja og heilsu í gær. Athugað er hvort fyrirtækið misnoti markaðsráðandi stöðu sína í samkeppni við Apótek Vesturlands á Akranesi. „Við teljum samkeppnina mjög heiðarlega," segir framkvæmdastjóri.

SAMKEPPNISMÁL Samkeppni Lyfja og heilsu við Apótek Vesturlands á Akranesi er heiðarleg og eðlileg, segir Guðni B. Guðnason, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu. Samkeppniseftirlitið gerði húsleit á skrifstofum fyrirtækisins í gær.

Tilefni leitarinnar var athugun á því hvort Lyf og heilsa misnotaði markaðsráðandi stöðu sína á Akranesi í samkeppni við Apótek Vesturlands, sem nýlega var opnað þar.

Leitað var í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Kringlunni í Reykjavík og í verslun við Kirkjubraut á Akranesi. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, staðfestir að athugunin hafi beinst að því að ganga úr skugga um hvort forsvarsmenn Lyfja og heilsu hafi hindrað samkeppni með ólögmætum hætti.

Guðni sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann segir fráleitt að kalla samkeppni misnotkun á markaðsráðandi stöðu í bæjarfélaginu. Augljóst megi teljast að verðlækkanirnar sem um ræðir séu einfaldlega eðlileg viðbrögð við nýrri og öflugri samkeppni.

„Við erum í samkeppni sem við teljum mjög heiðarlega af okkar hálfu," segir Guðni. „Apótek Vesturlands veitir okkur öfluga samkeppni sem felst í því að keppa í þjónustu og verði. Við höfum mætt þeirri samkeppni með því að lækka verð á tveimur prósentum af vörutegundunum okkar. Ef maður má ekki taka þátt í samkeppni af þessu tagi þá getur maður ekkert hreyft sig."

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá auglýsingu Apóteks Vesturlands í Vesturbæjarblaðinu daginn áður. Í heilsíðuauglýsingu var Vesturbæingum bent á að þegar þeir versluðu við Lyf og heilsu væru þeir í raun að niðurgreiða lyf á Akranesi, sem miðaði að því að uppræta samkeppni í rekstri apóteka á Akranesi. Sama auglýsing birtist einnig í Fréttablaðinu í gær.

Auk þess að birta auglýsingarnar lagði Ólafur Adolfsson, eigandi Apóteks Vesturlands, inn kvörtun til Samkeppniseftirlitsins í sumar vegna málsins. „Ég er hæstánægður með að brugðist hafi verið við athugasemdum mínum, ef það er grunnurinn að þessari húsleit," segir hann. salvar@frettabladid.is

LYF OG HEILSA Leitað var í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Kringlunni 5 í Reykjavík og í verslun við Kirkjubraut á Akranesi. „Ef maður má ekki taka þátt í samkeppni af þessu tagi þá getur maður ekkert hreyft sig," segir framkvæmdastjóri.

ÓLAFUR ADOLFSSON

PÁLL GUNNAR PÁLSSON

GUÐNI B. GUÐNASON

Laugardagsfundur í Kópavoginum

Kópavogsbúar, verið velkomin í kaffi í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins að Hlíðasmára 19 milli kl 10-12, laugardaginn 15. september.

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs verður á staðnum og fer vítt og breytt yfir skipulagsmál í Kópavogi.

Mætum öll.

Stjórnin

Fjárkóngur segir mönnum hafa orðið bylt við þegar 108 kindur fórust í vatnselg:

Hundrað fjár drukknaði í Kálfá

SLYS „Okkur varð mjög bylt við þetta. Það er ekkert gaman að horfa á þetta fljóta dautt niður ána," segir Ágúst Ingi Ketilsson, fjárkóngur í vesturleit á Flóamannaafrétti, sem horfði á rúmlega hundrað kindur drukkna í Kálfá í Gnúpverjahreppi í gærmorgun.

Verið var að reka fé yfir ána úr safngirðingu við bæinn Skáldabúðir eftir leitir á Flóa- og Skeiðamannaafrétti, í átt að Reykjaréttum þar sem rétta á í dag.

Mjög mikið mun hafa verið í ánni, straumþungt og vatnið kalt. Verið var að reka fé, sem kom úr svonefndri vesturleit á Flóamannaafrétti, yfir ána þegar nokkrar kindur skildu sig frá hópnum og fóru yfir á röngum stað.

„Við vorum að fara þarna nýja leið en kindurnar fóru ekki alveg á réttum stað út í ána – voru hræddar við hana – og stukku af stað nokkrum metrum ofar." Allt safnið fylgdi þá á eftir. Kindurnar komust ekki upp á árbakkann hinum megin vegna þess hversu hár hann var og hversu mikið vatn var í ánni. Alls 108 kindur drukknuðu.

„Þetta er bara reynsla sem maður lendir í," segir Ágúst. Hann vill ekki meina að hægt sé að kenna mannlegum mistökum um. „Þetta var bara slys. Það var í rauninni ekkert hægt að gera í þessu."

Féð var dregið á land með aðstoð björgunarsveitarinnar Sigurgeirs og því komið til urðunar. - sh

RÉTTIR Ágúst var á leið með fé, um 1.500 kindur, í réttir þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



skemmtileg smáhundasýning

um helgina í Garðheimum

Komið og sjáið allar nýjustu tegundirnar af smáhundum á einum stað!

- Milli 20 – 30 tegundir af smáhundum
- Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
- Hundadsnyrtistofa – kynning
- Tilboð á öllu fóðri um helgina
- Dýravörukynningar
- Dýravörutilboð
- Lukkupottur með veglegum vinningum
- Hundatískusýning báða dagana!

Fóðurkynningar frá

Hill's

ROYAL CANIN

Purina PRO PLAN

TILBOÐ

ÖÐRUVÍSI ERIKUTILBOÐ 995KR

VELJIÐ 5 PLÖNTUR: ERIKUR OG / EÐA CALLUNUR

TILBOÐ

HAUSTLAUKARNIR KOMNIR!

SÝNING UM HELGINA

NÝJAR HUGMYNDIR AÐ LEIÐIS- OG ÚTFARARSKREYTINGUM

HOLLT OG GOTT

-lærið að búa til hollan hummus!

Sýnikennsla um helgina

blóm helgarinnar

Eldliljur 295KR

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Haustlaukar

Við niðursetningu haustlauka er gott að miða við þrisvar sinnum hæð þeirra frá efri hluta lauksins.

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Gefðu hundinum þínum nagbein – það styrkir góminn og vinnur gegn andremmu.

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir rithöfundurinn sem keypti hlut í Geysi Green Energy á dögunum?*
2. *Hvaða skírnarnafn hafa Íslendingarnir sem frömdu vopnað bankarán í Kaupmannahöfn?*
3. *Hvað heitir leikkonan sem trónir á toppi lista yfir verst klæddu stjörnurnar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Ný skoðanakönnun um fylgi forsetaframbjóðenda í Bandaríkjunum:

Engar skýrar línur enn þá

BANDARÍKIN, AP Hillary Rodham Clinton er enn sigurstranglegust þeirra átta demókrata sem sækjast eftir að verða forsetaefni flokksins í næstu forsetakosningum, sem haldnar verða eftir rúmlega ár.

Hún hefur enn um það bil 34 prósenta fylgi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun AP og IPSOS, en næstur á eftir henni er Barack Obama með tuttugu prósenta fylgi. Þar á eftir kemur svo John Edwards með tíu prósenta fylgi.

Línurnar eru engan veginn jafn skýrar hjá repúblikönum og nánast ómögulegt að spá fyrir um hverjir þeirra frambjóðenda eru sigurstranglegastir. Meira en fimmti hver repúblikani, sem spurður var, vildi ekki styðja neinn þeirra.

HILLARY RODHAM CLINTON Enn er meira en ár í forsetakosningar í Bandaríkjunum, en sem stendur virðist hún hafa mestan stuðning meðal flokksmanna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í innsta kjarna Repúblikanaflokksins mátti þó greina að þeir Rudy Giuliani, Fred Thompson og John McCain virtust skipta á milli sín fylginu, og þegar spurður var sá þriðjungur repúblikana sem sagðist andvígur stefnu George W. Bush forseta, kom í ljós að nöfn þeirra þriggja skutu einnig oftast upp kollinum.

„Fólk hefur ekki komið sér saman um neinn sérstakan frambjóðanda, og ekki einu sinni um einn eða tvo frambjóðendur, sem er ástæða þess að allt getur enn gerst og sigurinn ræðst af atburðum sem enn hafa ekki átt sér stað," sagði Whit Ayres, repúblikani sem ekki tengist neinum frambjóðendanna. - gb

Umhverfisráðherra:

Ráðherrahópur um loftslagsmál

UMHVERFISMÁL Starfshópur ráðherra um loftslagsmál verður settur á fót samkvæmt tillögu Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra. Starfshópurinn hefur það hlutverk að móta samningsmarkmið Íslands í væntanlegum viðræðum um samkomulag um loftslagsmál eftir árið 2012.

Umhverfisráðherra mun leiða hópinn en hann mynda Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. - lbb

Dúman samþykkir Subkov:

Pútín segir fimm geta orðið forseta

RÚSSLAND, AP Dúman, neðri deild rússneska þingsins, samþykkti eins og við var búist í gær að Viktor Subkov taki við forsætisráðherraembættinu að tillögu Vladimírs Pútín forsætisráðherra.

VIKTOR SUBKOV

Pútín sagði í gær að Subkov væri einn fimm manna, sem ættu raunhæfan möguleika á að ná kjöri í forsetakosningum á næsta ári, þegar seinna kjörtímabil Pútíns rennur út.

Pútín hefur ekki útilokað að bjóða sig aftur fram árið 2012, þegar næsti forseti hefur setið í eitt kjörtímabil. - gb

Montreal-bókun um verndun ósonlagsins 20 ára:

Sögð vel heppnuð umhverfisvernd

NÁTTÚRA „Montreal-bókunin er dæmi um vel heppnaða umhverfisvernd," segir Gunnlaug Einarsdóttir, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun. Málþing í tilefni tuttugu ára afmælis Montreal-bókunarinnar um verndun ósonlagsins gegn ósoneyðandi efnum var haldið á Loftleiðum í gær.

Gunnlaug nefnir sem dæmi um árangurinn að rannsóknir sýni að með markvissum aðgerðum til verndar ósonlagsins hafi verið komið í veg fyrir stórkostlega hækkun á tíðni húðkrabbameins á komandi áratugum.

Montreal-bókunin hafi því verið talin árangursríkasti alþjóðasamningur sem gerður hafi verið á sviði umhverfismála og nær öll ríki heims hafi staðfest hana.

Umhverfisráðherra sagði á málþinginu að Íslendingar hefðu minnkað notkun sína á ósoneyðandi efnum um 99 prósent frá því hún var mest 1987. Enn væru þó ósoneyðandi efni nýtt af fiskiskipaflotanum og eitthvað væri af þeim í kælikerfum í landi og í astmalyfjum.

Um framtíðarhorfur sagði hann að ef staðið yrði við allar skuldbindingar og engin ný efni kæmu á markað væri talið að ósonlagið gæti eftir 65-70 ár verið orðið jafn þétt og það var árið 1980. - eb

ÁRANGUR SMÁRÍKJA Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Kristín Ingólfsdóttir, rektur HÍ, og Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður í greiningardeild Landsbankans, fluttu opnunarávörp á vel sóttri ráðstefnunni í hátíðarsal HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lítil ríki með forystu í hnattvæddri Evrópu

Í ávarpi á ráðstefnu um smáríki sagði Ólafur Ragnar Grímsson forseti að úrval lítilla ríkja leiddi hagvaxtarþróun í Evrópu á tímum hnattvæðingar. Sérfræðingar segja teikn á lofti um írska efnahagsundrið.

EFNAHAGSMÁL Fjallað var um „uppsprettu auðæfa í smáríkjum" á ráðstefnu á vegum Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands í gær. Í setningarávarpi sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem sjálfur er fyrrverandi stjórnmálafræðiprófessor, að fáa hefði grunað fyrir 15-20 árum að þau lönd sem ættu eftir að leiða hagvaxtarþróun í Evrópu á þessu tímabili yrðu „úrval lítilla ríkja" - frá Íslandi til Írlands, Eistlands, Slóveníu, Slóvakíu og Lúxemborgar - en ekki stóru ríkin í álfunni.

Þrjú þessara „sigursagna hinnar nýju Evrópu" eins og forsetinn orðaði það, voru sérstaklega til umfjöllunar á ráðstefnunni, það er Írland, Ísland og Lúxemborg.

Í fyrstu málstofunni beindu þrír þekktir Írar sjónum að „keltneska tígrinum", að írska efnahagsundrinu sem á síðustu fimmtán árum hefur skilað Írlandi úr stöðu efnahagsskussa upp í toppsæti alþjóðlegra lífskjaramælinga.

Alan Dukes, forstöðumaður Evrópumálastofnunarinnar í Dyflinni (IIEA), sem fyrr á ferli sínum hefur gegnt ýmsum ráðherraembættum í Írlandsstjórn, þar á meðal stöðu fjármálaráðherra, rak sögu þess hvernig Írland þróaðist úr verndarstefnu-jaðarhagkerfi byggðu á landbúnaði – sem það var enn fyrir 40-50 árum – í það lágskatta-hátækniútflutningshagkerfi sem það er í dag. Lýsti hann hættumerkjum – svo sem fasteignabólu, vaxandi verðbólgu, viðskipta- og nýafturtilkomnum fjárlagahalla – sem bentu til að hið mikla hagvaxtarskeið síðustu ára gæti endað í „harðri lendingu".

ÁRANGUR SMÁRÍKJA Ólafur Ragnar Grímsson forseti vakti athygli á að mesti hagvöxtur í Evrópu hefði á tímum hnattvæðingarinnar orðið í minni ríkjum álfunnar.

Frank Barry, hagfræðiprófessor við Trinity College í Dyflinni, lýsti leið írsks hagkerfis til alþjóðavæðingar og því hve umbætur í menntakerfinu léku mikið lykilhlutverk í því ferli.

Hann sagði jafnframt að raunhæfasta leiðin til að draga úr þeim ójöfnuði, sem fylgt hefur breytingunum á írsku hagkerfi, væri að laga þær brotalamir sem enn væru á menntakerfinu.

Peadar Kirby, stjórnmálafræðiprófessor við Limerick-háskóla, beindi í sínu erindi sjónum að félagslegum afleiðingum breytinganna á írsku hagkerfi og samfélagi frá því byrjað var að lokka erlenda fjárfesta til landsins í stórum stíl. Gagnrýndi hann meint stefnu- og aðgerðaleysi stjórnvalda við þeim neikvæðu félagslegu afleiðingum sem vaxandi ójöfnuður í landinu hefur í för með sér.

Í öðrum málstofum á ráðstefnunni var fjallað um reynslu Íslands, Írlands og Lúxemborgar af því að gegna hlutverki fjármálaþjónustumiðstöðva og um „sköpunargleði í útrás". audunn@frettabladid.is

FRAMHALDS-SNYRTISKÓLINN

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 25. SEPTEMBER OG 27. SEPTEMBER.

Sjálfstyrking Framkoma Líkamsburður Innsýn í fyrirsætustörf Förðun Umhirða húðar og hárs Myndataka (10 s/h myndir) Tískusýningarganga Fyrirsæta kemur í heimsókn Fíkniefnafræðsla Myndbandsupptökur Leikræn tjáning Næringarráðgjöf

Umsjónarkennarar námskeiðsins eru Stefanía Benónísdóttir fyrirsæta og Andrea Brabin framkvæmdarstjóri Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, Eskimo tösku, Maybelline mascara, viðurkenningarskjal og 10 s/h myndir. Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu í Smáralind. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.
EMM School of Make-Up sér um förðun.

Skráning er hafin í síma 533 4646 og á www.eskimo.is.
Skráning er einnig hafin á stig 2: Námskeið í auglýsinga- og kvikmyndaleik.

ATH: Bæði fyrir stráka og stelpur.

Verð 17.900 kr.

Ameríkskir dagar

í Hagkaupum

Nýtt í Hagkaupum

Del Monte ávextir í hlaupi
– frábær desert.

Ben and Jerrys
- ekta amerísk ísblanda.

New Orleans BBQ svínarif
– elduð svínarif með BBQ sósu.

Famous Dave's BBQ
Famous Dave's, alvöru amerískar BBQ sósur. Famous Dave's BBQ sósurnar koma úr smiðju samnefndrar veitingahúsakeðju sem teygir anga sína um Ameríku. Dave Anderson eigandi og stofnandi Famous Dave's eyddi 25 árum í það að búa til þessa frábæru grillsósu og afraksturinn kemur þér verulega á óvart. Þessar verðurðu að prófa! Heimasíða www.famousdaves.com

Nestle Pretzel Flipz
- súkkulaðihúðaðar saltkringlur

McCain pizzur
– osta- og pepperoni pizzur

McCain súkkulaðikaka
– syndsamlega góð

Smuckers íssósur
– í miklu úrvali

Chicago Town örbylgjupizzur
– tilbúnar beint í örbylgjuofninn

Beef Jerky
– þurrkað nautakjöt, gott úrval

Gildir til 23. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BÆNASTUND Í JERÚSALEM Púsundir Palestínumanna mættu til bænastundar á fyrsta föstudegi ramadan, hins helga mánaðar múslima, við moskuna helgu í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kópavogsbær skilar íbúðarlóðum í Rjúpnahæð ekki í tæka tíð og gefur afslátt af lóðarverði:

Möstur tefja afhendingu lóða í Kópavogi

SKIPULAGSMÁL Handhafar 120 íbúðarhúsalóða í vestanverðri Rjúpnahæð munu fá afslátt vegna tafa á afhendingu lóðanna af hálfu Kópavogsbæjar.

„Flutningur á núverandi starfsemi af svæðinu, fjarskiptamiðstöðvum fyrir flug- og skipasamgöngur, hefur af öryggisástæðum og öðrum orsökum reynst tímafrekari en áætlað var sem hefur það í för með sér að afhending á svæðinu til Kópavogsbæjar hefur að sama skapi dregist," útskýrir Þór Jónsson, forstöðumaður almannatengsla hjá Kópavogsbæ.

„Upphaflega stóð til að afhenda lóðirnar núna í haust og fram að áramótum," segir Þór. Hann kveður stefnt að því að lóðirnar verði allar byggingarhæfar næsta vor þótt sumar verði væntanlega tilbúnar fyrr og afhendingu hraðað eins og kostur sé.

RJÚPNAHÆÐ Lóðirnar sem átti að afhenda í haust verða ekki tilbúnar fyrr en í vor. Tafist hefur að flytja fjarskiptamöstur af svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Að sögn Þórs hefur Kópavogsbær þegar tilkynnt lóðarhöfunum að þeim verði bættar upp tafirnar, meðal annars með niðurfellingu fasteignagjalda. „Vegna tafa getur niðurfellingin numið öllum fasteignagjöldum fyrir árin 2007 til 2008," segir hann.

Eftir að lóðaútlutuninni í vestanverðri Rjúpnahæð var lokið í fyrra fól bæjarráðið skipulagsstjóra bæjarins að vinna að stofnun einnar nýrrar lóðar utan við endalóð eina í götunni Austurkór. Var þetta gert að beiðni fjárfestisins Þorsteins Vilhelmssonar sem sótt hafði um endalóð en ekki haft heppnina með sér þegar dregið var milli umsækjenda. Þótt liðnir séu tæplega níu mánuðir bólar ekkert á þessari viðbótarlóð. „Í ljósi tafa á afhendingu svæðisins til Kópavogsbæjar vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna er ástæðulaust að ljúka við skipulag umræddrar lóðar í flýti," segir Þór Jónsson. - gar

DÓMSMÁL

Framvísaði hassi

Karlmaður var ákærður í Héraðsdómi Norðurlands vestra í gær. Hann er grunaður um fíkniefnalagabrot með því að hafa haft í fórum sínum 46,5 grömm af hassi. Hann framvísaði fíkniefnunum þegar lögreglan hugðist gera á honum líkamsleit.

ÖKUTÆKI

Fyrsta gæðavottunin

Bifreiðaverkstæðið Bílson í Ármúla hlaut í gær gæðavottun Bílgreinasambandsins, fyrst verkstæða á landinu. Vottunin er kölluð „BGS vottuð þjónusta" og er auðkennd með sérstöku merki.

Vinnuhópur skipaður í heilbrigðisráðuneytinu:

Sjúkraflutningar í endurskoðun

HEILBRIGÐISMÁL Skipaður hefur verið vinnuhópur í heilbrigðisráðuneytinu, sem gera á tillögur um endurskipulagningu sjúkraflutninga í landinu.

Sérstaklega verður skoðuð mönnun og rekstur sjúkraflutninga á landinu öllu og áliti skilað um menntun og þjálfun sjúkraflutningsmanna.

Vinnuhópurinn hefur tvo mánuði til starfans og formaður hópsins er Magnús Skúlason frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Sjúkraflutningar hafa komist í hámæli nýverið vegna mönnunar í björgunarþyrlum Landhelgisgæslu, en eitt stöðugildi læknis sinnir þar tveimur vöktum.

- kóþ

Ferðamenn öruggir í miðborginni

Tæplega 90 prósent erlendra ferðamanna telja Reykjavík vera örugga borg. Reynsla erlendra ferðamanna af Reykjavík veturinn 2006 til 2007 var mjög jákvæð.

FERÐAMENN „Mér fannst athyglisvert að yfirgnæfandi meirihluti erlendra ferðamanna, eða 89 prósent, telur Reykjavík vera örugga borg," segir Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Þetta kemur fram í greinargerð sem byggir á niðurstöðum könnunar Rannsókna og ráðgjafar ferðaþjónustunnar sem gerð var fyrir Höfuðborgarstofu meðal erlendra brottfararfarþega í Leifsstöð veturinn 2006 til 2007.

Svanhildur bendir á að þegar þetta svar sé skoðað nánar komi í ljós að 94 prósent þeirra sem fóru út að skemmta sér í miðborginni telja hana örugga á meðan 87 prósent þeirra sem ekki voru á ferli að kvöldi eða næturlagi telja hana örugga. „Mér finnst þetta styðja frekar þá skoðun að þeir sem þekkja miðborgina upplifa hana ekki eins ógnandi og hinir sem þekkja hana ekki. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr því viðfangsefni sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg og fleiri aðilar standa núna frammi fyrir. Það má stórkostlega bæta umgengni okkar um höfuðborgina og hegðun okkar undir þessum kringumstæðum."

Könnunin leiðir í ljós að reynsla fólks af Reykjavík er mjög jákvæð. Yfirgnæfandi meirihluti hefur jákvæða reynslu af Reykjavík og um 91 prósent kvað hana frábæra eða góða. Af þeim sem svöruðu sögðust 95 prósent myndu mæla með Reykjavík en fimm prósent myndu ekki mæla með henni. Ein helsta ástæða þeirra sem mæla ekki með Reykjavík er hátt verðlag og aðrir svöruðu því til að Reykjavík væri óspennandi borg.

SVANHILDUR KONRÁÐSDÓTTIR Svanhildur segir að ráðist verði í átak í umhverfis- og menningarmerkingum um Reykjavíkurborg.

Svanhildur segir niðurstöðurnar mjög jákvæðar og í sama anda og niðurstöður síðustu ára. „Þessar niðurstöður hvetja okkur til dáða. Það er ljóst að erlendir ferðamenn kalla eftir betri merkingum um Reykjavík, bæði gangandi vegfarendur og þeir sem aka um. Við munum taka það upp í starfsáætlun næsta árs að gera átak í að bæta merkingar."

Svanhildur segir hlutfall þeirra sem nýta sér strætisvagnaþjónustu megi hækka. „Það er klárt mál að það má kynna strætisvagnakerfið betur og gera það aðgengilegra. Við teljum það mjög til bóta að stoppistöðvar séu komnar með nöfn. Það er aðgerð sem við höfum lengi talað um fyrir," segir Svanhildur.

Könnunin er hefur verið gerð tvisvar á ári meðal sumar- og vetrargesta um nokkurra ára skeið.

larab@frettabladid.is

ERLENDIR FERÐAMENN Í REYKJAVÍK VETURINN 2006-2007 - HLUTI AF NIÐURSTÖÐUM

Reynslan af Reykjavík:	
Frábær	45 prósent
Góð	46 prósent
Sæmileg	8 prósent
Slæm	1 prósent
Mæla með Reykjavík við aðra:	
Já	95 prósent
Nei	5 prósent
Hvað er gert í Reykjavík:	
Veitingahús	76 prósent
Sund/heilsuböð	69 prósent
Verslað	51 prósent
Dagsferðir frá Rvk	40 prósent
Næturlífið	35 prósent
Safn/sýning	32 prósent
Heilsurækt	15 prósent
Ferð um Rvk	15 prósent
Listviðburður	14 prósent
Strætó	13 prósent
Einkunn merkinga	
Fyrir akandi:	
Mjög góðar	20 prósent
Fremur góðar	43 prósent
Sæmilegar	25 prósent
Slæmar	12 prósent
Fyrir gangandi:	
Mjög góðar	17 prósent
Fremur góðar	41 prósent
Sæmilegar	29 prósent
Slæmar	13 prósent

Auglýsing vegna aukningar stofnfjár

Útboðinu lýkur 17. september 2007 kl. 16.00.

Ákveðið hefur verið að auka stofnfé um **kr. 2.971.234.536** með útboði þar sem stofnfjáreigendum verður boðið að skrá sig fyrir nýju stofnfé sbr. samþykktir sparisjóðsins þar að lútandi. Heildarnafnverð nýs stofnfjár í útboðinu er **kr. 1.565.854.263** og er verð hvers stofnfjárhlutar **kr. 1,89751665.** Útboðið sem nú fer í hönd er forsenda þess að hægt sé að ná skiptihlutföllum sem gert er ráð fyrir í fyrirhuguðum samruna við Sparisjóð Kópavogs, en samrunaáætlun var undirrituð af stjórnum sjóðanna 27. júní síðastliðinn.

Í dag hafa allir stofnfjárhlutir í BYR - sparisjóði verið skráðir rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Svo mun einnig verða um nýtt stofnfé sem gefið verður út í tengslum við aukningu þessa.

Útboðslýsingu vegna stofnfjáraukningarinnar er að finna á heimasíðu BYRS - sparisjóðs **www.byr.is.** Jafnframt má nálgast lýsinguna í útibúum BYRS - sparisjóðs. Þjónustuver veitir upplýsingar um útboðið í síma **575 4000.**

Áskriftartímabil stendur yfir frá og með **3. september, til og með 17. september næstkomandi**. Eindagi áskrifta er **24. september 2007.**

Reykjavík, 31. ágúst 2007

BYR SPARISJÓÐUR

ENNEMM NM29630 / sia.is

TRYGGÐU LÍFSGÆÐIN

HAGSTÆÐ ÖRORKUVERND FYRIR UNGA FÓLKIÐ

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður þeim sem eru á aldrinum 18-44 ára og eru með séreignarsparnað hjá sjóðnum sérstaka örorkuvernd í samvinnu við Vátryggingafélag Íslands hf.

Örorkuverndin er sniðin að þörfum ungs fólks sem er að hefja störf á vinnumarkaði en hentar einnig þeim sem vilja auka vernd sína komi til varanlegs heilsubrests og þeim er hverfa tímabundið af vinnumarkaði t.d. vegna náms.

Vátryggingarfjárhæðin er 25 milljónir króna fyrir 18-24 ára en lækkar síðan með hækkandi aldri og fellur aðild að vátryggingunni niður eftir að 45 ára aldri er náð.

Ef þú ert á fyrstu árum starfsferils þíns skaltu taka SÉREIGNARSPARNAÐ MEÐ ÖRORKUVERND hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum með í reikninginn.

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími 510 5000 • lifeyrir.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
7.772 **-1,49%**

Fjöldi viðskipta: 452
Velta: 6.138 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
CENTURY ALUMIN.	1,20%	FL GROUP	2,99%
365	0,81%	FØROYA BANKI	2,66%
ÖSSUR	0,40%	EXISTA	2,44%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,90 -0,80% ... Bakkavör 62,60 -1,42% ... Eimskipafélagið 39,65 +0,00% ... Exista 29,95 -2,44% ... FL Group 24,30 -2,99% ... Glitnir 27,60 -0,90% ... Icelandair 26,20 +0,00% ... Kaupþing 1.070 -1,84% ... Landsbankinn 39,70 -0,75% ... ... Straumur-Burðarás 19,05 -1,30% ... Össur 100,00 +0,40% ... Teymi 6,11 -0,81%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Tígrisdýr hvað?
Írland hefur verið nefnt „Keltneski tígurinn" vegna uppgangs og viðsnúnings í efnahagslífinu síðan á tíunda áratug síðustu aldar. Brendan Walsh, heiðursprófessor við University College Dublin, benti hins vegar á, í erindi sínu á málþingi Rannsóknaseturs um smáríki í gær, að þetta væri náttúrlega mikið misnefni. „Á Írlandi hafa aldrei verið nein tígrisdýr, ekki nema í dýragörðum," sagði hann. Að sama skapi er það væntanlega rangnefni þegar Ísland er kallað „norræni tígurinn". Hér er ekki einu sinni almennilegur dýragarður og hulið þoku gleymskunnar hvort einhvern tímann hafi verið tígrisdýr í Sædýrasafninu í Hafnarfirði, þótt þar hafi vissulega verið ljón.

Bankar eins og gorkúlur
Uppgangur íslenska fjármálageirans hefur verið gífurlegur síðustu ár. Ekki þarf alltaf mikið til að æra óstöðugan og er til marks um það ruglingur í peningaskáp fimmtudagsins þegar höfundur, sem sér til varnar kveður „banka hér spretta upp eins og gorkúlur", ritaði nafn Aska Capital þar sem standa átti Saga Capital. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri og stærsti eigandi Sögu Capital hefur aldrei unnið hjá Öskum. Höfundur syndgaði þó ekki nema til hálfs því rétt var farið með nafn bankans í niðurlagi greinarkornsins.

MARKAÐSPUNKTAR

Kínverski seðlabankinn hækkaði í gær stýrivexti um 27 punkta til að draga úr verðbólgu. Verðbólga mælist 6,5 prósent og hefur ekki verið hærri í ellefu ár. Snörp verðhækkun á svínakjöti leiðir til mikillar hækkunar á matvælaverði í Kína.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum telur félagið ekki uppfylla skilyrði um fjölda hluthafa og dreifða eignaraðild og hefur farið þess á leit við Kauphöllina að hlutabréf félagsins verði tekin af markaði.

Icelandic Group hefur undirritað viljayfirlýsingu um sölu á 81 prósents hlut sínum í Icelandic Holding Germany GmbH, móðurfélagi Pickenpack í Þýskalandi og Frakklandi. Kaupandi er Finnbogi A. Baldvinsson, framkvæmdastjóri Icelandic Europe.

Frumherji til Noregs

Systurfélag Frumherja hf., Frumherji Invest, hefur eignast 85 prósenta hlut í Viking Redningstjeneste AS í Noregi. Félagið sinnir einkum bílaþjónustu og aðstoð á vegum úti að beiðni tryggingarfélaga, bílaumboða eða bíleigenda.

Viking Redningstjeneste er rúmlega tvisvar sinnum stærra en Frumherji þegar miðað er við ársveltu. Velta Frumherja í fyrra nam um einum milljarði króna á meðan ársvelta Vikings nam sem jafngildir tveimur og hálfum milljarði. Félagið verður rekið áfram undir eigin nafni. Hugsanlega verður starfsemi félaganna þó tengd saman að einhverju leyti þegar fram líða stundir.

Orri Vignir Hlöðversson, framkvæmdastjóri Frumherja, segir félagið mjög vel rekið, enda hafi áhersla verið lögð á að fá lykilstjórnendur félagsins með í kaupin. Samtals keyptu þrír þeirra fimmtán prósenta hlut í félaginu.

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSON, Frumherji Invest hefur keypt 85 prósenta hluta í Viking Redningstjeneste.

FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL.

Kaupin á Viking eru fyrsta skrefið í útrás Frumherja og fyrsta fjárfesting þess af þessari stærðargráðu. „Þetta er stefnumótandi skref fyrir félagið," segir Orri sem útilokar ekki frekari fjárfestingar. „Það er ekkert ákveðið í þeim efnum. En við höfum augun alltaf opin fyrir góðum tækifærum." **- hhs**

Velsæld fyrri ára var á sandi byggð

Fjármagn til útrásar íslenskra fyrirtækja á rætur sínar í setningu kvótakerfisins, einkavæðingu ríkisfyrirtækja og öflugu lífeyrissjóðakerfi, bendir Hannes Hólmsteinn Gissurarson á í erindi sem hann hélt í gær á ráðstefnu um uppsprettu auðæfa í smáríkjum. Fyrir ráðstefnunni stóð Rannsóknasetur um smáríki og fór hún fram í hátíðasal Háskóla Íslands.

Hannes segir velsæld þjóðarinnar á árunum 1940 til 1991 hafa í raun verið byggða á sandi því hún hafi að sumu leyti hvílt á stríðsgróða, bæði vegna seinna stríðs og kalda stríðsins í kjölfarið og svo á rányrkju á Íslandsmiðum sem meðal annars hafi þurrkað upp síldarstofninn hér við land.

HANNES H. GISSURARSON

Hannes segir efnahagsumbætur síðustu ára hafa miklu skilað og bendir á hvernig skatttekjur ríkisins hafi aukist þrátt fyrir miklar skattalækkanir. „Íslenska efnahagsundrið getur haldið áfram, ef haldið verður áfram að lækka skatta," segir hann og leggur til að skattar á fyrirtæki fari í 10 prósent „til þess að slá við 12,5 prósenta fyrirtækjaskatti Íra", og skattar á einstaklinga fari niður í þrjátíu prósent eftir skattleysismörk. **- óká**

Primera inn á Írlandsmarkað

Primera Travel Group, móðurfélag Heimsferða, hefur keypt Budget Travel, stærstu ferðaskrifstofu Írlands. Eftir kaupin mun ársvelta samstæðunnar nema 650 milljónum evra og yfir milljón farþegar fljúga með félögum hennar.

Kaup Primera Travel Group á Budget Travel í Írlandi eru fyrsta skref félagsins út fyrir Norðurlönd en ekki endilega það síðasta, að sögn Andra Más Ingólfssonar, forstjóra Primera Travel Group. Primera er móðurfélag Heimsferða og Terra Nova hér á landi auk félaga í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og tveggja félaga í Finnlandi. „Við erum afskaplega montin af þessum kaupum," segir Andri. „Þetta er stærsta ferðaskrifstofa Írlands og hefur verið það til margra ára. Þetta gefur okkur meiri slagkraft á þeim mörkuðum sem við höfum verið að vinna á."

Með kaupunum á Travel Group fer farþegafjöldi Primera Travel Group yfir milljón farþega á ári og ársveltan yfir 650 milljónir evra. Félagið, sem var stofnað árið 1975, hefur um þriðjungs hlutdeild af Írlandsmarkaði. Meira en þrjú hundruð þúsund farþegar ferðast með félaginu árlega en félagið á og rekur 32 ferðaskrifstofur um allt Írland.

Andri segir markaði Írlands og Íslands fara vel saman. „Það er greinilegt að við erum að mörgu leyti lík frændum okkar Írum. Við erum með sömu áfangastaði og svipuð hótel, svo keðjan fellur vel að því sem önnur fyrirtæki innan samstæðunnar eru að gera."

Íslendingar munu að sögn Andra njóta góðs af kaupunum. „Þeir njóta nú þegar góðs af vexti keðjunnar með betri kjörum, nýjum áfangastöðum og betri hótelum en þeim hefur staðið til boða áður. Það tengist því að við höfum nú aðgang að mun betri samningum, stærðar okkar vegna. Í framhaldi af kaupunum á Budget Travel munu fleiri áfangastaðir bætast í hópinn fyrir Íslendinga." Hann er þó ekki tilbúinn að segja hvaða áfangastaði um ræðir. „Við höfum haft þann háttinn á að segja frá hlutunum þegar þeir verða, ekki fyrr."

holmfridur@frettabladid.is

ANDRI MÁR INGÓLFSSON Segir Budget Travel falla vel að rekstri annarra félaga innan samstæðunnar.

Óvissa á hlutabréfamarkaði

Fjárfestar óttast að afkoma fjármálafyrirtækja versni á þriðja ársfjórðungi.

Gengi hlutabréfa í fjármálafyrirtækjum lækkaði víða um heim í gær eftir að Northern Rock, eitt stærsta fasteignalánafyrirtæki Bretlands, greindi frá því að það hefði sótt sér lánsfé til Englandsbanka, seðlabanka landsins vegna yfirvofandi lausafjárskorts. Gengi félagsins hrundi um rúm þrjátíu prósent á markaði í gær og dró fjármálafyrirtæki víða um Evrópu með sér í fallinu, þar á meðal hér á landi.

Kristján Bragason, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, segir fjármálamarkaðinn afar viðkvæman þessa dagana og þurfi lítið til að hreyfa við honum. „Menn fengu visst áfall við fréttirnar (af Northern Rock)," segir hann og bendir á að fyrirtækið standi nokkuð berskjaldað gagnvart hræringum á fasteignamarkaði þar sem það hafi lánað án öruggra veða.

Þá hafi fjárfestar áhyggjur af uppgjöri fjármálafyrirtækja á þriðja ársfjórðungi. En óljóst sé hvaða fyrirtæki það séu, að sögn Kristjáns. „Svo óttast menn að afkoma fjármálafyrirtækja muni versna á fleiri sviðum vegna óbeinna áhrifa af fjármálakreppunni undanfarið," segir hann. **- jab**

KRISTJÁN BRAGASON Sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans segir fjárfesta óttast að niðusveifla á hlutabréfamörkuðum muni leiða til verri afkomu fjármálafyrirtækja á fjórðungnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Loftleiðir í Papúa Nýju-Gíneu

Ríkisflugfélagið Air Niugini í Papúa Nýju-Gíneu tekur á leigu til eins árs Boeing 757-200 þotu af Loftleiðum Icelandic, dótturfélagi Icelandair Group. Andvirði samningsins er að lágmarki um 850 milljónir króna, að því er fram kemur í tilkynningu Loftleiða.

Þotan verður í höfuðborginni Port Moresby næsta árið og mönnuð íslenskum flugmönnum. „Vélin verður meðal annars í áætlunarflugi til Nadí á Fíjíeyjum en þar er nýjasti áfangastaður Air Niugini. Stefna félagsins miðar að því að kynna Port Moresby sem tengivöll fyrir Asíuáfangastaði sína við Fíji, Salómonseyjar og aðrar Kyrrahafseyjar í grennd við Papúa Nýju-Gíneu," segir í tilkynningu.

Jón Karl Ólafsson, fostjóri Icelandair Group, segir samninginn ánægjulegan og í samræmi við stefnu félagsins um útrás í alþjóðlegu leiguflugi. **- óká**

Egill Árnason hf

SÍÐASTI DAGUR
STÓRÚTSÖLUNNAR

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 I Baldursnesi 6 603 Akureyri Sími: 595 0590 www.egillarnason.is
Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað kemur í staðinn fyrir þorsk?

Þróun eða frysting

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Oftar en ekki snúast umræður um ráðstöfun peninga úr ríkissjóði um hagsmunatog af ýmsu tagi. Hitt er sjaldgæfara að slíkar deilur snúist um hugmyndafræði eða ólík pólitísk grundvallarviðhorf.

Hvað sem öðru líður hafa deilurnar um svokallaðar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar varpað ljósi á ólíka hugmyndaheima stjórnarflokkanna annars vegar og stjórnarandstöðuflokkanna hins vegar. Að því leyti eru þær réttlæting fyrir þeirri nýju pólitísku línu sem dregin var með myndun ríkisstjórnarinnar í vor sem leið, hvorum megin sem menn síðan skipa sér við hana.

Þegar þorskniðurskurðurinn var ákveðinn boðaði sjávarútvegsráðherra þá þegar mótvægisaðgerðir. Hann tók hins vegar skýrt fram að ekkert kæmi í staðinn fyrir þorskinn. Með því hefur hann ugglaust vísað til þess sem nú er komið á daginn, að stjórnvöld gerðu best í því að hjálpa til við að auka fjölbreytni í atvinnulífi landsbyggðarinnar.

Fáum hefur sennilega verið betur ljóst en sjávarútvegsráðherranum að jafnvel með óbreyttum þorskafla hefði áframhaldandi tækniváðing óhjákvæmilega fækkað störfum í atvinnugreininni á komandi árum. Allar stjórnvaldstilraunir til að koma í veg fyrir þá þróun geta aðeins veikt samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Afleiðingin yrði í því falli fólksflótti úr sjávarbyggðunum vegna lágra launa fremur en fárra þorska.

Viðgangur atvinnulífs í þéttbýlinu við Faxaflóa á rætur í fjölbreytni. Möguleikar landsbyggðarinnar til viðspyrnu og viðreisnar eru líka fólgnir í fjölbreytni. Þess vegna er það fullkomlega rökrétt að uppistaðan í viðbragðsaðgerðum ríkisstjórnarinnar við þorskniðurskurðinum felist í styrkingu innviða eins og samgöngum, hátækniaðgangi, menntun og rannsóknum.

Engar ráðstafanir af þessi tagi verða þó gerðar án þess að á þeim megi finna höggstað. Það er hlutverk stjórnarandstöðunnar að finna hann. Einn kostur í því efni hefði verið sá að viðurkenna hugmyndafræðina sem að baki býr en deila þess í stað á umfangið og skiptinguna. Auðvelt er til að mynda að færa rök fyrir því að meira fjármagn í menntun og rannsóknir yrði áhrifaríkt.

Þetta gerði stjórnarandstaðan ekki. Formaður Framsóknarflokksins hefur talað skýrast af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hann hefði kosið að fjármunum yrði varið úr ríkissjóði til þess að viðhalda óbreyttum fjölda starfa í sjávarútvegi þar til þorskafli eykst á ný. Sveitarsjóðum hefði átt að tryggja óbreyttar tekjur eins og þorskaflinn hefði ekki minnkað.

Gömul og slæm reynsla er af styrkjastefnu af þessu tagi. Það verður heldur ekki bæði sleppt og haldið. Ríkissjóður ræður ekki við að fara báðar leiðirnar. Aðgerðir af þessu tagi geta ekki leitt til annars en stöðnunar. Líklegast er að þær leiði til meiri hnignunar þegar til lengri tíma er litið.

Vandinn við aðferðafræði ríkisstjórnarinnar er á hinn veginn helst sá að ógerlegt er að leggja á borðið tryggingar eða sannanir fyrir því að upp úr þeim jarðvegi spretti nýr fjölbreyttur gróður. En hitt er ljóst að án þess að plægja jarðveginn eins og að er stefnt er engin von til þess að vísir að nýju brumi sjái dagsins ljós.

Hér er tekist á um tvo ólíka kosti: Annar felur í sér von um þróun. Hinn býður upp á að frysta óbreytt ástand. Frysting er góð geymsluaðferð en slæmur kostur fyrir byggðir sem vilja sækja fram og þurfa grósku.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FLOTTIR NUDDPOTTAR TIL SÖLU
frá kr. 349.645 til kr. 517.662

Einnig baðkör sauna og sturtur.
Flytjum líka inn loftefni og hurðar.

Ice-Innport ehf
Innflutningur og heildsala.
Bolafótur 15 Njarðvík
simi.421-3344/ 8481845.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Eðli nútímaþjóðfélaga

Sagt var frá því fréttum í vikunni að langþreyttur Austfirðingur auglýsti eftir örvhentum veðurfréttamanni, sem stæði þá væntanlega Vestfjarðamegin við veðurkortið og byrgði ekki sýn á Austurland. Uppátækið virðist hafa komið rækilega við kaunin á Berki Gunnarssyni, blaðamanni Viðskiptablaðsins, sem skrifaði í gær: „Þessi dæmalausa frekja um að staðir úti á landi fái sömu athygli og höfuðborgarsvæðið, sömu þjónustu og sömu lífsskilyrði, er svo úrkynjuð og úr öllu samhengi við eðli nútímaþjóðfélaga." Þar hafa Austfirðingar það. Vilji þeir vita hvernig viðrar skulu þeir annaðhvort líta út um gluggann eða flytja suður. Annað er „úrkynjun".

Daglegt líf

Sjónvarpskonurnar Svanhildur Hólm og Inga Lind Karlsdóttir flissuðu af kátínu þegar þær kynntu innslag í Ísland í dag á fimmtudag. „Brot úr daglegu lífi á Grænlandi" var það kallað og fólst í að tvær drukknar grænlenskar konur flugust á. Myndirnar voru látnar tala sínu máli og ekkert lagt út af „fréttinni" fyrir utan athugasemdir í þá veru að „þetta er ekki alltaf blítt". Undir það má taka. Þetta var heldur ömurlegt.

Einn stór brandari?

Fréttir af brottrekstri Randvers Þorlákssonar úr Spaugstofunni hafa vakið sterk viðbrögð, til dæmis verið efnt til undirskriftasöfnunar honum til handa. Félagar hans í Spaugstofunni sýna aftur á móti furðu mikið tómlæti, sem sumum þykir benda til að hér sé á ferð allsherjar brandari. Atburðarásin hafi verið skálduð til að vekja athygli á fyrsta Spaugstofuþætti vetrarins í kvöld. Gott grín ef satt er. Ef ekki hljóta keppinautar RÚV að stökkva á Randver og stefna honum til höfuðs Spaugstofunni, enda er hann bersýnilega maður þjóðarinnar um þessar mundir.

bergsteinn@frettabladid.is

Númer nítján í röðinni

ELLERT B. SCHRAM
Í DAG | Síminn og tíminn

Ég spígspora milli herbergja heima. Held á GSM-símtækinu og hlusta á Elvis Presley syngja Love me tender. Á annarri hverri mínútu er lagið rofið með þýðri röddu símastúlkunnar: í augnablikinu eru allar línur uppteknar, þú ert númer tuttugu og tvö í röðinni. Og ég bíð.

Ég á enn í fórum mínum bréf til pabba, skrifað í sveitinni, þar sem ég var spyrjast fyrir um úrslit í fótboltaleikjum „frá því í vor". Bréfið var skrifað í ágúst. Það fór ekki mikið fyrir fjölmiðlunum eða símtölunum hér á árum áður. Eina blaðið sem kom á bæinn var Vörður, blað sem Sjálfstæðisflokkurinn gaf út og var, að mér skilst, sett saman úr efni sem birst hafði í Morgunblaðinu síðustu vikurnar þar á undan. Pólitískur áróður til að halda sveitavargnum við efnið. Sími var á bænum en hann var einkum til brúks til að hlera samtöl annarra. Fyrir bóndann. Aðrir höfðu ekki aðgang að þessu tæki. Kannski hefur verið útvarp. Ég man það ekki. Að minnsta kosti fékk ég aldrei að hlusta á það. Fólk hafði annað að gera en liggja yfir urginu í útvarpinu.

Hin heilaga þrenning

Nú er öldin önnur. Níutíu og sjö sjónvarpsstöðvar í fjölvarpinu, endalausar útvarpsbylgjur, ókeypis dagblöð inn um hverja lúgu, rauðglóandi tölvur og maður er hvergi óhultur fyrir friðlausum farsímanum.

Nýjasta uppfinningin er þriðja kynslóð farsímans. Við erum komin í beint samband við Jesú, við, allir Júdasarnir og horfumst í augu við frelsarann. Live!! Síðasta kvöldmáltíðin í uppsiglingu og nú er bara að bíða eftir svikunum. Ímyndið ykkur framfarirnar. Ekki einu sinni kirkjan og blessaður biskupinn fá rönd við reist. Allt í nafni hraðans og tækninnar og þægindanna. Hin heilaga þrenning nútímans.

Þú ert númer tuttugu og eitt í röðinni og ég bíð áfram. Heimilissíminn hringir og ég tek upp símann og skelli á. Þú talar ekki í tvo síma í einu, ekki í það minnsta þegar þú ert búinn að bíða í tíu mínútur eftir sambandi í gegnum farsímann, við skiptiborðið hinum megin.

Ég man eftir því þegar Vísir kom eitt blaða út á mánudögum. Fólk þyrptist að okkur blaðsölukrökkunum, þyrsti í fréttir helgarinnar, þriggja daga gamlar fréttir frá því á föstudaginn. Og svo kom sjónvarpið og tók við fréttakeflinu. Fór að vísu í frí á fimmtudögum og lokaði í heilan mánuð á sumrin og sýndi fótboltaleiki í desember sem höfðu verið spilaðir í júlí! Það var ekki að sjá eða heyra að heimurinn kippti sér upp við það.

Ég var stundum sendur upp á Stýrimannastíg til afa og ömmu. Vita hvernig þau höfðu það. Það var enginn sími á því heimili. Það var ekki að sjá eða heyra að heimurinn færi fram hjá þeim fyrir þá sök. Afi varð níutíu og sex ára, þannig að ekki missti hann af lífinu, þótt hann missti af fréttunum. Eða símanum.

Hvað sá ég í ensku blaði um daginn? Forsíðufrétt með mynd af frægri leikkonu að stíga út úr bifreið og það sást í innanvert lærið. Hún var með appelsínuhúð, sagði blaðið. Hún er plat. Hún er eins og við hin!!

Það er aldeilis munur að vita þetta.

Með hraða ljóssins

Þú ert númer tuttugu í röðinni, sagði fallega röddin í símanum og ég reytti hár mitt. Tuttugu og fimm mínútur og ekkert svar, hvað er eiginlega að hjá þessum fíflum? Voru þeir ekki búnir að einkavæða Símann, fjölmiðlafyrirtækin, bankana og öll hin þjónustufyrirtækin, í þágu samkeppninnar og bættrar þjónustu? Átti ekki allt að gerast með hraða ljóssins? Til hvers var öll þessi einkavæðing, tækni og tól, nema til þess að gera okkur lífið léttara og færa okkur upplýsingar og fréttir og þjónustu á undan öllum hinum?

Þú ert númer nítján í röðinni, sagði tölvuröddin og nú var komið nýtt lag, gott ef það var ekki Garden party með Messaforte. Klassísk dinnermúsik, sálfræðilega útspekúleruð fyrir okkur öll þessi rúmlega tuttugu sem biðum á línunni.

Ég ákvað að þrauka og það tók návæmlega þrjátíu og tvær mínútur að fá loksins alvöru röddu í símann: góðan daginn, þetta er í þjónustuverinu, hvað get ég gert fyrir þig?

Ég er að reyna að ná tali af þjónustufulltrúanum Heiðrúnu.

Því miður Heiðrún er í fríi í dag. Hún verður við á morgun. Takk fyrir að hringja í þjónustuverið.

Sátt um náttúruvernd

UMRÆÐAN
Umhverfismál

ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Um langt árabil höfum við Íslendingar deilt harkalega um náttúruvernd og nýtingu orkuauðlinda. Í þeim deilum hafa menn gjarnan skipað sér í fylkingar og haldið því fram að tekist sé á um ósamrýmanleg sjónarmið. Annaðhvort aðhyllist landsmenn virkjun náttúruauðlinda til áframhaldandi hagvaxtar, eða náttúruvernd og þar með efnahagslega stöðnun. Þessi afstaða er bæði fjarri öllum veruleika og ólíkleg til árangurs. Það er verkefni stjórnvalda að finna bestu leiðir til þess að nýta náttúru okkar og auðlindir á þann hátt að komandi kynslóðir geti einnig bæði notið þeirra og nýtt þær. Þetta er eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Ný verkefnastjórn

Í vikunni hófst ríkisstjórnin handa við þetta verk. Þá fór fram fyrsti fundur nýrrar verkefnastjórnar sem undirbýr gerð rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Markmið rammaáætlunarinnar er að skapa faglegar forsendur fyrir ákvarðanir um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Formaður stjórnarinnar er Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, skipuð í sameiningu af umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra. Í stjórnina hafa einnig verið skipaðir valinkunnir vísindamenn og fulltrúar hagsmunasamtaka, svo sem ferðaþjónustunnar, orkufyrirtækja og umhverfisverndarsamtaka.

Starfi ljúki 2009

Lýðræðisleg vinnubrögð verða höfð að leiðarljósi í starfi stjórnarinnar og hún mun hafa víðtækt samráð við almenning og alla hagsmunaaðila á starfstíma sínum, m.a. með kynningarfundum og uppsetningu sérstakrar vefsíðu til upplýsingar um framgang verksins. Stjórnin skal síðan skila skýrslu til umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra með heildarmati og flokkun á þeim kostum sem teknir hafa verið til umfjöllunar. Skýrslan á að vera tilbúin fyrir 1. júlí 2009 og í kjölfarið verður tillaga að rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og afgreiðslu. Það er von mín að rammaáætlunin verði í senn grundvöllur faglegra og upplýstra ákvarðana í umhverfismálum og sátta um þennan mikilvæga málaflokk hér á landi.

Höfundur er umhverfisráðherra.

Er einkavæðing leikskóla töfralausn?

UMRÆÐAN
Leikskólamál

BJÖRG BJARNADÓTTIR

Börn bíða eftir því að komast í leikskóla, skólatíminn er í mörgum tilfellum skertur, lengd viðvera/frístund í grunnskólum er af skornum skammti og þar bíða hundruð barna í röðum. Það vantar kennara bæði í leik- og grunnskóla, skólaliða, fólk í mötuneyti og áfram mætti telja. Fólk veit ekki hvort það á að vera reitt og pirrað eða skilningsríkt og líta á þetta eins og hverja aðra haustóværu sem líður hjá. Einhver líkti stöðunni við lúsina sem kemur á hverju hausti. En lúsin er meðhöndluð – það er munurinn.

Hver eru svo viðbrögðin við starfsmannaskortinum? Foreldrar gera ráðstafanir, sumir eiga möguleika á lausnum, aðrir síður. Margir eru í vanda og það er álag á börnum og fjölskyldum. Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skólanna gera sitt besta og veita eins góða þjónustu og hægt er við álag sem engum er í raun bjóðandi.

Stjórnmálamenn bregðast hins vegar gjarnan við þessu með því að beina athyglinni frá vandanum, tala um kerfisbreytingar, benda á lausnir eins og einkavæðingu. Þeir segja að allt sé reynt til að leysa málin. Það er auglýst og auglýst, meira að segja stundum í lit og fögrum orðum um gildi og innihald starfsins. Jú, þeir viðurkenna, ef að þeim er þjarmað, að kjaramál kunni að skipta máli EN kjarasamningar séu svo niðurnjörvaðir og miðstýrðir að ekki verði við neitt ráðið. Hins vegar sé allt hægt innan einkageirans, þar ríki sveigjanleiki og jákvæð samkeppni, þar séu greidd hærri laun – í opnu markaðsumhverfi!! Maður spyr sig hvort þar gildi ekki lögmálin um launaskrið og keðjuverkun hækkana. Þar virðist ekki sama Grýlan vera á sveimi, hræðsluáróðurinn um ógnun við stöðugleikann. Hann virðist bara eiga við í opinbera geiranum, þeim vettvangi þar sem fólk gerir fyrst og fremst kröfur um grunnþjónustu sem öllum sé aðgengileg.

Ég get með engu móti séð að öll vandamál skólakerfisins verði leyst með því að einkavæða í stórum stíl. Reynslan í dag sýnir að kjör þeirra sem starfa í einkaskólum eru litlu betri og einkaskólar eiga einnig í vanda með að ráða starfsfólk og kennara, í það minnsta á leikskólastiginu. Staðreyndin er líka sú, að það er vilji viðsemjenda að kjarasamningar sé niðurnjörvaðir og miðstýrðir. Það má ekkert sveitarfélag greiða hærri laun, það er brottrekstrarsök úr Launanefnd sveitarfélaga sem fer með samningsumboðið samkvæmt ákvörðun sveitarfélaganna í landinu. Sveitarfélög (ekki þó öll) eru líka rög við að nota þær leiðir sem eru færar, til að mynda ákvæði í kjarasamningi Félags leikskólakennara um tímabundin viðbótarlaun vegna álags og verkefna umfram venjubundnar starfsskyldur. Þar er leið til að bregðast við aðstæðum – af hverju ekki að nýta hana í meira mæli?

Allir vita að það eru launin sem skipta mestu máli, ekki síst þegar næg atvinna er í boði – það er BARA svoleiðis. Það vita líka allir að þau er hægt að laga ef vilji er fyrir hendi. Mér heyrist að samfélagið sé smám saman að átta sig á þessari einföldu staðreynd.

Höfundur er formaður Félags leikskólakennara.

Hvað er sjálfshjálp?

UMRÆÐAN
Sálarrækt

GUÐJÓN BERGMANN

Einhverra hluta vegna hefur hugtakið sjálfshjálp fengið á sig neikvæðan stimpil hjá ákveðnum hópi fólks á síðustu árum. Ég skil ekki alveg hvers vegna. Ef ég hef náð árangri á einhverju sviði og get sparað fólki bæði tíma, peninga og orku með því að kenna því þær hugmyndir og aðferðir sem ég hef lært, er þá ekki gott að fólk geti hjálpað sér sjálft?

Auðvitað er það gott. En hvað flokkast undir sjálfshjálparhugtakið? Persónulega vil ég ganga svo langt að segja að öll menntun sé sjálfshjálp – þ.e.a.s. ef fólk notar menntunina. Ef einhver kann að reikna, kennir öðrum að reikna þannig að sú manneskja lærir að reikna sjálf, án aðstoðar, þá er það sjálfshjálp. Að sama skapi getur manneskja sem kann að draga úr streitu, byggja upp sjálfstraust, byggja upp líkama fyrir lífið, bæta kynlífið, elda góðan mat, mála hús og svo mætti lengi telja, líklega hjálpað öðrum að hjálpa sér sjálfum á þeim sviðum.

Sjálfshjálp byggir á þeirri hugmynd að betra sé að kenna manneskju að veiða heldur en að gefa henni máltíðir. Með því að læra að veiða verður manneskjan sjálfbjarga. Öll sjálfshjálp gengur út á það sama – að hjálpa öðrum að verða hæfari á einhverju sviði lífsins, það er allt og sumt.

Sú gagnrýni sem ég hef heyrt hvað oftast í tengslum við sjálfshjálp er samt þessi hér: „Maður fer hvort sem er ekkert eftir þessu.“ Aha! Árinni kennir illur ræðari. Ég veit það manna best að bilið milli þess að vita eitthvað og að gera það getur verið ansi breitt. Að fá sjálfan sig til að fara eftir því sem stendur í sjálfshjálparbókum, hvort sem þær koma úr hillum háskóla, framhaldsskóla eða skóla lífsins, er hindrunin sem margir reka sig á.

Ég er ekki að segja að allar hugmyndir og aðferðir sem settar eru fram í sjálfshjálparbókum séu réttar – en það sakar ekki að prufa í flestum tilfellum. Hver veit, kannski gæti það hjálpað.

Höfundur er rithöfundur og jógakennari.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

HÚSGÖGN, LJÓS OG GJAFAVARA

Nýjar línur í exó

opið í dag 11 - 15

exó
Reykjavík / Oslo
Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

KLEINUHRINGIR
– litlir, sætir og svakalega ljúffengir

ÖMMUBAKSTUR
www.ommubakstur.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.:
15.990

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

MAÐUR VIKUNNAR

Fókuseraður lífskúnstner

Gísli er dæmi um jákvæða fókuseringu. Ef hann fær hugmynd þá gengur hann á eftir henni af krafti og allt sem hann gerir er gert á jákvæðan hátt," segir viðmælandi Fréttablaðsins um Gísla Þór Reynisson, forstjóra og aðaleiganda fjárfestingarfélagsins Nordic Partners, sem í vikunni sölsaði undir sig eitt þekktasta hótel Norðurlanda, ásamt fleiri eignum í Kaupmannahöfn.

Gísli efnaðist mjög í viðskiptum sínum í Eystrasaltslöndunum og er nú með allra ríkustu Íslendingum. Eftir nám hóf hann störf hjá finnsku fjármálafyrirtæki sem var ráðgjafi eistnesku ríkisstjórnarinnar við einkavæðinguna. Hann heillaðist snemma af Ríga, höfuðborg Eistlands, raunar svo mjög að hann er enn þann dag í dag ræðismaður Íslands í landinu. Árið 1996 keypti hann eina af stærstu plastverksmiðjum fyrrverandi Sovétríkjanna og notaði landsvæði sem henni fylgdi í að reisa iðnaðargarða til útleigu. Það var þá sem boltinn fór að rúlla fyrir alvöru og í kjölfarið hefur Gísli keypt sælgætis- og sætabrauðsverksmiðjur, stofnað pítsufyrirtæki og keypt gríðarlega mikið af fasteignum í gegnum Nordic Partners.

Sagt er að snemma beygist krókurinn. Það á svo sannarlega við í tilfelli Gísla, sem hefur verið staðráðinn í að verða ríkur allt frá leikskólaaldri. „Hann hefur verið í bisness frá blautu barnsbeini," eins og viðmælandi komst að orði. Sem krakki seldi bílasalasonurinn úr Kópavogi inn á bíósýningar á eigin heimili, og jafnaldrar hans keyptu af honum sælgæti á uppsprengdu verði. „Skólasystkinin biðu í löngum röðum eftir að kaupa af honum. Þau vildu frekar kaupa dýrar af honum en í sjoppunni. Hann var svo skemmtilegur kaupmaður."

Á unglingsaldri rak hann pylsuvagna vítt og breitt um bæinn og fimmtán ára keypti hann sér bíl og leigði bílstjóra til að keyra sig á milli pylsuvagnanna – enda ekki enn kominn með bílpróf.

Gísli var upptekinn maður á unglingsárum og hafði framan af aðra og merkilegri hluti að bjástra við en nám. Hann útskrifaðist þrátt fyrir það með glans úr Fjölbrautaskólanum við Ármúla og hélt síðan í nám í Lewis & Clark-háskólann í Bandaríkjunum og síðar í mastersnám í Oregon-háskóla. Hann lauk síðan doktorsgráðu frá háskólanum í Tampere í Finnlandi með hægðarleik.

Það er sagt til marks um áræðni Gísla hversu auðveldlega honum fórst það úr hendi að skrifa heila doktorsritgerð. „Hann er rosalega ofvirkur. Hann tók doktorsritgerðina sína og massaði hana á mjög stuttum tíma." Og það er ekki einungis í námi og viðskiptum sem hann gengur hreint til verks. „Hann er einstaklega góður kokkur," segir viðmælandi. „Hann fer inn í eldhús, bakar, gerir bestu kökurnar og er búinn á no-time." Helsta áhugamál Gísla er stangveiði og hefur hann landað ófáum laxinum úr fínum veiðiám. Laxinum er hann þó ekki hrifinn af sjálfur og eftirlætur öðrum að matreiða hann og snæða.

Þeir sem til þekkja segja Gísla mikinn lífskúnstner. Hann sé auðmaður sem kunni sannarlega að staldra við og njóta lífsins, ólíkt sumum sem fyrst og fremst séu drifnir áfram af löngun í næsta milljarð. Jafnlíklegt sé að finna hann með rauðvínsglas við Miðjarðarhafið síðdegis á virkum degi og inni á skrifstofu. Þá eigi hann stórt safn Rolex-úra, snekkju, einkaflugvélar og stórar húseignir við dönsku konungshöllina.

Þrátt fyrir þetta er Gísli hógvær og berst ekki mikið á. „Hann er hrókur alls fagnaðar alls staðar þar sem hann er en hann hefur aldrei verið mikið fyrir sviðsljósið," segir einn viðmælandi. „En hann hefur mikinn persónusjarma. Það laðast allir í kringum hann," segir annar. Þá þykir hann kræfur þegar kemur að því að draga mjög virðulega og fína viðskiptamenn upp á svið í karókí og láta þá syngja síður virðuleg lög á borð við Barbie Girl og I'm Just a Gigolo.

Gísli er tapsár svo eftir er tekið, og gildir þá einu hver vettvangurinn er. „Hann hættir ekki að spila fyrr en hann vinnur. Það er bara spilað fram eftir nóttu þangað til spilið snýst honum í hag. Hann þolir ekki að tapa í neinu. Hann er „born winner"."

„Gísli er óútreiknanlegur, hugmyndaríkur, klár og fókuseraður á allt sem hann gerir," segir einn viðmælandi, og það er við hæfi að ljúka lýsingunni á svipuðum nótum, með orðum annars viðmælanda: „Gísli er mjög duglegur, framsýnn og klár ungur maður. Hann hefur alltaf verið þannig. Það er bara þetta íslenska víkingaeðli. Þeir létu vaða á Atlantshafið en hann lét vaða á viðskiptalífið og hefur vegnað vel."

GÍSLI ÞÓR REYNISSON

ÆVIÁGRIP

Gísli fæddist í Reykjavík 21. júní 1965. Hann er sonur Rósu Guðbjargar Gísladóttur sölumanneskju og Reynis Þorgrímssonar, listmálara, fyrrverandi bílasala og núverandi framkvæmdastjóra Fyrirtækjasölunnar. Hann á þrjú yngri systkini; Einar Örn, Ingibjörgu og Ragnar Má. Sambýliskona Gísla til sextán ára er Anna Margrét Kristinsdóttir. Bæði áttu þau barn fyrir, hún Gabríel, nú 18 ára, og hann Önnu Fríðu, 17 ára. Saman eiga þau Benjamín Ágúst, 14 ára, og Katrínu Rósu, á tíunda ári.

Gísli lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla 1985 og hélt síðan til Bandaríkjanna í Lewis & Clark-háskólann í Bandaríkjunum. Hann fór í mastersnám í fjármálahagfræði og tölfræði í Oregon-háskóla og útskrifaðist þaðan 1991. Hann lauk síðan doktorsgráðu í fjármálahagfræði frá háskólanum í Tampere í Finnlandi.

Hann kenndi við háskólann í Tampere um hríð og vann fyrir finnskt fjármálafyrirtæki. Hann stofnaði áhættufjárfestingarfyrirtækið Finnish Venture Capital en dró sig út úr því þegar hann heillaðist af Eistlandi og hóf að fjárfesta þar.

Gísli hefur verið ræðismaður Íslands í Eistlandi í áratug.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Nordic Partners, sem Gísli stýrir og á meirihlutann í, keypti í vikunni þrjú hótel og veitingastað í Kaupmannahöfn, þeirra á meðal hið sögufræga 250 ára gamla Hotel d'Angleterre við Kóngsins nýjatorg. Í úttekt tímaritsins Sirkuss á ríkustu mönnum Íslands í sumar varð Gísli í fimmtánda sæti, og eru eignir hans metnar á um 35 milljarða.

512 50 50 Auglýsingasími

– Mest lesið

ENNEMM / SÍA / NM29682

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

vitra.

„Heimspeki mín í hönnun er einföld: Lögun fylgir líðan.“
Hella Jongerius

Polder er fyrsti sófinn eftir Hella Jongerius. Hann vekur athygli fyrir nýstárlega efnisnotkun og fallegt handverk í smæstu atriðum.

Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

Draumar sem rætast

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá samviskubiti og auglýsingum, útsölumarkaði og átökum góðs og ills og einnig er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, þriðju kynslóðar kraftaverk og drauma sem rætast.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 7. SEPTEMBER.

Stóra símamálið og samviskan

Þegar maður hefur lifað nokkra áratugi fer ekki hjá því að mesti glansinn sé farinn af samviskunni, þessari gjöf sem var svo skínandi og hrein þegar hún var lögð hjá manni í vögguna.

Fyrir utan þær svörtu yfirsjónir sem ég er ekki reiðubúinn að ræða við aðra aðila en þann guð sem skapaði sólina fylgja mér fáein samviskubit eða samvisku„byte“ sem ég hef aflað mér með því að búa til sjónvarpsauglýsingar. Mín eina huggun er hversu fáar auglýsingar ég hef á samviskunni.

Það er náttúrlega mikil forherðing að hreykja sér af því að hafa ekki ljótari hluti á samviskunni en fáeinar sjónvarpsauglýsingar sem allir nema ég eru löngu búnir að gleyma. Enda er ég í rauninni að fagna því að heimskan, græðgin og smekkleysið skuli ekki hafa leitt mig lengra inn í auglýsingaveröldina en raun ber vitni. Ekki vegna þess að ég haldi að auglýsingaveröldin sé svo ljót og spillt heldur vegna þess að þeir hæfileikar sem mér kunna að hafa verið gefnir voru ekki ætlaðir til að smíða auglýsingar.

Þetta hef ég alltaf vitað og þess vegna forðast auglýsingagerð eins og góður skraddari reynir að forðast að taka að sér pípulagnir.

Ástæðan fyrir því að ég er að velta þessu fyrir mér er sú að samviska mín er hrein gagnvart Síma-auglýsingunni sem allir eru að tala um núna. Það eru meira en sjö ár síðan ég framleiddi mína síðustu auglýsingu svo að tæknilega hef ég öðlast meydóminn á ný.

Þegar ég geng inn um Gullna hliðið og Sánkti Pétur hringir í greiningardeildina og sendir þeim mynd af mér í farsímanum og segir: „Kíkið á þennan, hann segist hafa fengist við kvikmyndagerð.“ Þá verður svarið: „Hann er velkominn hingað.“

Þannig að ég er í fínum málum, þannig séð, þótt það sé auðvitað leitt til þess að vita að einhverjir kollegar manns úr kvikmyndagerðinni verða sendir á hinn staðinn sem var eiginlega eingöngu ætlaður fyrir kvikmyndagagnrýnendur.

LAUGARDAGUR, 8. SEPTEMBER.

Kampavíns-smekkur og bjórtekjur

Frú Sólveig fór með mig á útsölumarkað til að kaupa á mig einhverja fataleppa. Góð og vönduð föt við minn smekk finn ég helst í útsölumörkuðum sem selja fatnað frá frægum tískuhúsum á helmingsafslætti.

Auðvitað er ég hégómlegur og vil líta sæmilega út, en þyngra vegur þó að ég vil hafa fatnað velsaumaðan og úr efnum sem gæla við hörundið. Gallinn er bara sá að ég fæ svima þegar ég sé verðmiða á almennilegum fatnaði. Þegar verðið hefur verið lækkað um helming finnst mér stundum vera kominn viðræðugrundvöllur fyrir viðskipti. Þetta kallaði Óli heitinn Smith vinur minn „að hafa smekk fyrir kampavíni en tekjur fyrir bjór“.

Ég hefði að vísu getað unað mér við knattspyrnuna í sjónvarpinu en með tilliti til þess að konan mín hefur ekki áhuga á annarri fótamennt en dansi settum við safaríka franska mynd í geislatækið „Jean de Florette“ með Yves Montand, Daniel Auteuil og Georges Depardieu. Rómantísk og sorgleg barátta góðs og ills sem endaði því miður á sigri hins illa. Sjálfum leið mér eins og engli því að ég vissi að á heimilinu hafði hið góða unnið sigur og ég fann hvað það styrkir mann í andanum að neita sér öðru hverju um að horfa á fótbolta.

SUNNUDAGUR, 9. SEPTEMBER.

Vandaður úrskurður

Heima slappur. Svei mér, ef ég er ekki að fá enn eina pestina. Til að kóróna vanlíðan dagsins las ég bréf frá úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála sem barst okkur í pósti í síðustu viku.

Í maí í fyrra kærðum við Sólveig til þessarar úrskurðarnefndar að byggingafulltrúinn í Reykjavík skyldi ekki skipta sér af því þótt bygging hérna hinum megin við götuna væri hækkuð um hálfan metra frá teikningum eftir smekk byggingaraðila.

Í úrskurðarnefndinni sitja miklir snillingar sem hefðu getað kennt Pílatusi hvernig maður á að fara að því að þvo sér um hendurnar. Niðurstaðan eftir að hafa hugsað málið í rúmt ár var sú að úrskurðarnefndin gæti ekki tekið afstöðu til þessarar kæru því að málið væri enn óafgreitt í borgarkerfinu – það standi nefnilega upp á téðan byggingarfulltrúa að gera hreint fyrir sínum dyrum og skila skýrslu sem honum var uppálagt að skila.

Þetta er í sjálfu sér hið besta mál. Nú er komið að því að bæjaryfirvöld sýni að þau fylgist með sínum embættismönnum því að embættismenn Reykjavíkur eiga ekki að vanrækja störf sín þótt stórir aðilar eigi í hlut heldur vernda réttindi borgaranna sem greiða þeim laun.

Við skulum sjá hvaða stefnu þessi mál taka. Núna vantar mig bara nafn á einhverjum eldklárum lögfræðingi sem er mér sammála um að opinberir embættismenn eigi að vinna vinnuna sína og þjóna borgarbúum. Netfangið mitt er nyttlif@simnet.is.

Með nútímatækni getur ekki verið mikið mál að saga 50 sentimetra ofan af þriðja flokks hóteli. Hvort tæknin dugar til að kenna einum byggingarfulltrúa mannasiði á svo eftir að koma í ljós.

ÞRIÐJUDAGUR, 11. SEPTEMBER.

Þriðju kynslóðar kraftaverk!

Sunnudagsslappleikinn hefur þróast yfir í pest af versta tagi. Ég er sárlasinn.

Það er þó huggun harmi gegn að nú er komin staðfesting á því að tími kraftaverkanna er ekki liðinn. Kraftaverk hefur orðið hjá þriðju kynslóð farsíma.

Síma-auglýsingin ámátlega hefur komið þeim í koll sem ætluðu að taka ókeypis salíbunu á Biblíunni.

Í staðinn fyrir að auglýsa Símann virðast Kristur og lærisveinarnir að Júdasi meðtöldum frekar mæla með Og Vodafone.

„Það er óneitanlega svolítið skondið að það sé stuðst við okkar símkerfi við það að búa til auglýsingu fyrir keppinautinn,“ sagði Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, í frétt sem birtist á Eyjunni.

„Við erum bara kaupendur að auglýsingu og erum ekki á staðnum, en hvað á maður að segja,“ sagði Linda Björk Waage, forstöðumaður kynningarmála hjá Símanum. „Þannig að þetta eru þá mistök hjá þeim sem framleiða auglýsinguna en ég efast um að auglýsingin missi vægi við það.“

Það er mikill kjánaskapur að halda að mistökin liggi í smáatriðunum.

MIÐVIKUDAGUR, 12. SEPTEMBER.

Lengi getur vont versnað

Ég var hálfundrandi þegar ég vaknaði í morgun. Í gærkvöldi var ég nefnilega svo slappur að mér fannst ólíklegt að ég myndi lifa nóttina. Þó hefur það gerst.

Ég fékk senda próförk að bókinni minni, Englum dauðans, og hef verið að reyna að yfirfara hana í magnlyvímunni. Það er ekki tekið út með sældinni að vera rithöfundur.

Maður skrifar bók og ætlar ekki að gera neitt illt af sér en lendir þá upp á kant við prófarkalesara sem vill að maður skrifi „svolítið“ en ekki „soldið“ og leiðréttir málvillur hjá málhöltum sögupersónum svo að þær tala eins og norrænufræðingar.

Það er bara vegna þess að ég er veikur og geðvondur að ég er að agnúast út í prófarkalesara.

FIMMTUDAGUR, 13. SEPTEMBER.

Draumar sem rætast

Þegar ég var lítill fannst mér lífið stundum bjóða upp á of lítið næði til þess að lesa í bók og óskaði þess í laumi að ég væri hæfilega heilsutæpur til að fá að liggja einhvers staðar óáreittur og lesa í mínum skruddum.

Þá var ég ekki að meina prófarkir.

Svona rætast samt allir draumar manns – einhvern veginn.

101 sport
laugavegi 6
Útrýmingarsala
verslunin hættir
skór - íþrótta fatnaður - sundföt
adidas
SPEEDO
Á ótrúlegu verði!
verðdæmi:
Adidas skór 9.990 fullt verð 2.990 Okkar verð!
Adidas fatnaður 8.990 fullt verð 1.990 Okkar verð!
101 sport
laugavegi 6
Opið Laugard. 11-17
Sunnud. 11-17

BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR

HAUST SLÁTRUN 2007

FERSKT LAMBAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

1189

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR/KG. -15% AFSLÁTTUR
1189 KR/KG

BÓNUS

NÝTT GREIÐSLUKORTA TÍMABIL

975

KS FERSKT LAMBALÆRI 1298 KR/KG
- 25% AFSLÁTTUR 975 KR/KG

629

K.S FERSKUR LAMBABÓGUR
699 KR/KG.-10% AFSLÁTTUR 629 KR/KG.

2398

K.S FERSKT LAMBAFILLET
2998 KR/KG. - 20% AFSLÁTTUR
2398 KR/KG.

Holta-kjúklingur

FERSKUR KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR

40%

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR 605 KR/KG.
40% AFSLÁTTUR **363 KR/KG.**

40%

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR 299 KR/KG
40% AFSLÁTTUR **180 KR/KG.**

40%

HOLTA FERSK HÁLFÚRBEINUÐ- KJÚKLINGALÆRI
1000 KR/KG. 40% AFSLÁTTUR **599 KR/KG.**

42%

985

ÍG HELGARSTEIK, ÚRBEINUÐUR GRÍSAHNAKKI
1698 KR/KG. 42% AFLSÁTTUR AÐEINS 985 KR/KG.

BÓNUS

LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00 TIL 18.00 SUNNUD: 12.00 TIL 18.00

OLIVER STONE FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1946

„Ef ég væri George Bush mundi ég skjóta mig. Ég stend í þeirri meiningu að hann lifi í ótta um að falla fyrir Bakkusi á ný. Það er ekkert eins hættulegt fyrir Bandaríkin og þurr forseti sem segir þjóðinni að trúa á Jesú.“

Leikstjórinn Oliver Stone er þekktastur fyrir sögulegar myndir. Hann hlaut Purpurahjartað fyrir hugprýði í Víetnamstríðinu og er 61 árs í dag.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. SEPTEMBER 1972

Ásgeir Ásgeirsson forseti lést

Ásgeir Ásgeirsson, fyrrverandi forseti íslenska lýðveldisins, varð bráðkvaddur að heimili sínu þennan dag, 78 ára að aldri.

Hann var fyrst kjörinn forseti Íslands árið 1952 og síðan endurkjörinn þrisvar sinnum, en lét af embætti árið 1968. Áður hafði Ásgeir verið alþingismaður í þrjá áratugi, ráðherra frá 1931 til 1934 og bankastjóri Útvegsbankans í fjórtán ár.

Íslenska þjóðin syrgði Ásgeir mjög enda þótti hann bæði vitur og hlýr maður í viðkynningu. Hann naut virðingar og vinsælda þjóðar sinnar meðan hann sat á forsetastóli og fór

allt vel úr hendi sem starfið krafðist af honum.

Ásgeir þótt mikill persónuleiki og glæsilegur fulltrúi íslensku þjóðarinnar.

Útför Ásgeirs forseta var gerð með mikilli viðhöfn frá Dómkirkjunni í Reykjavík 23. september 1972.

Kirkjan var fullsetin og stóð fjöldi manns utandyra til að hlusta á það sem fram fór, en úti hafði verið komið fyrir gjallarhorni. Mót kirkjudyrum Dómkirkjunnar stóðu prúðbúnir lögregluþjónar heiðursvörð og til hliðar við þá skátar með fána.

Ásgeir var jarðsettur að Bessastöðum.

MERKISATBURÐIR

1904 Wilbur Wright flýgur flugvél sinni í fyrsta sinn.

1928 Alexander Fleming uppgötvar penisilín.

1947 Undrabarnið Þórunn Jóhannsdóttir, hélt sína fyrstu píanótónleika, aðeins átta ára.

1962 Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gerðu fyrsta kjarasamning við ríkið.

1967 Útsendingar sjónvarpsstöðvar varnarliðsins takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll og nágrenni.

1978 Muhammad Ali sigrar Leon Spinks eftir fimmtán lotur í heimsmeistarakeppni í þungavigt.

1994 Helgi Áss Grétarsson varð heimsmeistari í skák í flokki 20 ára og yngri.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,

Ásgeir Elíasson

lést á heimili sínu sunnudaginn 9. september. Útför fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 17. september kl. 13.00.

Soffía Guðmundsdóttir
Þorvaldur Ásgeirsson **Eva Hrönn Jónsdóttir**
Tanja Ösp, Ísak Snær og Óðinn Breki Þorvaldsbörn

Guðmundur Ægir Ásgeirsson
Ragnheiður Erlendsdóttir **Björn Haraldsson**
Hólmfríður Björnsdóttir **Sævar Sveinsson**
Linda Björnsdóttir **Magnús Bárðarson**
Lára Björnsdóttir **Gunnar Sæmundsson**
Eyrún Björnsdóttir **Stefán Gunnarsson**

†

Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Svava M. Þórðardóttir
Mánatúni 2,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 13. september.

Börn, stjúpbörn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingiber Marinó Ólafsson
plötu- og ketilsmiður, Skeggjagötu 3, Innri-Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 11. september. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 19. september kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð.

Auður Brynjólfsdóttir
Brynja Sif Ingibersdóttir **Óskar Húmfjörð**
Marta Rún Ingibersdóttir
Ólafur Örn Ingibersson **María Júlíana Arnardóttir**
Guðmundur Þórir Ingibersson **Arthittya Aryamueang**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður J. Jónasdóttir
Hvammi, heimili aldraðra Húsavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 12. september. Útförin auglýst síðar.

Jónasína Pétursdóttir **Hörður Arnórsson**
Eiður Aðalgeirsson **Sigurlína Hilmarsdóttir**
Pétur Óskar Aðalgeirsson **Agnes Adólfsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

HÁTÍÐARHÖLD Kjartan Björnsson, hárskeri og formaður afmælisnefndar, hlakkar til að sjá sem flesta á sextíu ára afmæli Selfoss um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

SELFOSS: SEXTUGT BÆJARFÉLAG

Höldum vel utan um öll ártöl

Selfossbær heldur upp á sextugsafmæli sitt nú um helgina með miklum glæsibrag og ekki seinna vænna að heyra í Kjartani Björnssyni, formanni afmælisnefndar, og fá fréttir af gangi mála. „Hér er mikið um dýrðir,“ segir hann kátur og svo hefst frásögnin: „Í gær hófst hátíðin á frírri kjötsúpu fyrir þá sem hafa vildu og síðan var skrúðganga um bæinn undir forystu hestamanna, mótorhjólamanna og fornbílaeigenda og skáta. Í gærkveldi var menningarveisla í Hótel Selfossi þar sem fjölmargir listamenn stigu á svið og heilmikið stuð var á barna- og unglingadiskótekum í okkar gamla félagsheimili Tryggvaskála.

Frítt er í strætó og líka Sundhöll Selfoss sem hefur verið til síðan 1960. Við höldum vel utan um öll ártöl hér því bæjarfélagið er ungt og því er mörgum flest í fersku minni. Hér eru margar sýningar, glerlist, ljósmyndasýningar, meðal annars passamyndasýning hjá ljósmyndara sem starfaði hér í 30 ár, einnig bíla- og vélasýning og í Tryggvaskála er opið frá 13 til 17 bæði í dag og á morgun. Þar er til að mynda sýndur strengur úr gömlu Ölfusárbrúnni sem hrundi 1944 og einn brúarvinnumanna var svo sniðugur að halda til haga. Þar er líka látin rúlla kvikmynd Marteins Sigurgeirssonar sem heitir Selfoss - svipmyndir í 100 ár. Þar eru myndir allt frá Ölfusárbrúargerð hinni fyrri sem var reist 1851 á sama stað og þessi sem nú er. Þá var verið að brúa til að bændur í Árnes- og Rangárþingi kæmust til Reykjavíkur sem var vaxandi borg.

Klukkan 14 í dag er söguganga um gamla bæinn undir leiðsögn Þórs Vigfússonar með viðkomu í heimahúsi. Áætlað er að gangan taki eina klukkustund. Síðan er skemmtilegt frá því að segja að bæði í dag og á morgun klukkan 15 verður í Sambíóunum á Selfossi sýnd upptaka frá landbúnaðarsýningunum á Selfossi 1958 og 1978. Þar bregður mörgu fyrir sem gaman er að rifja upp og það er ókeypis aðgangur.

Í kvöld er dagskrá á hótelinu sem nefnist Selfosstónar. Skemmtikvöld þar sem margir valinkunnir tónlistarmenn koma fram, allir helstu kórar, söngvarar og hljómsveitir sem rekja sögu sína til Selfoss. Söngvarar og söngkonur úr hljómsveit Óskars Guðmundssonar, Labbi í Mánum og Gunni í Skítamóral svo einhverjir séu nefndir. Hápunktur hátíðarinnar er svo brúarsöngur og flugeldasýning í kvöld klukkan 22.45.

Á morgun er messa í Selfosskirkju klukkan 11. Það er okkar prestur, sr. Gunnar Björnsson, sem stígur í stólinn og segir okkur eitthvað sniðugt þaðan. Klukkan 13.00 hefst knattspyrnuleikur í úrslitakeppni 2. flokks karla hjá KSÍ, Selfoss/Völsungur. Klukkan 13.30 verður ganga á Ingólfsfjall með Labba í Glóru, (sem er sá sami og Labbi í Mánum.) Þegar upp er komið verður boðið upp á kakó og kleinur. Mæting er við Tryggvaskála.

Á Rás 2 á morgun verður Sniglabandið í beinni útsendingu frá Nóatúni á Selfossi frá 14-16. Þangað er öllum gestum og gangandi boðið að mæta, biðja um óskalög og skemmta sér. En einn glæsilegasti liður dagskrárinnar þessa helgi er kaffihlaðborð í Hótel Selfossi frá klukkan 14-17 á morgun. Þar kemur Karlakór Selfoss fram og syngur hátíðalög og þessi liður markar svolítið endalokin á afmælishelginni.“ gun@frettabladid.is

AFMÆLI

Rannveig Guðmundsdóttir, fyrrverandi alþingismaður, er 67 ára.

Páll Gunnar Pálsson forstjóri er 40 ára .

Ragnar Bragason kvikmyndagerðamaður er 36 ára.

Eiður Smári Guðjohnsen knattspyrnumaður er 29 ára.

MÆLING HEIMSINS EFTIR **DANIEL KEHLMANN**

STÓRFENGLEGT MEISTARAVERK

SKEMMTILESTUR AF BESTU GERÐ

Mæling heimsins er sambland af vísindasögu og lygasögu. Bókin er skrifuð af stórhug og er skemmtilestur af bestu gerð, full af litlum athugunum sem kitla hugann svo mann langar mest til að hrópa af fögnuði. **Mæling heimsins var næst mest selda skáldsaga heims árið 2006.**

Daniel Kehlmann

BJARTUR



MEIRA EN MILLJÓN EINTÖK SELD Í ÞÝSKALANDI

DYNAMO REYKJAVÍK

SIGRÍÐUR KRISTÍN ÁSAMT HRAFNKELI SYNI SÍNUM „Við foreldrar þurfum að geta treyst á að velferð barnanna sé í fyrsta sæti. Það hefur ekki verið mín upplifun hingað til frá hendi stjórnvalda á Íslandi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fannst eins og barnið mitt væri í geymslu

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir á alvarlega fatlaðan son í Safamýrarskóla. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við hana um þær óviðunandi aðstæður sem fötluð börn búa við í skólanum og þann fögnuð sem foreldrar fundu fyrir síðustu helgi þegar Reykjavíkurborg kynnti áform um nýjan sérskóla.

Sigríður Kristín býr í Grafarvogi ásamt tveimur sonum. Sá eldri þeirra, Björn Leví, er tólf ára og heilbrigður. Sá yngri, Hrafnkell, er með meðfæddan heilagalla sem kallast microcephaly en afleiðingar þess eru alvarleg fjölfötlun ásamt tíðum lungnabólgum, mikilli slímsöfnun, erfiðleikum með hægðir, beinum sem skekkjast og mikilli vöðvaspennu. „Hrafnkell heldur ekki höfði og getur aðeins lítillega hreyft hendurnar. Hann fylgist vel með því sem er að gerast í kringum hann og er ótrúlega hláturmildur og yndislegur drengur. Hann getur ekki tjáð sig með orðum en nær að tjá sína líðan með svipbrigðum, hlátri og gráti. Sem dæmi sýnir hann vel hverja hann vill hafa hjá sér og hverjir eru í uppáhaldi hjá honum. Hann er mikil félagsvera og þarfnast því mikillar athygli. Hann hefur gaman af teiknimyndum og hlutum sem hann getur leikið sér með.“ Hrafnkell, líkt og önnur börn í Safamýrarskóla, þarfnast því umönnunar 24 tíma á sólarhring. „Þar sem Hrafnkell þarf aðstoð við allar athafnir kom ekki annað til greina en að hann færi í sérskóla þar sem ég sá ekki fram á að hverfisskólinn hans myndi geta sinnt hans þörfum sem eru bæði miklar og sértækar. Það stakk mig þó alltaf mikið að horfa á eftir heilbrigða syni mínum fara í granítklædda höll í Grafarvogi því um leið horfði ég upp á fatlaðan son minn í óhæfu húsnæði þar sem háir glugga eru á efri hæð og engir gluggar í kjallaranum. Húsið var ekki byggt fyrir hreyfihamlaða og litlu hefur verið veitt til viðhalds svo árum skiptir. Fjármunir til búnaðarkaupa hafa einnig verið af skornum skammti svo ekki sé minnst á plássleysi fyrir tæki og tól.“ Sigríður segist hafa fylgst með hverjum borgarstjóranum og menntamálaráðherrum á fætur öðrum heimsækja skólann um árin og allir hafi þeir verið jafnundrandi yfir slæmum aðstæðum skólans. „ Það var samt aldrei neitt aðhafst til að vinna að málefnum hans. Eftir hverja heimsókn fylltist starfsfólk skólans og við foreldrar barnanna sem hann sækja, von um það að nú yrði unnið að nýjum skóla en sú von hefur alltaf lognast út af.“

Gat ekki sætt mig við þetta ástand lengur

Sigríður segir að henni hafi algerlega ofboðið einn heitan sumardag í ágúst fyrir ári síðan þegar hún gekk inn í skólann til að ná í son sinn. „Það var eins og að labba á vegg. Þvílíkur óbærilegur hiti og þungt loft! Það var gott veður úti og loftið hreyfðist ekki inni. Hjartað í mér missti slag og það hvarf úr mér allur máttur. Þarna inni sat sonur minn í einangruðum plastspelkum frá toppi til táar og með kraga um hálsinn sem hjálpar honum að halda höfði. Ég varð orðlaus. Ef ég gat varla andað þarna inni hvernig leið honum þá? Aðspurð svaraði starfsstúlka mér því að þær væru svo undirmannaðar að þær gætu ekki farið út með börnin. Mér fannst á þessari stundu að barnið mitt væri í geymslu, og þetta var ekki í fyrsta skiptið sem sú tilfinning kom upp.“ Sigríður útskýrir að þarna hafi vandinn verið tvíþættur, annars vegar var það húsnæðið sem er óhæft og hins vegar starfsfólkið sem frístundaheimilið ræður þegar starfsmenn frístundaheimilis sem sjá um börnin á veturna, eru í sumarfríi. „Börn sem eru í vistun þarna eru oft á tíðum miklir sjúklingar og það getur ekki verið góður kostur að manna staðinn með ófaglærðum starfskröftum sem ekki hafa reynslu til að sinna þessum hópi barna. Það var þarna sem ég ákvað að ég gæti ekki sætt mig við þetta ástand lengur. Ég sótti yfirmann staðarins og lýsti áhyggjum mínum af velferð sonar míns. Auðvitað hafði hún ekkert meira að bjóða mér. Hún fullvissaði mig um að hún sæi til þess að hann yrði hreyfður til og færður á loftbetri stað innan hússins. Annað gat hún ekki gert.“

Samhugur, auðmýkt og styrkur

Þegar vetrarstarf skólans hófst síðasta vetur bauð Sigríður sig fram í foreldraráð til að reyna að hafa áhrif á framvindu mála. Þegar menntasvið bauð til fundar það haustið lýsti hún yfir áhyggjum sínum af velferð barnanna í Safamýrarskóla. „Ég fékk þau svör að allir vissu um ástandið þar og að þetta mál kæmi alltaf upp aftur og aftur. Árið 1996 var öllum ljóst að bæði húsnæði Safamýrarskóla og einnig húsnæði Öskjuhlíðarskóla væri ekki viðunandi og reynt var að vinna að sameiningu þeirra, en ákvarðanir varðandi málefni þessara sérskóla hafi alltaf verið sett til hliðar og þar af leiðandi ekkert gerst þar til nú.“ Sigríður vill þó taka fram að það starfsfólk sem starfar í Safamýrarskóla sé hreint ótrúlegt. „Í Safamýrarskóla er samansafn af jákvæðum, yndislegum sérkennurum og stuðningsfulltrúum sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að börnunum líði sem best. Þau fá þá þjálfun sem hentar þeim innan skólans og fylgst er með framförum þeirra og allar leiðir skoðaðar til að vinna að framþróun hvers einstaklings fyrir sig. Andinn innan veggja skólans er sterkur og einkennist af samhug, auðmýkt og styrk. Að bjóða þessu starfsfólki, sem leggur sig mikið fram, upp á þessar vinnuaðstæður er óviðunandi. Ef við sem samfélag hlúum ekki að þeirri mannúð sem fer fram í svona starfi erum við illa stödd. Mannauður Safamýrarskóla er án efa hans mesti styrkleiki og ég ber mikla virðingu fyrir starfi þeirra.“

Skammarlega lítið fjármagn hingað til

Á foreldrafundi sem haldinn var í Safamýrarskóla var gerð úttekt á því hvaða lausnir innan skólakerfisins foreldrar barna í skólanum sjá fyrir sér í framtíðinni. „Þar kom fram að foreldrar vilja hafa val um hvort börnin fari í sérskóla eða ekki. Hins vegar sáu margir foreldrar þessara barna ekki fyrir sér að þau fengju þá umönnun sem þörf er á í hinu almenna skólakerfi“. Börnin í Safamýrarskóla eru 17 talsins í dag og eru einungis nokkur þeirra sem geta gengið þannig að umönnunin er erfið og mikil. Foreldrar höfðu miklar áhyggjur af því að sú þekking sem sérkennararnir í Safamýrarskóla búa yfir gæti glatast.Samlegðaráhrifin sem skapast af þeirra samvinnu er gríðarlega mikilvæg.Við foreldrarnir þurfum að geta treyst á að velferð barnanna sé í fyrsta sæti. Það hefur ekki verið mín upplifun hingað til frá hendi stjórnvalda á Íslandi. Auðvitað snýst þetta allt um fjármagn sem veitt er til að sinna þessum hópi barna, og Það er skammarlega lítið. Ég rek mig á það hvað eftir annað að þeir aðilar sem ráða því hvernig hugsað er um börnin hafa ekki einu sinni séð þau. Það er ótrúlegt hversu lítil tengsl hafa verið á milli þeirra sem leggja línurnar um hverju skal veitt til málefnisins og þeirra sem veita þjónustuna og vita nákvæmlega hvað þarf til að velferð barnanna sé í forgangi.“

Að verða í fararbroddi í skólamálum fatlaðra barna

Um þessar mundir stendur sýningin Undrabörn yfir í Þjóðminjasafninu en þar gefur að líta ljósmyndir hins heimsþekkta ljósmyndara Mary Ellen Mark af fötluðum börnum. „Að fá Mary Ellen Mark til að veita almenningi innsýn í líf þessara barna eru forréttindi og sérstök ánægja fyrir okkur foreldra og fjölskyldur barnanna. Hún lifði sig mikið inn í veröld þeirra og lýsir með myndum sínum gleði þeirra og sorgum, sýnir öðrum veruleikann sem er í senn erfiður en um leið svo fallegur að fá orð fá því lýst. “ Á foropnun sem var haldin í Þjóðminjasafninu tilkynnti Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, frá þeirri ákvörðun borgaryfirvalda að veita nýjum sameinuðum sérskóla lóð í Mjóddinni. „Koma Mary Ellenar hefur ýtt af stað hringrás sem ég fagna. Loksins var tekin ákvörðun og ég tel það ekki síst vera fyrir tilstilli Margrétar þjóðminjasafnsvarðar sem hefur af miklum áhuga sett sig inn í málefni þessa hóps barna og leitt saman fjársterka aðila til fjármögnunar og borgaryfirvöld til viðræðna um sérskólana. Margréti þakka ég af heilhug fyrir ötula framgöngu og mikinn skilning á málefnum barnanna. Nú er bara að hefjast handa við nýtt spennandi verkefni sem er nýr og sameinaður sérskóli sem við eigum að vera stolt af að eignast og ættum því að grípa þetta tækifæri og gerast leiðandi í skólamálum fatlaðra barna.“

➜ MÁLIÐ SETT Í ALGJÖRAN FORGANG

JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

Formaður menntaráðs Reykjavíkur, Júlíus Vífill Ingvarsson, segir að alhliða aðgerðir séu á döfinni í málefnum fatlaðra barna í borginni. „ Menntaráð hefur samþykkt að hefja markvissa vinnu í þágu barna með þroskahömlun. Í mars síðast liðnum komum við saman með fagmönnum, aðstandendum og öðrum sem eiga aðild og búa yfir sérþekkingu á málinu til að leggja drög að þeirri stefnu sem við vorum með í mótun. Í framhaldi af því höfum við sett fram þríþætt markmið sem nú verða útfærð enn frekar. í fyrsta lagi verður starfshópur um vönduð námsúrræði fyrir nemendur með þroskahömlun í almennum grunnskóla, í öðru lagi starfshópur sem vinnur að undirbúningi sérdeildar og í þriðja lagi starfshópur um sameiningu sérskóla, það er að segja Safamýrar- og Öskjuhlíðarskóla sem er að sjálfsögðu forgangsmál. Aðstaðan í Safamýrarskóla er óviðundandi fyrir þau alvarlega fötluðu börn sem þar eru, og Öskjuhlíðarskóli er barn síns tíma. Við litum á nokkrar lóðir en sú sem hefur orðið fyrir valinu er lóð í Suður-Mjódd og gerum við ráð fyrir að lóð hins sameinaða skóla verði allt að 20.000 fermetrar. Hafist verður handa við að undirbúa framkvæmdir við einn sérskóla fyrir um 120 nemendur með þroskahömlun. Einnig á skólinn að verða ráðgjafar og þekkingarmiðstöð um kennslu og þjónustu við fatlaða nemendur sem muni þjóna öðrum grunnskólum utan og innan Reykjavíkur. Við munum leita sérþekkingar til Evrópu og sérstaklega Norðurlandanna við byggingu og skipulag skólans og það er okkar von að Ísland geti orðið fyrirmynd á heimsvísu í þessum efnum. Einnig höfum við fengið óvæntan og mjög kærkominn stuðning frá fjársterkum hópi sem er umhugað um verkefnið. Það er gert af mikilli einlægni, áhuga og skilningi á málefninu og við metum það afskaplega mikils. .

Developed with

Shell

V-Power

Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Made to move

Í ALLRI SINNI DÝRÐ Svartifoss er ein af náttúruperlunum í Skaftafelli og leggja flestir ferðamenn sem þangað koma leið sína að fossinum. Stuðlabergshvelfingin sem hann fellur niður í er óviðjafnanleg og standa margir agndofa gagnvart þessu undurfagra umhverfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➜ ÞAU UM SKAFTAFELL

SVEIPAÐ ÆVINTÝRALJÓMA

Skaftafell hefur alltaf verið sveipað ævintýraljóma í huga mínum og ég man að ég vissi að þangað mundi ég komast þegar hringvegurinn opnaðist. Ætli ég hafi ekki verið tíu ára þegar ég kom þangað fyrst. Skemmst er frá því að segja að þjóðgarðurinn stóð algjörlega undir væntingum mínum; svartur sandurinn, skógi vaxin hlíðin og hvítur jökullinn mynda umgjörð sem á engan sinn líka og hafa til þessa dags kallað fram hughrif sem erfitt er að lýsa.

ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

LITSKRÚÐUG OG STÓRSKORIN VÍÐÁTTA

Fyrir alllöngu klifum við nokkrir bergstandinn Þumal í Skaftafellsfjöllum. Að honum er langur gangur og við urðum að sofa úti skjóli undir tindinum.
Þegar morgunsólin leysti smám saman upp lágþokuna þar til litskrúðug og stórskorin víðáttan blasti við, var dauðaþögn það undarlegasta við allt saman.

ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Hér er toppurinn á tilverunni

Tindar, grös, skógar, sandar, fossar, ár og vötn. Fegurðin mögnuð hvert sem litið er. Nánast ólýsanleg. Svona er Skaftafellsþjóðgarður, sem var stofnaður fyrir fjörutíu árum og þúsundir heimsækja ár hvert. **Guðveig Bjarnadóttir** hefur búið í Skaftafelli í 54 ár og unir sér vel. „Hér elska ég að vera og vildi helst sofna hér og vakna ekki aftur," segir hún í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson*.

GENGIÐ Á HNÚKINN Vinsælt er að ganga á hæsta tind landsins og gera það tugir og jafnvel hundruð ár hvert. Gunnar V. Andrésson ljósmyndari fór í eina slíka göngu í maí 2005. Þá var hnúkurinn enn þá talinn 2.119 metra hár.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Náttúran ein talar hér sínu stórfenglega einfalda máli," segir jöklafræðingurinn og prófessorinn Hans Ahlmann um Skaftafell í bók sinni um Vatnajökul.

Ahlmann er ekki einn um þá skoðun að erfitt sé að koma orðum yfir undur Skaftafells. Guðveig Bjarnadóttir, sem þar hefur búið í yfir hálfa öld, getur aðspurð ekki svarað því hvað sé best við Skaftafell og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra á erfitt með að lýsa hughrifunum sem hún verður fyrir þar.

GUÐVEIG BJARNADÓTTIR
MYND/SIGURÐUR GUNNARSSON

Til forna var Skaftafell stórbýlt og þar var þingstaður og kirkja. Áður voru bæjarhúsin við brekkurætur en á nítjándu öld var byggt á brekkunni þar sem tún hurfu smátt og smátt undir aur og sand Skeiðarár. Þrír bæir standa í Skaftafelli: Bölti, Hæðir og Sel.

Mönnum voru lengi ljós undur og fegurð Skaftafells en það var á sjöunda áratug síðustu aldar, þegar náttúruvitund og -vernd voru að ryðja sér til rúms, að hugmyndir kviknuðu um að friðlýsa svæðið. Áður en af því gat orðið þurfti ríkið að eignast jörðina í Skaftafelli og var hún keypt með tilstyrk World Wildlife Fund. 15. september 1967 varð Skaftafell formlega þjóðgarður.

Í fyrstu var leiðin í Skaftafell torsótt en misserin og árin eftir stofnun þjóðgarðsins voru árnar miklu á söndunum brúaðar. Í samræmi við það fjölgaði stöðugt gestakomum í þjóðgarðinn og er hann nú einn af vinsælustu áfangastöðum ferðamanna, jafnt innlendra sem erlendra.

Guðveig Bjarnadóttir fluttist í Bölta 1953 og býr þar enn. Hún fluttist þangað með manni sínum Jakobi Guðlaugssyni, bræðrum hans og fjölskyldum. „Ég féllst á að búa þarna í fimm ár en nú eru þau orðin 54," segir Guðveig, sem hefur tekið á móti ferðamönnum að Bölta í rúm fjörutíu ár. Á bænum var stundaður fjárbúskapur en honum þurfti að hætta þegar Skaftafell var gert að þjóðgarði. Guðveig segir það hafa verið ágætt því þótt beitilönd hafi verið góð hafi smalamennskan verið örðug í jökulhlíðunum.

„Það er yndislegt fólk hérna," segir Guðveig, „en það versta við að koma í Öræfin á sínum tíma var að eiga enga fortíð með því. Allt byggist svo mikið á að eiga eitthvað sameiginlegt með fólki, skólagöngu eða annað."

Þótt hún eigi fátt sameiginlegt með öllum ferðamönnunum sem sækja hana heim yfir sumarmánuðina hefur hún yndi af því að þjónusta þá.

„Það er svo gaman að fá gesti og blanda geði við þá." Spurð hvort hún tali þá ekki örugglega öll heimsins tungumál, líkt og Jón Einarsson sem bjó á jörðinni á átjándu öld og las mörg mál, meira að segja hebresku, svarar Guðveig játandi. „Nema eitt," segir hún og hlær.

Eins og áður sagði eiga margir erfitt með að færa fegurð Skaftafells í orð. Hún verður þó ekki hversdagsleg í augum Guðveigar, sem enn hrífst af umhverfinu á degi hverjum. „Hér er toppurinn á tilverunni. Hér er gott að vera ein og gott að vera innan um fólk. Hér elska ég að vera og vildi helst sofna hér og vakna ekki aftur."

SVART, HVÍTT, GRÆNT Ferðamenn virða Skaftafellsjökul fyrir sér frá Sjónpípu. Á myndinni sést glögglega hve fjölbreytt náttúra og landslag er í Skaftafelli.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

2.109,6 METRAR Hvannadalshnúkur á Öræfajökli lækkaði í vitund þjóðarinnar um tíu metra á björtum ágústdegi árið 2005 þegar Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra opinberaði nýjar tölur um hæð hans. Var þá gripið til þeirra orða að stundum mætti satt kjurt liggja. Fegurð hnúksins og ógurleiki minnkuðu þó ekki við nýju mælinguna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÉR ER OFT GOTT VEÐUR

Laufey Lárusdóttir bjó að Hæðum í Skaftafelli með manni sínum Ragnari Stefánssyni þjóðgarðsverði. Hún þekkir þjóðgarðinn vel, hefur enda ferðast um hann þveran og endilangan í gegnum árin.

„Hér eru margir fallegir staðir og erfitt að nefna eitthvað eitt en Svartifoss stendur alltaf fyrir sínu og svo er mjög skemmtilegt að ganga inn á brýr og horfa niður í Morsárdalinn," segir Laufey, sem nú býr aðeins spölkorn frá.

Skaftafell er annálað fyrir veðursæld enda stendur það í skjóli Öræfajökuls. Laufey segir þar oft vera gott veður en það sé sitthvað; sól í sinni og sól úti. „En hér er nú sól og blíða," sagði hún í samtali við blaðamann í gær. Eins og gengur hefur Laufey fylgst með breytingum á náttúrunni og segir hún helstu breytingu felast í hopi jöklanna. Það sjáist glögglega þegar myndir sem hún tók um 1970 séu bornar saman við nýjar.

LAUFEY LÁRUSDÓTTIR
MYND/SIGURÐUR GUNNARSSON

➜ UM SKAFTAFELLSÞJÓÐGARÐ

Skaftafell er mótað af rofi jökla og vatns. Skriðjöklarnir þrír, Skaftafellsjökull í vestri og Skeiðarárjökull og Morsárjökull í austri, gnæfa yfir og jökulárnar sem úr þeim renna setja sinn svip á umhverfið. Gróðurfar er fjölbreytt og eru hlíðar vaxnar birkiskógi. Víða vaxa reynitré. Yfir tvö hundruð tegundir háplantna hafa verið greindar í Skaftafelli en lúpína hefur gert sig heimakomna síðari ár. Fuglalíf er fjölskrúðugt í Skaftafelli; þar eru skógarþrestir, hrossagaukar og músarrindlar algengir. Nokkuð er um ref og fiðrildið hvítfeti verður áberandi um miðsumarsbil.

Heimild: Umhverfisstofnun og Landið þitt Ísland, eftir Þorstein Jósepsson og Steindór Steindórsson.

ALA LAGERSALA LAGERS

LAGERSALA Á LJÓSUM

í Skútuvogi

Opið alla daga til 21:00

eitt verð
á völdum ljósum

20% AFSLÁTTUR

af öllum öðrum ljósum

Við berjum niður verðið!

Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

ELSKAÐIR TRABBAR Nokkrir litríkir Trabantar sem unnendur austur-þýska smábílsins hafa bjargað. Eyrirtækið Trabi-Safari í Berlín býður fólki að prófa að aka Trabant um götur þýsku höfuðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SDG

Tryggð við Trabant og gangbrautarkarlinn

Eftir fall Berlínarmúrsins 9. nóvember 1989 umbreyttist daglegt líf A-Þjóðverja sem áður höfðu ekki mátt ferðast til vesturs. Auk þess að fá frelsi til að ferðast til vesturhlutans streymdu áhrif þaðan inn til **A-Þýskalands**. Ein afleiðingin var sú að austur-þýskar vörur hurfu og vestrænar vörur komu í þeirra stað, allt frá matvörum til bifreiða. *Sigríður Dögg Guðmundsdóttir* skrifar um „Ostalgie“. Síðari grein.

OSTALGIE-BÚÐ Í versluninni Mondos er seldur varningur sem minnir á lífið í hinu horfna alþýðulýðveldi. FRÉTTABLAÐIÐ/SDG

Það var ekki öllum Austur-Þjóðverjum að skapi þegar austur-þýskar vörur hurfu og vestrænar komu í þeirra stað. Enn kjósa sumir að halda sig frekar við vöruúrvalið frá því fyrir fall múrsins. Í Berlín eru einstaka verslanir sem einbeita sér að því að selja austur-þýskar vörur. Dæmi um slíka verslun má finna á lestarstöðinni Alexanderplatz í austurhluta Berlínar. Þar má meðal annars kaupa sjampó, tannkrem, hárlit og sælgæti eins og hægt var að kaupa í Austur-Þýskalandi áður en múrinn féll. Þessi eftirspurn eftir „gömlu góðu“ vörunum er ein birtingarmynd þrár eftir tímanum frá því fyrir fall múrsins sem er það útbreidd að sérstakt hugtak hefur orðið til yfir hana: ostalgía.

Glötuð menning

Verslunin Mondos í austurhluta Berlínar er ein af örfáum verslunum í borginni sem einbeitir sér að því að selja vörur sem voru vinsælar í Austur-Þýskalandi. Þar má kaupa varning merktan hinu vinsæla austur-þýska barnaefni Sandmännchen, tónlist og bækur frá tímabilinu og ýmislegt fleira. Það er sífellt að færast í vöxt að fólk sem ólst upp í Austur-Þýskalandi sæki í að kaupa vörur sem minna það á fyrri tíð að sögn Michael Dehnel sem vinnur í versluninni. Dehnel, sem sjálfur ólst upp í Austur-Þýskalandi, segir ástæðuna að vissu leyti liggja í að Austur-Þjóðverjar glötuðu menningu sinni við sameininguna þar sem hún hafi verið „sú ranga“. „Það bjuggu milljónir manna í Austur-Þýskalandi og allt þetta fólk þurfti að gefa menningu sína upp á bátinn þegar Þýskaland sameinaðist. Við höfðum annars vegar Þýskaland Sovétríkjanna og hins vegar hið „rétta“ Þýskaland.“

Síðasta táknið sem stendur

Fyrirferðarmesti varningurinn í versluninni er fatnaður, krúsir, myndir og ýmislegt fleira með mynd af umferðarljósum fyrir vegfarendur sem sett voru upp í Austur-Þýskalandi á sjötta áratugnum. Umferðarljósin, sem kallast Ampelmännchen (litli gangbrautarljósakarlinn), eru í dag helsta tákn horfna tímans í Austur-Þýskalandi að mati Dehnels.

Á tíunda áratugnum fór af stað herferð til að bjarga þessum umferðarljósum þar sem áform voru uppi um að setja í þeirra stað

> Það bjuggu milljónir manna í A-Þýskalandi og allt þetta fólk þurfti að gefa menningu sína upp á bátinn þegar Þýskaland sameinaðist.

hefðbundin umferðarljós eins og voru í vesturhlutanum. Herferðin bar árangur og umferðarljósin standa nú víða í bland við vestrænu umferðarljósin. Í dag er varningur merktur Ampelmännchen vinsælasti varningurinn í Mondos og merkið orðið nokkurs konar tískufyrirbrigði að sögn Dehnels. „Fyrir mér er þetta síðasta tákn æsku minnar og landsins sem ég ólst upp í.“

Átján ára bið eftir bíl

Í hugum margra er Trabantinn, eða Trabbi eins og hann er oft kallaður, holdgervingur Austur-Þýskalands. Orðið Trabant þýðir ferðafélagi og var hann algengasti bíllinn á götum Austur-Þýskalands. Að eiga Trabant þótti mikið stöðutákn en það var ekki einfalt mál að eignast slíkan kostagrip þar sem biðin eftir honum gat tekið allt að átján ár frá pöntun. Þessi gífurlega langi biðtími leiddi til þess að stundum var fólk tilbúið að greiða hærra verð fyrir notaðan Trabant heldur en glænýjan þar sem það fékk hann þá strax í hendurnar.

Biðtíminn gerði það einnig að verkum að fólk hugsaði vel um bílana sína og lærði að gera við þá en þeir voru mjög einfaldir að gerð. Trabantar voru framleiddir á árunum 1957 til 1990 í yfir þremur milljónum eintaka. Meðallíftími Trabants var 28 ár.

Eftir sameiningu Þýskalands dró hratt úr vinsældum Trabantsins þegar honum var skipt út fyrir nútímalegri og betri bíla. En síðustu árin hefur Trabantinn öðlast tryggan aðdáendahóp. Heilmikil menning er í kringum þessa bíla og eru um 250 Trabantklúbbar starfandi í Þýskalandi. Þá er í gangi blómlegur rekstur við að bjóða fólki að leigja Trabant og keyra um miðborgir Berlínar og Dresden í bílalestum til að upplifa akstur á „austur-þýska mátann“.

Mengunarvaldar bannaðir

Þessi ástsæli bíll á í dag undir högg að sækja því frá og með næstu áramótum verður bannað að keyra á Trabant í miðborgum stærstu borga Þýskalands vegna þess hve mikið þeir menga. Fólki mun þó áfram gefast kostur á að upplifa hvernig er að keyra Trabant þar sem fyrirtækið Trabi-Safari hefur fengið sérstaka undanþágu til að keyra Trabanta í miðborg Berlínar og Dresden. Bílalestina leiðir starfsmaður Trabi-Safari í sérmerktum Trabant og í gegnum labbrabbtæki lýsir leiðsögumaður því markverðasta sem bílalestin keyrir fram hjá.

Tobias Sturm, starfsmaður Trabi-Safari, óttast að Trabanteigendum muni fækka gífurlega í kjölfar bannsins. „Í dag eru einungis um 50.000 Trabantar skráðir í Þýskalandi og undanfarin ár hefur þeim fækkað um átta þúsund á hverju ári.“ Sturm telur að þegar fólki verði meinað að keyra á Traböntum í miðborgum muni margir ákveða að selja þá.

Vissara að halda í hurðir

Að banninu frátöldu þá er fleira sem gerir Trabanteigendum erfitt fyrir að sögn Tobiasar. Nefnir hann þar helst til háa skatta sem greiða þarf af þeim, erfiðleika við að finna rétt eldsneyti á þá og hörgul á varahlutum þegar gera þarf við þá. Þar fyrir utan séu þeir alls ekki öruggir en yfirbygging Trabants er úr sérstakri gerð af hertu plasti. „Yfirbyggingin er þannig úr garði gerð að ef þú lendir í árekstri á 50 kílómetra hraða þá ertu dauðans matur.“

Auk vandræða og óöryggis sem fylgja Trabantinum þá er sérstök tilfinning að keyra hann miðað við nýjustu bíla í dag. Vélin er hávær og höktandi og frá henni leggur mikinn tvígengis-útblástursreyk. Enginn bensínmælir er í bílnum heldur þarf að stoppa, og stinga staut ofan í bensíngeyminn til að athuga eldsneytisstöðuna.

Trabantinn er aðeins 26 hestöfl og hámarkshraðinn um hundrað kílómetrar á klukkustund. En á slíkum hraða er vissara að halda báðum höndum þéttingsfast um stýrið að sögn Tobiasar. „Og helst þarftu að vera með farþega í bílnum sem geta haldið í dyrnar því annars er hætta á að þær detti af.“

Trabant var eini bíllinn sem var framleiddur í Austur-Þýskalandi að Wartburg undanskildum. Og öll þrjátíu og þrjú árin sem hann var í framleiðslu varð engin þróun á gerð hans, þrátt fyrir að verkfræðingar hafi verið með frábærar hugmyndir að endurbótum. „En stjórnmálamennirnir vildu ekki breyta út af framleiðsluferlinu,“ segir Tobias. „Á þessum tíma var áætlunarbúskapur opinber stefna og öll fyrirtæki voru í eigu ríkisins. Stjórnvöld gerðu áætlanir um hversu marga bíla átti að framleiða sem voru síðan ekki í neinu samræmi við eftirspurnina. Einnig þurfti fólk að bjarga sér sjálft um varahluti þar sem framleiðsla á þeim var ekki heldur í samræmi við eftirspurn.“

Allir jafnir á Trabant

Mestmegnis eru það ferðamenn sem koma og leigja Trabanta en Tobias segir að einnig komi gamlir Trabanteigendur til þess að endurupplifa tilfinninguna við að keyra Trabant. „Það er misjafnt af hverju fólk kemur til okkar, margir vilja bara prófa að keyra Trabba einu sinni á ævinni og aðrir vilja upplifa ostalgíuna.“ Tobias, sem ólst upp í Austur-Þýskalandi, var sjö ára þegar múrinn féll og segist sjálfur eiga margar bernskuminningar úr Trabantinum sem fjölskylda hans átti.

Aðspurður hvað hugtakið ostalgía merki segist Tobias telja það vera í meginatriðum jákvætt en það hafi einnig neikvæðar hliðar að minnast tímans í austan múrsins. „Neikvæðu hliðarnar lúta að því að fólk gat ekki farið ef það vildi og leyniþjónustan Stasi njósnaði um borgarana. En aðstæður í daglegu lífi voru allt öðruvísi því fólk virkilega þurfti að hjálpa hvort öðru. Peningar skiptu ekki máli því að oft var ekki hægt að kaupa vörurnar sem fólk vantaði. Því þurfti það að reiða sig á hvert annað.“

Tobias tekur sem dæmi þegar Saxelfur flæddi yfir bakka sína árið 2002 með þeim afleiðingum að borgin Dresden, sem var í Austur-Þýskalandi, fór undir vatn. „Á þessum tíma kom fram hjá fólki sama tilfinning og var til staðar í Austur-Þýskalandi. Fólk fór að hjálpa hvert öðru.“

Trabi-safari er veigamikill partur af ostalgíu að mati Tobiasar þar sem fólk getur kallað fram þessa tilfinningu í bílunum. „Í Austur-Þýskalandi voru allir á sömu hillu. Allir áttu eins bíl. Allir bjuggu í eins húsnæði. Og launin voru næstum því þau sömu sama hvert starfið var, öfugt við í dag þegar gífurlegur launamunur er til staðar í samfélaginu. Það lifðu allir eins og voru jafningjar. Það var gott.“

➜ LITLI GANGBRAUTARLJÓSAKARLINN

Árið 1961 hannaði umferðarsálfræðingurinn Karl Peglau sérstakt umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur sem var ætlað að auka öryggi þeirra í síaukinni bílaumferð í A-Þýskalandi. Peglau vildi búa til tákn sem myndu höfða til barna og aldraðir ættu auðveldara með að greina. Útkoman varð grænn karl með hatt sem virðist rigsa áfram á fleygiferð og rauður karl með hatt sem stendur teinréttur með arma útrétta til hliðanna.

Eftir fall Berlínarmúrsins og sameiningu Þýskalands hugðust yfirvöld taka niður þessi umferðarljós og setja í þeirra stað upp hefðbundin umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur eins og voru uppi í vesturhlutanum (og eru eins og á Íslandi). Íbúar fyrrum A-Þýskalands brugðust hins vegar ókvæða við og hrundu af stað herferð fyrir því að þessi hluti menningar þeirra yrði látinn í friði. Herferðin bar árangur og í dag má sjá þessi sérstæðu umferðarljós víða um Berlín. Dæmi eru einnig um að borgir í fyrrum V-Þýskalandi hafi ákveðið að setja upp slík umferðarljós.

Árið 2004 var kvenkyns útgáfa af Ampelmännchen kynnt í borginni Zwickau og stuttu síðar voru sams konar umferðarljós sett upp í borginni Dresden.

Róm

Beint flug
5. okt.
9. okt.
12. okt.

í október

frá kr. 19.990

Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú einstakt tækifæri til borgarinnar eilífu, í beinu leiguflugi í haust. Nú getur þú kynnst þessari einstöku borg, sem á ekki sinn líka og upplifað árþúsundamenningu og einstakt andrúmsloft. Fjölbreytt gisting og spennandi kynnisferðir í boði undir öruggri leiðsögn fararstjóra Heimsferða, Ólafs Gíslasonar og Einars Garibaldi Eiríkssonar sem þekkja þessa perlu Ítalíu flestum Íslendingum betur.

Verð frá kr. 19.990
Netverð á mann, m.v. flugsæti báðar leiðir, út 9. okt. og heim 13. okt..
Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði á þessu verði.

Gisting frá kr. 6.800
Netverð á mann pr. nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Torre Rossa Park ***+.

Verð frá kr. 74.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 4 nætur 12. okt. á Hotel Gioberti ***+ í Róm með morgunverði og íslenskri fararstjórn.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Stundum er sagt um eigendur stórra bíla að þeir séu að bæta upp fyrir eitthvað annað, en hvað þá um eigendur Austin Mini?
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Austin Minimalismi

Fyrir sjö árum keypti Karl West sér Austin Mini til að verðlauna sjálfan sig fyrir almenna góða hegðun í lífinu.

Bíllinn er árgerð 1997 en Austin Mini voru framleiddir á árabilinu 1959-2000, svo Karl rétt náði í restina.

Hann ekur bílnum aðeins á sumrin enda segir hann ýmsar hættur steðja að svona litlum bíl í nútímaökumenningu. Í dag sýnir mælirinn um 60.000 ekna kílómetra en fljótlega fer að líða að því að hann leggist í vetrardvala og hvíli lúin dekk.

„Ég heillaðist bara af þessu litla konsepti," segir Karl og bætir því við að aka Mini sé eins og að vera á yfirbyggðum go-kart bíl af því hann er svo lítill.

„Uppgefinn hámarkshraði er 150 kílómetrar á klukkustund en ég hef aldrei farið svo hratt, enda líður manni eins og maður sé á hundrað þegar maður er á fimmtíu. Nálægðin við götuna er svo rosaleg og fjöðrunin svo stutt að maður finnur fyrir minnstu tyggjóklessu," segir hann og hlær.

Í Japan, Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum er mikill menning kringum Austin Mini en Karl gerði sér ferð á samkomu Mini-eigenda þegar hann var staddur í Los Angeles fyrir nokkrum árum.

„Þetta hét „Mini meets West" og þar voru samankomnir allir Mini-eigendur vesturstrandarinnar, allt frá British Columbia niður til Mexíkó. Þetta voru vægast sagt spes náungar og engin spurning að fyrir þeim var þetta lífsstíll," segir hann og flissar.

Spurður að því hvort það sé eitthvað sem Min-eigendur heimsins eigi sameiginlegt annað en að aka þessum krúttlega bíl segir Karl að flestum detti Mr. Bean í hug, en að það eigi ekkert skylt við raunveruleikann.

„Bretarnir útskýra þetta með orðunum „It´s a mini thing you wouldn´t understand" en ég held að þetta snúist um að finnast litlir hlutir fallegir. Svo er náttúrlega sagt um eigendur stórra bíla að þeir séu að bæta upp fyrir eitthvað annað, en eigendur Mini þurfa augljóslega ekki að hafa áhyggjur af því og fólk má túlka það að vild."

margret@frettabladid.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100

Það er komið nýtt verkfæri á markað sem verður þitt uppáhalds. Peugeot hefur endurhannað nýja kynslóð af Boxer, bíl sem er ætlaður iðnaðarmönnum. Óviðjafnanlegir aksturseiginleikar, hátækni vél og bíll í stærðarflokki sem hentar þínum rekstri og gerir þinn vinnudag auðveldari.
Peugeot Boxer Van á hagstæðu verði, **aðeins frá kr. 2.545.000 með VSK.**

BÍLLINN Í ÞÍNU LÍFI
PEUGEOT

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Skafa ætti að vera í hverjum bíl núna þegar farið er að hausta. Einhvern morguninn á hún eftir að koma sér vel.

Vistvæn framtíð

Úrslit úr ökutækjakeppninni Kappaksturinn mikli sem fram fór 13. september verða gerð kunn á morgun klukkan 14.30 í Perlunni.

„Markmið keppninnar er að vekja athygli á mengun frá ökutækjum, hversu miklu þau eyða og hvað kostar að reka þau. Aðalatriðið er að fólk fái áhuga á þessum málum og kynni sér þau," segir Heimir Hjartarson, sem sá um að koma Kappakstrinum mikla á koppinn. Hann segir margt að gerast í heimi vistvænna orkugjafa og nauðsynlegt fyrir fólk að átta sig á möguleikunum þar.

„Keppt var á þremur sviðum: minnstu orkunotkun, minnsta CO2-útblæstrinum og ódýrasta hringnum. Það voru bílaumboðin Hekla, Brimborg, Bernhard og Toyota sem tóku þátt og bílarnir voru 27 talsins, allt frá smábílum upp í jeppa," lýsir Heimir.

Ökutækjakeppnin var á vegum Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands og Orkuveitu Reykjavíkur í samstarfi við Atlantsolíu, Metan hf. og Driving Sustainability. Síðastnefnda batteríið er með sýningu í Perlunni á vistvænum bílum sem stendur fram á mánudag og ráðstefnu á mánudag og þriðjudag. Heimir segir framtíðarlausnina í augnablikinu vera þá að hafa sem flesta orkugjafa í boði. „Það er svo mikið að gerast í vistvænum málum og við getum ekki veðjað á eitthvað eitt því við vitum ekki hvernig útkoman verður en þurfum að prófa allt og hafa sem mesta fjölbreytni." *gun@frettabladid.is*

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Sumarbústaðaferðir eru upplagðar á haustin. Ágætt getur verið að eyða helgi fjarri ys og þys þéttbýlisins þegar hversdagslífið er komið af stað eftir sumarfrí.

Golfferð til Flórída

Icelandair býður nú í fyrsta sinn upp á golfferð til Bay Hill á Flórída.

Golfvöllurinn Bay Hill er virkilega glæsilegur eins og sjá má hér við holu þrjú.

Lagt verður upp í ferðina hinn 8. nóvember og gist á Bay Hill-hótelinu í átta nætur. Innifaldir í verðinu eru þrír golfhringir á Bay Hill-vellinum en möguleiki er að bæta við hringjum á þeim velli eða öðrum völlum í nágrenninu.

Kjörið er að nýta ferðina til að njóta sólarinnar og kaupa jólagjafir eða annað og þess er getið á vef Icelandair að á þessum árstíma sjáist Arnold Palmer, meistarinn sjálfur, gjarnan á golfvellinum í Bay Hill.

Nánari upplýsingar á: icelandair.is - sig

Falin perla

Veitinga- og skemmtistaðurinn Hakkasan í London lætur ekki mikið yfir sér að utan en er stórglæsilegur og skemmtilegur þegar inn er komið.

Anddyri Hakkasan er blómum prýtt og með fallegri og skemmtilegri lýsingu sem skapar mystíska stemningu.

Hakkasan er í litlu húsasundi og er einn af flottustu kínversku veitingastöðunum í borginni en er alls ekki auðfundinn. Staðurinn er í niðurgröfnum kjallara og þegar þangað er komið tekur við ný veröld af skemmtilegri og nýstárlegri austurlenskri hönnun og lýsingu frá kertaljósum og litríkum ljósum sem skína útundan panelnum.

Kokkteilarnir eru með austurlensku þema og maturinn að sjálfsögðu líka. Stemningin á staðnum er notaleg en þó lífleg þar sem danstónlist er leikin undir borðhaldinu.

Hakkasan er staður til að prófa þegar ferðast er til London og þess má geta að fræga fólkið í borginni sést gjarnan á staðnum, sem hefur verið í tísku í London um nokkurt skeið. - sig

Viðstödd afhendingu fyrsta Land Rovers Ísafoldar. Soffía Waag Árnadóttir frá Kolviði, Karl S. Óskarsson sölustjóri hjá B&L, Jón Baldur Þorbjörnsson hjá Ísafold og Jón Björn Skúlason hjá Íslenskri NýOrku.

Jeppar til útleigu

Land Rover Defender-jeppar verða leigðir út til skipulagðra ferða, undir eftirliti og leiðsögn Ísafoldar.

Nýlega var gengið frá samningi um kaup á átta nýjum Land Rover Defender-jeppum milli fyrirtækjanna B&L og bílaleigunnar Ísak sem er dótturfyrirtæki ferðaskrifstofunnar Ísafoldar. Bílunum verður breytt fyrir 38“ dekk og munu þeir frá og með næstu áramótum verða leigðir út í skipulagðar ferðir undir eftirliti og leiðsögn starfsmanna Ísafoldar. Allir ökumenn fá ítarlegar leiðbeiningar um hvað þarf að aðgæta í sambandi við akstur breyttra bíla áður en lagt er af stað og í boði eru stutt námskeið um allt sem lýtur að aksturstækni og ferðamennsku.

Að sögn forsvarsmanna Ísafoldar vilja þeir með þessu fjölga afþreyingarmöguleikum í ferðaþjónustu og renna frekari stoðum undir heimsóknir erlendra ferðamanna til landsins, ekki síst að vetri til.

Sem mótvægisaðgerð vegna losunar koltvísýrings sem af akstrinum hlýst hefur Ísafold samið við Kolvið um gróðursetningu trjáa og einnig mun ferðamönnum á vegum Ísafoldar í auknum mæli verða gefinn kostur á gróðursetningu að sumarlagi. - gun

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is



www.grindavik.is

FJÖLSKYLDU-STEMNING · VEITINGAR · FJÖLBREYTTAR GÖNGULEIÐIR · SALTFISKSETUR ÍSLANDS

Réttardagur í Grindavík

Það verður líf og fjör í Grindavík á réttardaginn 15. september!

Dagskrá

Þórkötlustaðaréttir
Smalað verður í afrétti Grindvíkinga, föstudaginn 14. september og dregið í dilka kl. 14:00 laugardaginn 15. september í Þórkötlustaðarétt í Grindavík.

Ratleikurinn „Finna féð“
Ratleikur fyrir alla fjölskylduna í nágrenni við Þórkötlustaðarétt. Leikurinn gengur út á að leita að vísbendingum og svara léttum spurningum sem tengjast sauðkindinni. Ullarvinningar að sjálfsögðu í verðlaun.

Veitingar og harmonikkuspil í stóru tjaldi við Auðsholt.

11:00 - Seljaferð | Þjóðháttakynning
Grindavíkurbær og Saltfisksetrið bjóða upp á þjóðháttakynningu II – seljabúskap, laugardaginn 15. september, í samvinnu við SJF Menningarmiðlun og FERLIR.

Áætlað er að leggja á stað kl. 11 með rútu frá Saltfisksetrinu í Grindavík og aka að Méltunnuklifi við Ísólfsskálaveg. Gengið verður að Hraunsseli.

Leiðsögumenn verða með í för og fræða um seljabúskapinn og það sem fyrir augu ber á leiðinni. Áætlað er að koma til baka að Saltfisksetrinu um kl.15:30. Allir eru á eigin ábyrgð.

Rútugjald er 1000 kr.

Að lokinni göngu er hægt að sameinast fjárrekstrinum og taka þátt í réttarstemningu við Þórkötlustaðaréttir.

GRINDAVÍK ...góður bær

Frábær fatnaður á ótrúlegu verði!

Jahti Jakt Premium Hunting
kr 12.500

Jahti Jakt Cordura skór
kr 10.500

Vatnsheldir leðurskór með öndun
kr 9.500

Jahti Jakt Pro Hunter
kr 9.500

Icefin
Nóatún 17
s: 534 3177
www.icefin.is

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–17
UM HELGAR 11–16

Bílabúð Benna

MMC CARISMA GLX 1600 árg. 1998, ek. 141 þús. ssk. Abs, álf. Cd, fjarstýrðar samlæsingar, og fl. Ný tímareim í 95 þús. Verð 350 þús.

SSANGYONG MUSSO E-23 GRAND LUXE, 5/2001, ek. 88 þús. 5 dyra, ssk. Álf. 31" cd, rafm. í rúðum og speglum, snyrtilegur bíll. Verð 990 þús.

MMC PAJERO SPORT 2400 DIESEL, 8/2000 ek. 153 þús. dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar, leður, topplúga, cd, rafm. í rúðum og speglum. Ný tímareim. Möguleiki á 100% láni . Verð 1.590 þús.

HYUNDAI GETZ GLS 1300, 9/2004, ek. 24 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, fjarstýrðar samlæsingar ,rafm. í rúðum og speglum. Verð 1.150 þús.

CHEVROLET LACETTI CDX 1800 SPORT ek.22 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. 16", abs, fjarstýrðar samlæsingar, 4 líknarbelgir, rafm. í rúðum og sepglum, cd magasín, filmur og fl. Áhvílandi 1.063 þús. 18 þús. pr. mán. Verð 1.490þús.

SUZUKI SIDEKICK SPORT 1800, ek. 165 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, cd, fjarstýrðar samlæsingar og fl. Mikið yfirfarinn. Verð 490 þús. Tilboð 370 þús

Bílabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is

bílalind BÍLASALA

Toyota corolla G6 Árg 9/98 ek 111þ 16" álf. Ný skoðaður '08 Verð 340 þ. stgr. 100% lán mögulegt. S. 699 5801

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og Þurkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Gefins

Tveir kassavanir kettlingar fást gefins. Fæddust á 17 júní. Uppl. gefur Milla í s. 862 2869

Furu - skirfborð 3 skúffur og skápur. Lítur mjög vel út. Fæst gefins gegn því að vera sótt. S. 564 3569.

Hljóðfæri

EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Til sölu Elektrra Beckum borðfræs með framdrifi auk 3 hausa á 130 þús. kr. stgr. í síma 695-5771

Til bygginga

Brunavarnahurð!

Tvöföld brunavarnahurð til sölu. Selst hæstbjóðandi gengn staðgreiðslu. Einnig slitin 28" gröfudekk undan JCB 4CX. S. 893 4595

DOKA STÁLMÓT TIL SÖLU 135x270. 56.stk. 90x270. 6.stk. og tvö horn uppl. 8964511

Krani og vinnuskúr, til leigu 16 m Benazzato krani og vinnuskúr með rafmagnstöflu og góðri kaffiaðstöðu. Upplýsingar í síma 698 2261.

Til sölu 2 nýlegir 20 feta íbúðagámar, með 2 gluggum og hurð. Nánari Uppl. gefur Hörður í s. 897 2272.

Verslun

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Ég óska eftir að þrífa heimili. Hef unnið við þrif seinasta ár, hef því mikla reynslu. S. 847 6277.

Ræstingar

Tek að mér flutningsþrif fyrir heimili og fyrirtæki, er vön. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 659 9511.

Hreinna

Tökum að okkur alhliðaþrif, flutningsþrif, djúphreinsanir og öll almenn heimilisþrif fyrir sameignir, heimahús og fyrirtæki. Hjörleifur s. 844 6547 og Aron s. 845 7530.

Garðyrkja

Grafa og vörubíll með krabba
Vantar ykkur að láta moka grunna eða gera garðinn flottan, komust einnig í smágröfu. Allt kemur til greina.
Upplýsingar gefur Ingólfur í síma 868 2204.

Gröfuþjónusta, hellulagnir, þökulagnir, drenlagnir, jarðvegsskipti og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. Vönduð vinnubrögð. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

Bókhald

TIL SÖLU

Málarar

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Flísar og pípulagnir
Við bjóðum upp á flísalögn og pípulagnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Öll vinna í einni hendi. Skjót þjónusta, gott verð og fagmennska í fyrirrúmi. Hringið í okkur og við gerum ykkur verðtilboð. EZ ehf, símar 555 1807 (einnig fax), 897 5072.

Húsaviðhald
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu og flísalögnum.
Upplýsingar í síma 695 4661.

Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...
Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrífum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Hanna 908 6040
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

661 3839 - Símaspá
Fast verð. ATH. stgr. Opið alla daga frá 17-23.

Stína Lóa Spámiðill
Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.
Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.

Iðnaður

Til þjónustu reiðubúinn
Eldri iðnaðarmaður óskar eftir ýmsu viðhaldi td. múra, mála eða flísaleggja. Fyrir eldriborgara og öryrkja ofl. Hef bíl til umráða. Leggjið inn fyrirspurnir á fréttablaðið merkt traust og heiðarleiki. eða í S. 866 3175.

Rafvirkjun

RafList
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,

og fagleg raðgjöf.
Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.

Önnur þjónusta

Pípulagnir
Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum.
S. 663 2572.

K-Matt ehf. vefsíða www.k-matt.is. Sími 421 8999. E-mail k-matt@k-matt.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Viltu léttast hratt og örugglega?
www.diet.is – www.diet.is Margrét s. 699 1060.

5 mínútur í þynnri þig. Frí líkamsgreining. Dagný Davíðsd. S.D.A. Herbalife 897 7612

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir og fylgihlutir til sölu 45.000 st.gr. 891 6447, Ólafur

Nuddherbergi til leigu, góð aðstaða. Gunnar S. 822 0727

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Harmonikukennsla
fyrir byrjendur og lengra komna. Einkatímar. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

Námskeið

HANDVERKSNÁMSKEIÐ
Þjóðleg námskeið
Baldýring - hekl - prjón - leðursaumur orkering - sauðsksinnsskór - víravirki tóvinna - þjóðbúningasaumur - o.m.fl.
HEIMILISIÐNAÐARSKÓLINN
Laufásvegi 2 - 101 Reykjavík
s. 551 7800 895 0780 www.heimilisidnadur.is skoli@heimilisidnadur.is

LEIRKRÚSIN Ný námskeið að hefjast Opið verkstæði alla daga S: 564 0607 www.leir.is

HANDVERKSNÁMSKEIÐ
Baldýring - hekl - prjón - leðursaumur orkering - sauðsksinnsskór - víravirki tóvinna - þjóðbúningasaumur - o.m.fl.
Heimilisiðnaðarskólinn.
Nethylur 2E. 110 Reykjavík
s. 551-7800 895-0780 www.heimilisidnadur.is skoli@heimilisidnadur.is

Flug

Flugklúbbur Flugskóla Íslands
Góður kostur fyrir tímasöfnun og einkaflug.
Upplýsingar í síma 825 1505.

Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu alveg ónotað hvítt eldhúsborð og 6 hvítir stólar, keypt í Virku á 245 þús. Tilboð óskast! Borðið er 152x86 cm. Sigrún s: 868 2871.

Nýr sófi frá Miru + ábyrgðarskírteini 38.000 kr., Suzuki fiðla 1/10 28.000 kr., eins manns rúm + yfirdýna 10.000 kr., tölvuborð 3.000 kr. S. 694 3592 í 104 Rvk.

Hátt barna/unglingarúm með skrifborði og hillu, frá IKEA selst á hálfvirði. S. 894 2600

Til sölu nýtt sófasett 3x2 (Broyhill rauð brúnt), Borðstofuborð (st. eyk) 4 stólar með háu baki, 2 glæsilegir rokkókóstólar (útskornir), Antik kommóða m/3 skúffum, Bang/olufusen 21" sjónvarp(nýtt frá mars), hvítt eldhúsborð + 4 stólar, veggspeigill. Uppl. í s. 562 3770 & 696 1649.

Hjónarúm, ný undir/yfirdýna, hvítt járnrúm, sófasett 3+1, sófaborð, 4 stólar. Verðtb. S. 561 5368 & 6595 966.

Til sölu nýlegt rafmagnsrúm frá betra bak 90X200 cm með tempur heilsudýnu. Einnig eldhúsborð, hæginda stólar ofl.S. 893 6060

Heimilistæki

Til sölu Siemens þurrkari, tæplega 2 ára lítið notaður. Nýr kostar 80 þ. Selst á 40 þ. S. 692 0057

Hvít Ariston eldavél með blástursofni 5 ára gömul, selst á 10 þ. S. 894 3087

Gefins

Gefins, gefins
Verð í uppboðssalnum í Kolaportinu um helgina. Mikið af nýjum buxum, allt gefins. Gengið inn um vinstri hurð á móti sjónum. Sjáumst hress.

Dýrahald

Íshundar auglýsa
Haustsýning íshunda fer fram helgina 27 og 28 Okt n.k.
Skráning er hafin í síma 577 2474 og á ishundar.is skráningu lýkur 5 okt.

2 Himalaya Persa kettlingar
Eru tilb. til afhendingar. Aðeins góð heimili koma til greina. Eru undan DNA PKD neikv.foreldrum. Foreldrar sýndir. Pabbinn nýinnfluttur. Uppl. í síma 691 2396.

Collie-Lassy hvolpar
Til sölu gulir Rough Collie, ættbók frá HRFI, bólusettir og heilsufarsskoðaðir, uppl,893 5004,huppa@mi.is www.naeturcollie.com

Bullmastiff til sölu! Rólegir, barngóðir og yndislegir heimilishundar. Bólusettir, örmerktir, ormahreinsaðir og með ættbók hjá HRFI. Uppl. í síma 6617968 Selma. Net : 123.is/mastiff

Heimapössun Tek að mér að passa hunda heima í lengri og skemmri tíma. Daglegir göngutúrar og heimilisleg umönnun. Mjög takmarkaður fjöldi pantið því tímanlega. uppl. thuryh@visir.is S:661 5506

Hundaskóli-Heimsenda-Hunda
Grunnnámskeið hefst 19 september. Næsta syningarnámskeið hefst 25 september nánari uppl. og skráning á hundaskoli.net og í síma 897 1992.

Rúml. 10 mán rauð Pomeranian tík til sölu. Ættislegur karakter Ættb. frá Íshundum. Hefur verið sýnd. uppl. 863 8596

Rólegir barngóðir og yndislegir heimilishundar. Afhendast bólusettir, örmerktir, ormahreinsaðir og ættbókafæriðr hjá HRFÍ. S. 690 1903.

Labrador strákur
2 mánaða gullfallegur svartur labrador strákur til sölu. Foreldrarnir eru Norðurhjarar Hrefnu Ronja og Leiru Harró sem bæði hafa 1 einkunn. Hvolpurinn eru ættbókafærður hjá HRFÍ. Verð 150 þús. Uppl. í s. 856 5986.

Til sölu hvolpar Basset Fauve De Bretagne, verða afhentir, bólusettir, örmerktir, tryggðir og ættbókafærðir hjá HRFÍ. S. 422 7501.

TIL SÖLU

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 80.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

Hestamennska

Gæða plast
Gæða plast í hesthúsagrindur og veggjaklæðningar. Flottir litir. E. Sigurðsson ehf. Sími 691 8842

Eik
Eik í hesthúsagrindur og veggjaklæðningar E.Sigurðsson ehf. Sími 691 8842

Hesthúsainnréttingar
með eik eða plast efni. 10 ára reynsla - vönduð vinna. Aðalsteinn, 869 6690.

Fyrir veiðimenn

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigusalar auglýsa frítt.
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
Leigjendur leita frítt.
Leiga.is býður
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Til leigu 90 fm. íbúð á hvaleyrarbraut 22 Hfn. Einnig mjög gott 130 fm. iðnaðarhúsnæði á sama stað. S. 820 4059.

Til leigu 160 fm einbýlishús í Borgarheiði, Hveragerði. Stór afgirtur garður. Mjög gott hús. V. 130 þ./mán. Uppl. í s. 820 4059

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Útsýnis-íbúð í 101 Rvk, nál. Tjörn, 50-55fm. 62 þús. + rekstrarkostn. + trygg. S. 551 6527 & 867 4280.

106 fm 4 herb. íbúð. Til leigu í Njarðvík. Leiga 105 þ. á mán S. 848 7984

Rooms and apartments to rent at Hverfisgata from september 16. Rent for rooms is from 50-60.000 per month, apartments from 110.000. Please call 8991525 from 14.00-18:00 for information. Herbergi og íbúðir til leigu uppl í síma 8991525 á milli 14:00-18.00

Akranes 4 herb. íbúð í einbýli til leigu. Fyrirfrgr. Tilboð óskast. Uppl. í s. 867 6073 Rakel.

Björt 120 fm íbúð til leigu, laus strax. 2 góð svefnh, stór stofa, þvottahús inní íbúð og aukaherb. Falleg íbúð við hlið HR. Einnig til leigu bílskúr 24fm m heitu/köldu vatni. Leigist sér. Reglusemi og skilvísar greiðslur skilyrði. Uppl s: 899-3767.

Húsnæði óskast

Einstæð móðir óskar eftir 3ja herbergja íbúð í Hafnarfirði sem allra fyrst. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Skilvísi og reglusemi heitið. Uppl. í s. 698 9122.

Fyrirtæki vantar tvær 3ja herb. íbúðir/hús eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax fyrir erlenda starfsmenn. Snyrtimennsku og skilvísum greiðslum heitið. S. 820 7062 & 820 7060.

Reglusamur einstakl. óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð til leigu sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s:8571494.

Par óskar eftir húsnæði til leigu sem allra fyrst. Skilyrði að það sé hægt að vera með hunda. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 861 3732.

Fjölskylda utan af landi óskar eftir 3 herb. íbúð á svæð 104. S. 845 9297

Vantar handa dóttur minni, Íbúð sem að hentar vel. Með kærasta og barn á sinni, og greiðslugetu góða tel. 70-100 þús. Sem nærst Laugarnesveigi. Rúnar 892 1240.

Sumarbústaðir

Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

Varmahlíð, Skagafjörður. 60 fm bjálkahús öll skipti koma til greina. http://mbl.is/mm/fasteignir/fasteign/?eign=260057. Sími 697 8381.

Varmahlíð, Skagafirði 50 fm bjálkahús öll skipti koma til greina http://mbl.is/mm/fasteignir/fasteign/?eign=260058. Sími 697 8381.

Atvinnuhúsnæði

106 fm í Kópavogi til leigu í 6-12 mán, klósett og stórt geymslurými, innkeyrsludyr. Uppl í s. 663 0000

Óska eftir 50-200 fm iðnaðarhúsnæði. Hef meðmæli og get greitt fyrirframgreiðslu ef með þarf. Er í síma 898 0335, Stefán.

Til leigu 100 fm verslunarhúsnæði á Laugarvegi. Uppl í s. 821 5212

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæði fyrir fellihýsi í kópavogi til leigu. Pantið tímalega til að tryggja ykkur pláss uppl.í síma 8213733

Gisting

Stúdíóíbúð í Reykjavík
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloor-hotel.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Frístundaheimili
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

Mosfellsbakarí
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

Atvinna
Vélamaður óskast til framtíðarstarfa.
Fjölbreytt og skemmtileg vinna.
Upplýsingar hjá Gylfa í síma 895 3774.

Nonnabiti
Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18, reyklaus.
Uppl. í s. 898 5956 & 899 1670 eða á staðnum.

Aðstoðarverslunarstjóri/sölumaður
Viljum ráða röskan og drífandi mann sem sölumann og aðstoðarverslunarstjóra til starfa sem fyrst í vel þekktri verkfæraverslun. Við leitum eftir stundvísum og heiðarlegum manni með góða forystuhæfileika til starfa hjá traustu og vaxandi fyrirtæki. Við bjóðum góð laun, árangurstengd fyrir réttan mann með metnað til að auka og efla söluna hjá versluninni. Sæmileg tölvukunnátta og þokkalegt vald á ensku nauðsynlegt.
Uppl. um fyrri störf og meðmæli sendist á tölvupósti vl@simnet.is sem allra fyrst.

Aktu Taktu
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

Söluturninn Jolli Hafnarfirði
Leitar eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Skemmtileg vinna á frábærum vinnustað. Tilvalin vinna fyrir skólafólk. Umsóknareyðublöð á staðnum.

Serrano Hringbraut Fullt Starf - Mánaðarlaun 170-190.000
Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á Serrano á Hringbraut. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 170-190.000 kr.
Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano í síma 899-8947.

Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði
Óskar eftir að ráða góðan smið eða húsasmíðameistara sem verkstjór. Verður að hafa góða stjórnunarhæfileika
Uppl. í s. 820 7060 & 820 7062.

Atvinna Atvinna
Óskum eftir að ráða brosmilt fólk til starfa á kassa og afgreiðslu í verslun. Um hálft eða fullt starf er að ræða. Laun samkomulag.
Upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum eða í síma 820 8003.

Kornið Bakarí
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á Tjarnarvöllum frá kl. 12-18.30. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

„Viltu slást í hópinn með JÓA FEL ??“
Höfum í boði afgreiðslustörf í bakaríinu okkar á Kleppsvegi. Einnig í boði helgarvaktir sem henta vel fyrir skólafólk.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Vaktstjóri á Pizza Hut!
Pizza Hut leitar að vaktstjórum í veitingasal. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Ómari Pizza Hut Smáralind í síma 869 6683, Þórey Pizza Hut Sprengisandi 822 3642 og Birgir Pizza Hut Nordica 694 8022.

Störf á Pizza Hut í vetur
Fullt starf, hluta störf í vaktavinnu og hlutastörf á daginn. Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í vetur. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Getum einnig bætt við hjá okkur hlutastarfsfólki í hádeginu og um miðjan dag. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandi 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.

Sælgætis og videohöllin Garðatorgi
Óskum eftir að ráða fólk í kvöld- og helgarvinnu hentar vel skólafólki.
Umsóknareyðublöð á staðnum.
Einnig hægt að hringja í sima 565 6677.

Cafe Oliver
Cafe Óliver óskar eftir reyndum barþjónum og þjónum í sal í fullt starf og/eða hlutastarf.
Vinsamlegast hafið samband í 692 9802 eða cafeoliver@cafeoliver.is

Fullt starf eða auka vinnu
Viljum bæta við þjónustufólki fyrir veturinn í fullt starf og auka vinnu. Lágmarksaldur er 18 ár.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið s. 893 2323.

TIL LEIGU

Til leigu er c.a. 98m2 þriggja herbergja íbúð í glæsilegri fallegri blokk nr 5 til 19 við Helluvað í Rvk. Íbúðinni fylgir eitt stæði í bílageymslu sem er í kjallara hússins. Lyfta er í stigagöngum og aðeins tvær íbúðir eru á hverri hæð. Lyftan gengur niður í bílageymslu. Útsýni er meiriháttar úr íbúðinni. Sér þvottaherbergi er í íbúðinni. Eldhúsi fylgir stór ískápur með frysti. Einnig fylgir upppvottavél. Leiguverð á mánuði er kr.133.000 og er þá hússjóður innifalinn. Nánari upplýsingar eru veittar í S. 568 1171 og 866 6904.

TILKYNNINGAR

Óperukór Hafnarfjarðar,
stórverkefni framundan!

Óperukór Hafnarfjarðar óskar eftir vönum söngfélögum vegna spennandi verkefna heima og erlendis.
Óskað er sérstaklega eftir félögum í 2. bassa.

Upplýsingar gefur kórstjóri, Elín Ósk Óskarsdóttir, óperusöngkona.
Sími 862-4868. E-mail kjarosk@internet.is

Æfingar hefjast mánudaginn 17. September nk. kl. 19:30 í Setbergsskóla Hafnarfirði.

HUNDASÝNING

Hundaræktunarfélagið Rex
Stofnað 6.mars 2005

Hundasýning
Hundaræktunarfélagsins Rex

Verður haldin í Reiðhöll Andvara, Garðabæ, laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. September n.k.
Hvetjum allt hundaáhugafólk til að koma og sjá fallega hunda. Miðaverð er aðeins 500,- og frítt er inn fyrir börn yngri en tólf ára í fylgd með fullorðnum.
www.rexhundar.is

Vitabar - Hlutastarf
Starfskraft vantar alla virka daga frá kl. 11.00- 14.00.
Uppl. í s. 846 2643.

Stakkaborg
Leikskólinn Stakkaborg í Bólstaðarhlíð óskar eftir leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% starf á elstu deild.
Upplýsingar gefa Ólafía eða Sigrún í síma 553 9070.

Bygg ehf.
Óskum eftir verkamönnum til starfa. Mikil vinna framundan. Verkstaður: Lundur í Kópavogi.
Nánari upplýsingar gefa Gunnar í s. 693 7315 & Hjörtur í s. 693 7369.

Sælgætis og videohöllin Garðatorgi
Óskum eftir að ráða fólk í dagvinnu.
Umsóknareyðublöð á staðnum.
Einnig hægt að hringja í sima 565 6677.

Vetrargeymsla í Skagafirði
Erum með geymsluhúsnæði fyrir hjólhýsi, tjaldvagna og fleira í vetur.
Tekið á móti í sept.
Áhugasamir hafið samband í síma 823 1059.

Viljum ráða bifreiðasmið, æskilegt er að hann sé vanur að vinna við réttingarebekk. Bílverk BÁ Selfossi S. 899 5424/482 2224

Garðyrkja
Garðabræður óska eftir duglegum reyklausum starfsmönnum í garðyrkju o.fl. Góð laun í boði.
Upplýsingar í síma 898 3094, Ingvar.

Gardening Work
Garðabræður Gardening Company wish to hire hard working and non smoking people. Good salary.
Information in tel. 898 3093, Kristján.

Vantar járnsmiði til starfa hjá Borg ehf.
Allar upplýsingar veita Pawel í síma 664 8690 eða Barði 414 7777
Hægt að senda umsóknir á borg@evborg.is
Einingaverksmiðjan Borg ehf.
Simi 414 7777
Bakkabraut 9

Potrzebujemy kowali do pracy dla firmy Borg ehf.
Wiecej informacji mozna uzyskac od Pawla, tel. 664 8690 lub Barðiego, tel. 414 7777
Mozna równiez wyslac podania i prace na borg@evborg.is
Fabryka elementów Borg ehf.
Tel. 414 7777
Bakkabraut 9

Sölu/Þjónustufulltrúi.
Spennandi starf og góðar tekjur við markaðssetningu nýrra bíla.
Símasala/fyrirtækjakynningar.
Also wanted US/English native for Buying Dept.
Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna

TE & KAFFI

Te & Kaffi óskar eftir áreiðanlegum og röskum starfsmanni í fullt starf við útkeyrslu og lagerstörf hjá fyrirtækinu. Umsóknir á heimasíðu Te & kaffi www.teogkaffi.is/Fyrirspurnir/ Atvinnuumsoknir Te & Kaffi er reyklaus vinnustaður.

Símadömur óskast
Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við spennandi símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar. Vinsaml. leitið frekari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnátta er skilyrði. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Duglegur, traustur og líflegur starfsmaður óskast. Vinnutími kl 13-20 daglega. Videoheimar s.8987180

Óska eftir gröfumanni í vinnu vegna mikilla verkefni, áhugasamir hafa samband í s. 891 8338.

Óska eftir 4ja öxla bílstjóra og trailer bílstjóra vegna aukinna verkefna. Uppl. í s. 891 8338.

Vantar strax!!
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir í s. 860 2971.

Óskum eftir starfsfólki á sólbaðsstofu í miðbænum í fullt starf og hlutastarf, ekki yngri en 17 ára. Reynsla kostur en ekki skilyrði, uppl. í s. 898 8905 Villa.

Firma Tandurhreint poszukuje kobiet do sprzatania biur i mieszkan. Julita 694 8427.

Sveitasæla!
Viltu komast út fyrir borgina? Einstæður faðir með 2 börn óskar eftir heimilishjálp í sveit. Starfið felur í sér barnapössun og létt heimilisverk. Uppl. í s. 865 5613.

Óskum eftir að ráða verkamenn, smiði og kranamann á 40 tonna bílkrana. Góð laun í boði fyrir góða menn. Áhugasamir hafi samband á starri@borgarafl.is

Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga einni vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 19-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 856 5031, milli kl. 12-18.

Vantar smiði eða menn vana trésmíðavinnu til starfa hjá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Framtíðarstarf í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 860 7200.

Veitingarstaðurinn Carpe Diem Rauðarárstíg leitar eftir duglegu fólki til starfa strax í sal og morgunmat. Ef þú ert 18 ára eða eldri, dugleg/ur og stundvís og vilt vinna á skemmtilegum vinnustað endilega hafðu samband í síma 6956701 eða 6956702 eða kíktu til okkar.

Au-pair óskast til að gæta þriggja stúlkna á aldrinum 4-7 ára og sinna léttum heimilisstörfum hjá íslensk-finnskri fjölskyldu í Dallas, Texas. Þarf að hafa bílpróf. Hafið samband á ragnheidur.valdemarsdotir-hanhisalo@nokia.com eða í síma +1 972 408 6225.

Rafvirkjar - Rafvirkjanemar
Rafvirkjar eða rafvirkjanemar óskast til starfa. Góð laun í boði og næg verkefni framundan. Upplýsingar í síma 660 0300.

Sölumaður óskast í heildverslun. Snyrtilegur og áreiðanlegur. Góð laun í boði, sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 699 0911

Bílasala
Óskum eftir að ráða dreng eða stúlku, ekki yngri en 20 ára, í hlutastarf eða fullt starf á bílasölu. Reyklaus vinnustaður. S. 562 1055, Markús.

HR Verktakar
Óska eftir smiðum og verkamönnum í byggingarvinnu. Uppl. í s. 896 4616.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmanna-

þjónusta s. 661 7000.

37 ára kk frá Portúgal enskumælandi, hefur verið á Ísl. í 2 ár. Óskar eftir vinnu eftir kl. 17 alla virka daga og allan daginn um helgar. S. 846 8869

16 og 19 ára kk. óskast til vinnu helst í grafarv. Uppl. í s. 848 3287.

Járnamaður óskar eftir vinnu. Uppl. í s. 846 6787.

36 ára sjóm.vantar aukastarf í bræl-um sem mikið er af á haustin,óreglulegur vinnutími,flest kemur til greina. upp.8917769

Ég er 23 ára stúlka og er að leita mér að vel launuðu starfi! Ekkert er of erfitt :) Skoða ýmislegt. S:864-0228

36 ára pólsk kona, hörkudugleg, óskar eftir vinnu, er enskumælandi. Uppl. í s. 857 8336.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Til þáttakenda í Stýrihlaupinu: þórisvatn.

Einkamál

FASTEIGNIR

ATVINNA

Bygg ehf.
Óskum eftir verkamönnum til starfa.
Mikil vinna framundan.
Verkstaður: Lundur í Kópavogi.
Nánari upplýsingar gefa:
Gunnar í s. 693 7315
& Hjörtur í s. 693 7369.
BYGG

ATVINNA

Spennandi atvinnutækifæri

VAKTSTJÓRI ÓSKAST TIL STARFA Í KRÓNUNNI !

Krónan hefur nýverið opnað stórglæsilegar lágvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu.
Við leitum eftir dugmiklum og jákvæðum vaktstjórum til vinnu.
Vinnuumhverfi Krónunnar er skemmtilegt og spennandi og starfsmannaaðstaða er til fyrirmyndar.

Vinnutími á Granda:
08:00-16:30 aðra vikuna en hina 11:00-19:30
Unnið er þriðju hverja helgi og þá er frí á mánudegi

Vinnutími í Mosfellsbæ:
08:00-17:00 aðra vikuna en hina 12:00-21:00
Unnið er þriðju hverja helgi og þá er frí á mánudegi

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 585-7000

Umsóknir berist til Krónunnar, b.t. Guðríðar H. Baldursdóttur, Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík eða með tölvupósti, gudridur@kaupas.is.

KRÓNAN

HEILDSALAN EGGERT KRISTJÁNSSON

Heildsöluna Eggert Kristjánsson vantar röskn framtíðarstarfsmann til starfa sem fyrst, helst með lyftarapróf - þó ekki skilyrði.

Umsóknir sendist á lager@eggert.is fyrir föstudaginn 21 sept.

TILKYNNINGAR

Barnakór Árbæjarkirkju

Til stendur að stofna barnakór við Árbæjarkirkju (3. - 7. bekkur). Innritun fer fram í kirkjunni mánudaginn 17. september milli kl. 15 og 17. Vonast er til að sem flestir mæti og taki þátt í skemmtilegu og uppbyggjandi söngstarfi. Æfingar fara fram í safnaðarheimilinu á mánudögum kl. 15. Innritunargjald fyrir árið er kr. 5.000.-. Hægt er að greiða með frístundakorti.

Nánari upplýsingar gefa Jensína í síma 691-1240 og Krisztina í síma 847-1933.

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

II. LÝÐHEILSUÞING FÉLAGS UM LÝÐHEILSU

HALDIÐ Í SAMSTARFI VIÐ HEILBRIGÐISDEILD HÁSKÓLANS Á AKUREYRI, HEILBRIGÐISVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI OG VAXTARSAMNING EYJAFJARÐARSVÆÐIS

BÚSETA OG LÝÐHEILSA

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI - 19. SEPTEMBER 2007

Dagskrá

09:10 Geir Gunnlaugsson, formaður Félags um lýðheilsu og Hermann Óskarsson, deildarforseti Heilbrigðisdeildar HA bjóða gesti velkomna. Setning: Þórólfur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar.

09:30 *Municipal indicators for children's health in Sweden.* Lennart Köhler, Norræna lýðheilsuskólanum í Gautaborg, Svíþjóð.

10:20 *Landnotkun og lýðheilsa.* Salvör Jónsdóttir, Alta ehf.

11:10 *Að byggja stórt í litlu landi:* Viðhorf og væntingar starfsmanna í vinnubúðum á Austurlandi. Tryggvi Hallgrímsson, HA.

11:30 *Unglingar og borgarmenning í Evrópu.* Margrét Lilja Guðmundsdóttir, HR.

11:50 *Búseta, uppruni og heilsa íslenskra skólanema.* Kjartan Ólafsson, HA.

13:15 *Munnheilsa barna eftir búsetu.* Hólmfríður Guðmundsdóttir, Miðstöð tannverndar og Lýðheilsustöð.

13:35 *Námsárangur og búseta.* Júlíus Björnsson, Námsmatsstofnun.

13:55 *Lífshættir og holdafar kvenna í borg og bæ.* Laufey Steingrímsdóttir, LHÍ.

14:15 *Örorka og búseta.* Sigurður Thorlacíus, HÍ.

14:55 *Eru hjúkrunarheimilin spítalar? Fjölbreyttari úrræði fyrir aldraða sem ekki geta búið sjálfstæðri búsetu.* Soffía Egilsdóttir, Hrafnista.

15:15 *Hreyfing aldraðra í þéttbýli og dreifbýli.* Sólveig Ása Árnadóttir, HA.

15:35 *Allt hefur áhrif - einkum við sjálf:* Niðurstöður nýrrar rannsóknar. Jórlaug Heimisdóttir, Lýðheilsustöð.

15:55 *Samantekt.* Þórólfur Þórlindsson, Lýðheilsustöð.

16:10 *Verðlaunaafhending fyrir veggspjöld.* Kristinn Tómasson, Félag um lýðheilsu.

Þingslit. Þorvaldur Ingvarsson, FSA.

16:20 *Móttaka* í boði Akureyrarsjóðs og Háskólans á Akureyri.

Fundarstjórar: Pétur Pétursson og Guðrún Pálmadóttir.

Þingið er opið öllu áhugafólki um lýðheilsu og ráðstefnugjald er 2000 krónur.

Gefinn er kostur á þátttöku með fjarfundabúnaði.

Nánari upplýsingar og skráning eru á ráðstefnuvef Háskólans á Akureyri: http://unak.is/?d=2&m=radstefna

the PIER

nýtt á Íslandi!

GLÆSILEG OG SPENNANDI HÚSGAGNA- OG GJAFAVÖRUVERSLUN

Fyrsta Pier verslunin var stofnuð í San Mateo, Kaliforníu í Bandaríkjunum árið 1962. Í dag eru um 1100 verslanir víðs vegar um Norður-Ameríku. Árið 1989 opnaði fyrsta Pier verslunin í Bretlandi, undir nafninu The Pier. Í dag eru 46 verslunareiningar á Englandi, Skotlandi, Wales og Írlandi.

Nú er komið að Íslandi og verður fyrsta búðin opnuð í október í Smáranum, Kópavogi. Einnig eru fyrirhugaðar opnanir víðar í heiminum.

Allt frá upphafi hefur markmið Pier verið að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar og einstakar vörur, víðs vegar að úr heiminum, á hagstæðu verði.

Erum að leita að hressu og þjónustulunduðu fólki í hlutastarf og eða helgarvinnu í nýrri, glæsilegri húsgagna- og gjafavöruverslun. Æskilegt er að umsækjendur hafi náð a.m.k. átján ára aldri og hafi auga fyrir útliti og fallegum hlutum.

A WORLD OF INSPIRATION FOR YOUR HOME PIER

Umsóknir, með upplýsingum um fyrri störf og óskavinnutíma, sendist á: pier@pier.is fyrir 20. september

PÓSTURINN allur pakkinn

Bílstjórar með meirapróf

Útkeyrsludeild Íslandspósts óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í vaktavinnu. Um er að ræða akstur milli Reykjavíkur og Reykjanesbæjar.

Hæfniskröfur:
- Meirapróf
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Gott væri að viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Útkeyrsludeild Póstmiðstöð
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjóri með meirapróf

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

PÓSTURINN allur pakkinn

Bílstjórar

– vaktavinna eða hlutastarf á kvöldin

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfi eða hlutastarfi á kvöldin.

Hæfniskröfur:
- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Linda Björk Jónsdóttir
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjórar

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

ATLAS international

Spánn,

Kýpur, Grikkland og Tyrkland

– Atlas fylgir þér alla leið –

- Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
- Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
- Allar húseignir á eignarlóðum
- Verð á Spáni frá 97.000 €
- Verð í Tyrklandi frá 42.000 €
- Mörg hundruð eignir um að velja
- Nýjar og notaðar eignir
- Aðstoð við rekstur
- Tryggingar
- Húsgögn
- Leiguþjónusta
- 71.000 viðskiptavinir
- 30 ára reynsla

SKOÐUNARFERÐIR FRÁ 15.500.-

Verðum í Kringlunni

í dag laugardag frá kl. 12-18
og
sunnudag frá kl. 13-17

Kíktu við og fáðu glæsilega bæklinga með þér heim.

Erum núna að skrá í skoðunarferðir til áramóta!

Verið velkomin!

Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga – Sími: 586 2880 – Gsm: 696 1960

www.atlasiceland.com – sales@atlasiceland.com

Frum

Sprengitilboð

Keyptu valin sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri

32" United LCD skjár

- Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS
- VGA tengi og heyrnartólstengi • Textavarp • Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

Með hverju seldu
8138M eða M75 sófasetti fylgir
United - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp
að andvirði 79.990kr*

*Gildir á meðan birgðir endast

269.000kr
GOTT VERÐ

Leðurhornsófi
1+2+1 M75

329.000kr
GOTT VERÐ

Svefnsófasett
úr leðri 8138M

20" Dantax LCD skjár

- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar • Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130° • Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi • 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni • Barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur og veggfesting fylgja

Með hverju seldu
8181 eða 8183 sófasetti fylgir
Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp
að andvirði 49.990kr*

*Gildir á meðan birgðir endast

199.000kr
GOTT VERÐ

Leðursófasett
3+1+1 8183

199.000kr
GOTT VERÐ

Leðursófasett
3+1+1 8181

BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI

TILBOÐ 9.900kr — Verð áður 14.900,-
TILBOÐ 8.990kr — Verð áður 12.900,-
TILBOÐ 12.990kr — Verð áður 18.900,-
TILBOÐ 8.330kr — Verð áður 11.900,-
TILBOÐ 8.330kr — Verð áður 11.900,-
TILBOÐ 11.900kr — Verð áður 18.900,-
TILBOÐ 11.900kr — Verð áður 14.900,-
TILBOÐ 14.900kr — Verð áður 24.900,-

Gildir til 18. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Í minningu Ásgeirs Elíassonar

Knattspyrnuþjálfarinn **Ásgeir Elíasson** féll frá á dögunum. Ásgeir var einn farsælasti knattspyrnuþjálfari Íslands fyrr og síðar en hann var einnig landsliðsmaður í fótbolta, handbolta og blaki. Samferðamenn Ásgeirs sögðu *Óskari Ófeigi Jónssyni* eftirminnilegar sögur af þjálfaranum ljúfa og brosmilda – innan vallar sem utan.

UPPI Á VARAMANNASKÝLINU Ásgeir Elíasson að fylgjast með sínu liði. Hann hafði þennan skemmtilega hátt á, að fylgjast með liðum sínum ofan af skýlinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

20. SEPTEMBER 1991 Ásgeir Elíasson tilkynnir sitt fyrsta A-landslið og með honum er Eggert Magnússon, þáverandi formaður KSÍ. MYND/GÍSLI HELGASON

8. SEPTEMBER 1976 Ásgeir Elíasson sést hér í baráttu við leikmann Hollendinga í leik þjóðanna á Laugardalsvellinum.

Eyjólfur Bergþórsson um Ásgeir Elíasson:

Var ástríðu-knattspyrnumaður

Fáir unnu jafnlengi með Ásgeiri Elíassyni og Eyjólfur Bergþórsson, sem var í meistaraflokksráði Fram á hinum sigursælu árum liðsins á níunda áratugnum.

„Ásgeir var ástríðuknattspyrnumaður og hugsaði um fótboltann dag og nótt. Hann hafði ástríðu fyrir knattspyrnunni og náði árangri í samræmi við það. Þjálfari mætir ekki á fótboltaæfingu milli fimm og sjö og stimplar sig síðan út. Hann þarf að vera með þetta í kollinum allan tímann. Fótboltinn var hans líf og hann var sofandi og vakandi yfir þessu," segir Eyjólfur Bergþórsson, sem þekkti Ásgeir frá því að þeir byrjuðu tíu ára gamlir að æfa með Fram.

Eyjólfur leggur áherslu á að Ásgeir hafi ekki verið í fótboltanum útaf peningalegum ástæðum. „Hann hafði aldrei neinn að féþúfu í boltanum. Hann var lágt launaður miðað við marga þjálfara og hafði í raun engan áhuga á peningum. Hann hafði bara áhuga á knattspyrnu," segir Eyjólfur, sem segir Ásgeir hafa alla tíð náð árangri í fótboltanum.

„Ásgeir var leikmaður eins og hann var þjálfari. Hann var duglegur og seigur. Hann gaf aldrei neitt eftir og vildi vera þar sem mest gekk á og mest voru lætin. Hann var mikill sigurvegari og var sem dæmi sigurvegari upp alla yngri flokkana í Fram. Hann var fyrirliði og besti maður síns flokk í yngri flokkunum. Það kom honum því ekkert á óvart að vinna þegar hann var kominn upp í meistaraflokk," segir Eyjólfur.

LÁ OFT FLATUR UPPI Á SKÝLINU

Ásgeir Elíasson var þekktur fyrir það að leggjast upp á varamannaskýlið þegar hann fylgdist með sínum liðum spila og hann reyndi ávallt að vera í friði þegar hann þurfti að sökkva sér í leikstíð sinna liða sem og komandi andstæðinga.

„Þegar hann fór sjálfur að kortleggja andstæðingana, hvort sem hann var með félagslið eða landslið, þá vildi hann alltaf sitja einhvers staðar afsíðis. Maður man eftir honum margoft á vellinum þar sem hann sat einn til hliðar og var að horfa á leikinn með það markmið að greina hann. Hann sat ekki uppi í stúkunni og var að spjalla þótt honum stæði það alltaf líka til boða. Hann þurfti bara að horfa á leikinn með þessum gleraugum," segir Gústaf Adolf Björnsson, sem aðstoðaði hann með landsliðin á sínum tíma.

KEYRÐI TRABANT Í MÖRG ÁR

Menn eru sammála um að Ásgeir Elíasson var ekki í fótbolta vegna peninganna og þeir skiptu litlu máli í hans lífi.

„Hann lagði ekki mikið upp úr þessum veraldargæðum. Það eru til margar skemmtilegar sögu af öllum þeim bílaflota sem hann átti í gegnum tíðina. Honum leið alltaf best á bíl sem komst frá A til B. Hann var frægur fyrir það að keyra á Trabant í mörg ár," segir Gústaf Adolf Björnsson, sem vann með honum hjá KSÍ.

3. SEPTEMBER 1996 Ásgeir sést hér brosmildur eftir leik með Fram á Laugardalsvellinum. MYND/BRYNJAR GAUTI

ENGIN ÖSKUR EÐA LÆTI

Leikmenn Ásgeirs Elíassonar sáu hann nánast aldrei reiðast eða æsa sig.

„Það er teljandi á fingrum annarrar handar hvenær hann hefur verið reiður eða illur út í sína leikmenn inni í klefa. Hans starf gekk út á það að finna lausnir fyrir sína leikmenn. Hann beitti ekki þeirri taktík eins og margir að öskra einhver fyrirmæli. Hann fór hina leiðina, setti mönnum fyrir markvisst ákveðin verkefni og svo leitaði hann leiða til að leysa þau í sameiningu með sínum leikmönnum," rifjar Gústaf Adolf Björnsson upp sem var aðstoðarmaður hans hjá landsliðinu.

Enginn sagði Ásgeiri fyrir verkum:

Vildi ekki láta hafa áhrif á sig

Ásgeir Elíasson fór sínar eigin leiðir og vildi taka erfiðar ákvarðanir án hjálpar. Þetta eru menn sammála um.

„Ásgeir var þrjóskur. Hann var frægur fyrir það að honum leið ekki vel ef menn voru að reyna að hafa áhrif á hann og stilla upp liðinu. Þegar menn fóru að tala um að það væri ekkert vit í að hafa þennan leikmann eða hinn í liðinu þá var viðbúið að hann brygðist öfugt við og hafði viðkomandi alltaf í liðinu. Það hugnaðist honum ekki að menn væru að biðja hann um að prófa einhvern leikmann," sagði Gústaf Adolf Björnsson.

„Hann kom ekki inn með gusti eða látum en hann vissi alltaf hvað hann vildi. Hann var öruggur í sínu starfi en svo var hann alltaf mest gagnrýninn á sjálfan sig eftir á. Hann var staðfastur í sínu starfi og hafði skoðanir á því. Hann var sanngjarn og ef eitthvað á að setja út á hann þá var það að ruddarnir reyndu að svindla á honum af því að hann var sanngjarn," segir Eyjólfur, æskufélagi hans og samstarfsmaður hjá Fram.

Frístundahús og sumarhús
í sveitasælu



Sælureitur á Suðurlandi

Nú gefst þeim sem hafa áhuga á að koma sér upp sælureit í sveitinni að eignast frístundahús eða sumarhús byggt af Sveinbirni Sigurðssyni hf.
Í boði eru 3 hús, tvö sumarhús og eitt frístundahús (heilsárshús).

Frístundahús (A)

Frístundahúsið er 148,45 m2 að brúttóflatarmáli, þar af geymsla 21,6 m2. Húsið er klætt málmklæðningu og harðvið að utan, en gipsklætt að innan.
Verönd er 280 m2 og stærð lóðar er 12.900 m2.
Allar innréttingar og gólfefni í frístundahúsinu eru frá versluninni **EGG** og hefur ekkert verið til sparað í þeim efnum. Að auki er sýninarhús fullbúið húsgögnum frá EGG. Öll vinna er unnin af úrvals fagmönnum og ber húsið þess glögg merki.

Frístundahúsið er að Langholti 6, í landi Mýrarkots í Grímsnes og Grafningshreppi. Arkitekt er Benedikt Björnsson faí.

Sumarhús (B)

Sumarhúsin eru 66,5 m2 að grunnfleti með 41 m2 svefnlofti. Þetta eru vönduð vel staðsett hús á sama svæði og frístundahúsið, í landi Mýrarkots í Grímsnes og Grafningshreppi, að Langholti 2 og 4.

Sölusýning sunnudaginn 16. september frá kl. 14 til 17.



Allar nánari upplýsingar veitir Soffía Theódórsdóttir, Byr fasteignasölu í síma 895-9098, 483-5800 og á www.verktaki.is

Sveinbjörn Sigurðsson hf. hefur í gegnum árin tekið að sér fjölbreytt verk í mismunandi stærðargráðum. Má þar nefna allt frá einbýlishúsum og leikskólum til brúa og verslunarmiðstöðva. Fyrirtækið á að baki 65 ára farsælan ferill sem byggingaverktaki og hefur fyrirtækið ávallt verið í eigu sömu fjölskyldunnar.

byr Fasteignasala

SS VERKTAKI SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.

EGG

20. ÁGÚST 1984 Ásgeir Elíasson sést hér í leik með Þrótti gegn Val á Valbjarnarvelli sumarið 1984. MYND/GÍSLI HELGASON

Ásgeir Elíasson var í landsliði í þremur greinum:

Fór í golf til þess að hreinsa hugann

Ásgeir Elíasson kunni ýmislegt fyrir sér í mörgum greinum og lék landsleiki fyrir Ísland í fótbolta, handbolta og blaki. Ásgeir lék alls 32 landsleiki í knattspyrnu frá 1970-1984 en áður hafði hann leikið tvo landsleiki í handbolta árið 1968.

„Ásgeir hafði hæfileika í margar íþróttir og hefði orðið afreksmaður í hvaða boltagrein sem er. Sem betur fer fyrir fótboltann þá helgaði hann sig honum," segir Gústaf Adolf Björnsson en játar jafnframt að hugur og leið Ásgeirs stefndi allan tímann í fótboltann. „Hann notaði vetrargreinarnar til þess að halda sér í formi en fótboltinn átti hug hans allan," segir Gústaf Adolf Björnsson, sem nefnir einnig mikinn golfáhuga hans síðustu árin.

„Hann eyddi miklum tíma í golf sín síðari ár. Hann var þá frægur fyrir það að fara í golf annað hvort snemma á morgnana eða seint á kvöldin. Hann notaði þá golfið til þess að hreinsa hugann. Hann fór þá í kringum miðnætti eða klukkan sex á morgnana og spilaði hring og fannst það

Á GOLFVELLINUM Ásgeir Elíasson með kylfu í hönd. MYND/BRYNJAR GAUTI

mjög gott annað hvort fyrir eða eftir verkefni," bætir Gústaf Adolf við en Ásgeir var nokkuð lunkinn kylfingur.

Ásgeir sá leiki fram í tímann:

Yfirfærði skákina á boltann

Ásgeir Elíasson var mikill hugsuður þegar kom að fótboltanum og eyddi miklum tíma í að pæla í öllum möguleikum hvað varðar leikskipulag sinna liða.

„Hann var ótrúlega framsýnn og hans styrkleikar lágu í leikskipulagi, bæði í að rýna í andstæðinginn og svo að leggja leikinn upp taktískt. Hann var góður skákmaður og mikill briddsspilari líka og velti oft fyrir sér: „ef ég geri þetta þá gerir andstæðingurinn hvað". Þannig hélt hann oft áfram marga leiki fram í tímann með tilliti til hreyfingar á boltanum og hreyfingar á mönnunum. Þannig vann hann," sagði Gústaf Adolf Björnsson, sem vann lengi með Ásgeiri í kringum landsliðin.

20. SEPTEMBER 1974 Ásgeir Elíasson í Evrópuleik gegn stórliði Real Madrid sem fór 0-2 fyrir spænska liðið.

Eyjólfur, æskuvinur hans og mikill félagi, nefnir einnig skákina. „Hann hafði mjög gaman af bæði skák og bridds því hann hafði gaman af öllu þar sem hann þurfti að hugsa og pæla í hlutunum. Hann fann stundum upp eigin kerfi í briddsinu sem reyndust síðan vera tóm steypa," rifjar Eyjólfur upp.

> Ásgeir hafði hæfileika í margar íþróttir og hefði orðið afreksmaður í hvaða boltagrein sem er. Sem betur fer fyrir fótboltann helgaði hann sig honum.

HJÓLAÐI HEIM FRÁ SELFOSSI

Eyjólfur Bergþórsson þekkti Ásgeir vel enda byrjuðu þeir að æfa saman í Fram þegar þeir voru tíu ára gamlir. Eyjólfur segir eina sögu frá þeim tíma lýsa Ásgeiri vel.

„Tíu ára gamall var Ásgeir sendur í sveit fyrir austan Selfoss. Hann vildi helst ekki fara því hann hafði svo mikinn áhuga á knattspyrnu. Svo sinnaðist honum eitthvað við bóndann og þá hjólaði hann til Reykjavíkur á malarvegi upp gömlu Kambana. Það sýnir staðfestuna og þrjóskuna sem einkenndi hann því það var átján tíma ferð á möl," rifjar Eyjólfur upp.

22. NÓVEMBER 1989 Ellert B. Schram afhendir Ásgeir gullmerki KSÍ á fertugsafmæli hans.

Sagan á bak við veiðihattinn:

Gaf Fram happahattinn

Margir muna eftir veiðihattinum sem Ásgeir Elíasson bar í mörg ár.

„Hann byrjaði einhvern tímann með þennan veiðihatt og það var engin sérstök saga á bak við það að hann byrjaði með hann. Svo tók hann bara ástfóstri við hattinn og taldi hann vera happahatt. Hann var svona forlagatrúar. Hann gaf svo Fram fyrsta hattinn eftir einhvern Íslandsmeistaratitilinn og hann er uppi í skáp í Framheimilinu," segir Eyjólfur Bergþórsson, sem var í meistaraflokksráði Fram bestu ár Ásgeirs sem þjálfara liðsins.

„Hann var allan tímann með skrýtnar húfur og hatta og þá bæði í æfingum og á leikjum," bætir Eyjólfur við en Ásgeir gaf Fram hattinn þegar hann gerðist landsliðsþjálfari 1991.

Ásgeir hafði þá unnið 95 af 146 leikjum í deild og bikar á sjö árum með Fram og unnið þrjá Íslandsmeistaratitla og þrjá bikarmeistaratitla. Fram hefur ekki unnið stóran titil síðan.

HAPPAHATTURINN Þorvaldur Örlygsson sést hér bregða á leik með Ásgeiri Elíassyni sumarið 1991. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ásgeir horfði fram á veginn:

Henti öllu æfingasafninu

Ásgeir Elíasson hélt til handa öllum æfingum og því sem hann notaði við undirbúning sinna liða og skrifaði það niður í stílabækur.

„Hann skrifaði allt niður, allar æfingar og alla fundi út frá því sem hann var búinn að leggja upp sem helstu áherslupunktana. Einn góðan veðurdag tók hann sig til og henti öllu sínu æfingasafni því hann vildi ekki lenda í þeirri aðstöðu að vera að endurtaka sig og fletta eitthvað til baka. Hann vildi horfa fram á veginn," rifjar Gústaf Adolf Björnsson upp en hann vann með Ásgeiri að landsliðs- og fræðslumálum á meðan hann var hjá KSÍ.

„Þetta lýsir honum svolítið vel því hann vildi glíma við verkefni morgundagsins. Hann var mikið fyrir að grandskoða hlutina og gat sökkt sér inn í forrit sem héldu utan um skráningu á leikjum og æfingum. Hann gat eytt heilu dögunum í það að glíma við að búa til forrit sem hjálpuðu honum að ná yfir þetta. Hann var rosalegur grúskari," segir Gústaf Adolf.

Guðmundur Steinsson:

Var alltaf með á æfingum

„Hann var mjög góður leikmaður og afburða miðjumaður. Hann stjórnaði spilinu vel, var mikill leiðtogi og var mjög traustur. Hann las leikinn afburðavel. Ég byrjaði að spila með honum á sínum tíma og það var afskaplega gott fyrir unga leikmenn að hafa hann sem samherja. Hann var mjög jákvæður og uppbyggjandi," sagði Guðmundur Steinsson, sem byrjaði að spila með Fram 1978 þegar Ásgeir Elíasson stjórnaði umferðinni á miðjunni.

Guðmundur var einnig fyrirliði Fram þegar Ásgeir vann sinn fyrsta bikarmeistaratitil (1985) og fyrsta Íslandsmeistaratitil (1986) sem þjálfari.

„Hann var alltaf rólegur. Það góða við Geira sem þjálfara var að það voru engin læti í honum. Hann var mikill félagi, var alltaf með á æfingum og hafði manna mest gaman af þessu. Hann hafði líka alltaf virðingu manna og það var hlustað á það sem hann sagði," sagði Guðmundur þegar hann var beðinn að segja frá fyrrverandi samherja og þjálfara sínum í Fram.

25. SEPTEMBER 1991 Ásgeir fagnar hér 2-0 sigri á Spánverjum í sínum fyrsta landsleik ásamt landsliðsmönnunum Sigurði Jónssyni, Guðna Bergssyni, Sigurði Grétarssyni, Herði Magnússyni og Andra Marteinssyni. MYND/BRYNJAR GAUTI

GERÐI ENGAN MANNAMUN

Ásgeir var óhræddur við að henda ungum leikmönnum í djúpu laugina og hann kom fram við alla leikmenn á sama hátt.

„Ásgeir nálgaðist alla menn í kringum sig á algjörum jafnréttisgrundvelli. Hann átti mjög auðvelt með að umgangast bæði stjörnur innan liðsins og menn sem voru að stíga sín fyrstu skref. Það fundu menn mjög fljótt því hann gerði ekki mannamun hann Ásgeir," lýsir Gústaf Adolf Björnsson, sem fór í margar keppnisferðirnar með Ásgeir á þeim tíma sem þeir unnu saman með liðið.

ASUS FARTÖLVUR

TASKA OG MÚS FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

TILBOÐ SEM HITTA BEINT Í MARK

ALVÖRU LEIKJAVÉL

ASUS G1-AK005G

- 15.4" TFT WSXGA+ breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T7200 2.00GHz örgjörvi
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400rpm harður diskur
- nVidia GeForce Go 7700 512MB skjákort
- Intel High Definition samhæft hljóðkort ofl.
- Windows Vista Ultimate stýrikerfi

Bakpoki og laser mús fylgja leikjavélinni

TILBOÐ 159.990
FULLT VERÐ kr. 199.990

FRÁBÆR FYRSTA VÉL

ASUS X51R-AP009A

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

15.4" TFT WGA SKJÁR

VERÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

ÖFLUG VÉL - FRÁBÆRT VERÐ

ASUS F5R-AP138C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 1.83GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Azaila samhæft hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 89.990

VEL ÚTBÚIN VÉL - TIL Í ALLT

ASUS F5V-AP021C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2450 2.0GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X2300 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

CORE 2 DUO OG BLUE TOOTH

Asus F3SE-AS069C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5450 1.66GHz örgjörvi
- ATI MOBILITY RADEON X2500 896MB skjákort
- 2048MB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 119.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspitalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Komdu og skoðaðu nýjan og skemmtilegan frétta- og afþreygingavef

Meðal nýjunga á **dv.is** er **díví** þar sem þú getur skoðað myndbönd á hraðan og aðgengilegan hátt. Auk þess sem þú getur vistað myndböndin þín á lokuðu svæði.

dv.is
-hvað er frétta?

SVART, SVART OG SVART Noir er franska orðið fyrir svart enda einkennist fatnaður Peters Ingwerssen mikið af dökkum litum. Hér er svartur leðurjakki með töffaralegu bindi við.

DANSKT SUMAR

Fatamerkið Noir vakti mikla athygli á tísku-vikunni í New York

Danski hönnuðurinn Peter Ingwersen sló rækilega í gegn með merki sínu Noir á nýafstaðinni tískuviku í New York. Ingwerssen sýndi vor- og sumarlínuna fyrir 2008 og óhætt er að segja að hann skilji lítið eftir fyrir ímyndunaraflið þar sem flíkurnar eru afar gegnsæjar og efnislitlar. Jakkapeysur, blússur, gagnsæjar gammósíur, gagnsæir hlýrabolir og stutt pils voru á dagskrá fyrir heitu mánuðina ásamt fallegum jökkum og pilsum úr leðri. Tískuspekúlantar höfðu þó á orði að fötin væru afar ópraktísk þar sem enginn gæti í raun og veru gengið í gammósíum úr neti.

- amb

SEIÐANDI Svartur kjóll með gegnsæjum ermum og dásamlegu hálsmeni.

RÓMANTÍSKT Grænn silkijakki með dauffjólublárri siffonskyrtu undir.

GLAMÚR Svartur kjóll með svörtum jakka yfir með hvítum semelíubryddingum.

SEXÝ Gegnsæ fjólublá skyrta með hippalegum festum yfir.

Útsala!

MotorMax útsalan er engu lík!

Ekki missa af þessari einstöku útsölu.
Fatnaður, hjálmar, Yamaha mótorhjól, Ski-doo og Yamaha vélsleðar,
Camp-let tjaldvagnar, Starcraft fellihýsi, Dethleffs hjólhýsi og margt fleira!

Vélsleðar með
20%
afslætti

Margar gerðir vélsleða af 2007 árgerð með 20% afslætti. Mættu vetrinum á topp-vélsleða á ótrúlegu verði!

Mótorhjól frá Yamaha
15%
afsláttur

Hjálmar - allt að
25%
afsláttur

Frábær tilboð
á ferðavögnum!

Fatnaður - allt að
50%
afsláttur

Þú getur eignast nýjan bíl eða vagn frá okkur núna á frábæru tilboði og færð í kaupbæti ókeypis vetrargeymslu!

Fatnaður fyrir alla mótorhjólaáhugamenn m.a. frá Yamaha, Frank Thomas, IXS og Nazran.

RTW

Heimshornaflakkararnir Einar og Sverrir Þorsteinssynir verða á staðnum laugardaginn 15. sept. frá kl. 12-14 með Yamaha XT660R hjólin sem báru þá án vandræða hringinn í kringum hnöttinn! Þeir munu aðstoða við val á réttu hjólunum og búnaði.

Frábær fjármögnun!
90% fjármögnun og fyrsta greiðsla ekki fyrr en 1. des. 2007.
Ókeypis vetrargeymsla!

Opið laugardag frá kl. 10-16.

MotorMax

MotorMax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
www.motormax.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Aftur um lágkúru

„En þá lágkúru, sem hér um ræðir, má einkenna sem lágkúrulegt og sviplaust málfar yfirleitt. Þar í eru fólgin klaufaleg orðaskipun, kauðskt orðalag og kauðskar orðmyndir, ónákvæm og geigandi beiting orða, linjuleg orð og orðasambönd, þar sem þróttur hæfir betur, fábreytilegur orðaforði, endurtekning sömu atkvæða, orða, orðasambanda og setningaforma með stuttu millibili, þegar ekki er um mælskusnilld eða listrænar nauðsynjar að ræða, hljómlaus og ruglingsleg hrynjandi, upptugga á orðum og föstum orðasamböndum, sem hugsunarlaus vananotkun hefur gert að dauðum limum á líkama tungunnar...“ Þórbergur Þórðarson: Einum kennt – öðrum bent.

Að toppa

„Er hægt að toppa þetta?“ spurði fréttamaður Rúv. 14. ágúst. Svona slanguryrði á ekki heima í fréttaflutningi, þótt fyrirgefa megi það kannski í venjulegu talmáli. Um slíkt eru til mörg orð í íslensku: ná betri árangri, gera betur, slá við o.s.frv.

Engu til sparað!

Svo var sagt í fréttum á Stöð 2, 16. ágúst, og bregður nýrra við. Enn eitt dæmi um fjölmiðlafólk sem kann ekki einfaldar beygingarreglur. Hingað til hefur so. spara stýrt þolfalli: Ekkert sparað, en miklu til kostað.

Aðgerðarsinni og atriði

Í sjónvarpsfréttum 17. ágúst var sagt frá réttarhöldum í Suður-Afríku og kom við sögu maður, kallaður aðgerðarsinni. Hvað merkir það? Maður hlynntum aðgerðum? Hvers konar aðgerðum? Væntanlega er þetta þýðing á e. activist. Í Ensk-íslenskri orðabók er orðið þýtt „aðgerðarstefnusinni [heldur ófagurt], maður hlynntur hverskyns virkum aðgerðum til framdráttar stefnumálum sínum“. Og bendir sú skýring til þess að ekki hafi fundist orð á íslensku. Aðgerðarsinni nær þessu illa, það hljómar sem hlutlaust orð.

Í sama fréttatíma sagði viðmælandi um landbúnaðarsýningu að þeir „væru með „atriði“ sem er ámóta hlutlaust orð, og merkir í raun „þáttur, grein, efnisatriði, atvik“, en átti hér væntanlega að merkja einhvers konar skemmtiatriði.

Falla niður – ekki upp!

Í Sjónvarpinu 19. ágúst var frétt um eldsvoða í New York og sagt að íbúar „fengju ekki að snúa heim fyrr en öruggt væri að skýjaklúfurinn félli ekki niður“. Er þetta kannski þýðing á fall down? En nú er það svo að til að þýða þurfa menn að kunna móðurmál sitt. Ég kannast ekki við að hús „falli niður“, enda ekki á himnum uppi. Þau hrynja á voru máli.

Smá tensjón

„Er ekki smá tensjón?“ spurði starfsmaður Kastljóss 17. ágúst. Á starfsfólk Ríkisútvarpsins að tala svona? Er þetta þáttur þess í eflingu íslenskrar tungu, eins og útvarpslög mæla fyrir um?

Braghenda

Hljómar kannski hafið eins og
hljóður grátur?
Það veltist yfir vík og látur
og vekur upp sinn dimma hlátur.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

Á VEGUM ÚTI

Baldur Héðinsson leitar að hinni sönnu Ameríku

AMERÍKA, BALDUR HÉÐINSSON

Bandaríkjamenn eru bílaþjóð. Almenningssamgöngur eru sjaldgæf sjón, nema þá í helstu stórborgum. Vegaferðalög eða „road trips“ eru því eflaust ein besta leið fyrir utanaðkomandi til að kynnast Bandaríkjamönnum og ef til vill sjálfum sér í leiðinni. Margar bíómyndir, og enn fleiri bækur gefa glæsta mynd af þessum ferðalögum. Hvað er betra en að yfirgefa daglegt amstur, hoppa upp í bíl og aka út í óvissuna? Ekki er laust við að maður leggi í slíka för með miklar væntingar. Fyrir brottför gerir maður sér þó grein fyrir að ferðin mun ekki ganga snurðulaust fyrir sig. Bíllinn mun eflaust bila, þú munt örugglega villast, munt ekki geta lagst til hvílu þegar þú ert úrvinda af þreytu og glorhungraður munt þú ekki finna mat. Engu að síður leggur þú brattur af stað með glæstar vonir og táldrauma í farteskinu.

Ég var fimm vikur á vegum úti. Rúmar tíu þúsund mílur að baki, u.þ.b. tólf sinnum hringinn í kringum Ísland. Ferðaðist þvert og endilangt um Bandaríkin. Frá landamærum Kanada í norðri til Mexíkó í suðri. Frá austurströndinni vestur til Las Vegas. Bíllinn bilaði og ég skal fyllilega viðurkenna að ég villtist, var oft svangur og þreyttur. Frábært ferðalag engu að síður. Hversu stóran hluta Bandaríkjanna sá ég? Ég heimsótti 25 fylki af 52. Get þó varla sagt að ég hafi séð tæpan helming Bandaríkjanna. Ég er með hugmynd að betri mælieiningu. Á keyrslunni setti ég strik á blað í hvert skipti, sem ég keyrði fram hjá Walmart stórmarkaði. Í lok ferðarinnar hafði leið mín legið fram hjá 39 slíkum verslunum (ekki farið inn í eina). Um 4.000 Walmart-búðir má finna á víð og dreif um Ameríku. Ef ég nota Walmart-viðmiðið, sá ég minna en eitt prósent af þessu guðs(yfir)gefna landi. Líklega er rétta talan einhverstaðar þar á milli. Mín tilfinning er þó að 1 prósent sé nær lagi. Ef ég ætti að nefna eitthvað eitt, sem lýsir bandarísku þjóðinni, er það hversu vinalegt fólk er. Sama í hvaða fylki þú ert, heimamenn heilsa nánast undantekningarlaust að fyrra bragði og eru gjarnir á að taka upp spjall. Í þjóðgörðunum, sem við heimsóttum, kom þessi kostur Ameríkana augljóslega fram. Erlendir gestir voru fjölmennir í þeim görðum sem við skoðuðum. Frönsku, ítölsku og þýsku mátti heyra úr öllum áttum. Að sama skapi varð breyting á hegðum manna, sem urðu á vegi okkar. Ítalskir og þýskir göngugarpar litu frekar á skítuga skóna en í augu göngumanna sem þeir mættu og Frakkar þóttust ekki kunna stakt orð í ensku er ég reyndi að taka upp spjall.

Mörgum finnst þessi vinsemd Bandaríkjamanna ná grunnt, sem er vissulega sanngjörn gagnrýni. En reynsla mín á ferðalaginu bendir til að þessi hegðun þeirra sé ekki sýndarmennskan ein. Heldur séu íbúar landsins almennt mjög góðhjartaðir, eins væmið og það hljómar. Ég sá ýmis vandamál sem steðja að bandarísku samfélagi í dag í ferðinni. Þessir samfélagshnökrar eru fjarri augsýn í Boston. Fyrst og fremst ber að nefna slæmt ástand í samfélögum indíána og Bandaríkjamanna af afrískum uppruna. Í Suðurríkjunum bar mikil fátækt fyrir augu og ég fann fyrir mikilli reiði yfir ástandi svæðisins meðal þeldökkra. Á þjóðlendum indíána var ástandið enn verra. Vonleysi, frekar en reiði, einkenndi samfélagið. Heilsa indíána virtist slæm, offita geysistórt vandamál, sem og eiturlyfjafíkn. Sjá mátti áróður gegn metamfetamín-notkun á öðrum hverjum vegg. Spilavíti hafa að mörgu leyti bætt aðstæður, sem margir ættbálkar búa við. Hagnaður spilavítanna vill þó rata í hendur fárra. Þessi reynsla gaf mér betri innsýn í hversu mikil áhrif blóðug saga Bandaríkjanna hefur enn þann dag í dag.

Hugarástand ferðalangs hefur mikið að segja um hvað mótar reynslu hans. Ferðalag, líkt því sem ég hef nýlokið, mun hafa mjög svo misjöfn áhrif á mismunandi fólk. Annar einstaklingur, sem ferðast nákvæmlega sömu leið mun upplifa annan raunveruleika og sýn hans á ameríska þjóðfélag mun eflaust verða frábrugðin minni. Engu að síður vona ég að skrif mín hafi veitt innsýn í bandarískt samfélag og upp á hvað landið hefur að bjóða. Baldur@bu.edu

HELGARKROSSGÁTAN

Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið 10. seríu af Simpsons fjölskyldunni!

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón.
Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. smsið

MP & BH 82	NAUMUR	REMMU-JURT	BORÐAÐI		FÆÐA	HOLSKRÚFA	EINN MILLJARÐ-ASTI							
KRAKKA-ANGI														
FÁLM				FUGL / SMYRSL										
BOR / ÞRJÓSKUR			ÁTT / GYLTA			MERKJA		BOLI	TIL	↓	KRAUMANDI			
	↓	Á FÆTI	BÁTUR	KASTA MJÖG FAST				2	EVRÓPU-RÍKI / SÍKKI					
KALEIKUR					VEFJA / FÖNN						MEGIN		5	
VÆTLA				KÆR-LEIKUR / ÁMÆLA			KARL-MAÐUR / DRULLA						TVEIR EINS / ÁREYNSLA	
		MÁLMUR / GARÐI				MÁLMUR / BELTI					RÓTAR-TAUGA / RÉTTARI			
KLÆÐI				STÆKKAÐI				LOFT / LOÐSKINN				MÁLMUR / EYJA Í ÍRLANDSHAFI		
TERTA				BANI / TIGNASTI			4			ANGRA / LAUS GREINIR				NAGDÝR
UTAN			HAF			DRYKKUR / MÓT			ÓJAFNA / BLUND					
SKIPAÐ NIÐUR					DOTTINN / VANDLEGA							VEITT EFTIRFÖR		OF LÍTIÐ
		SÍÐAN				KAPP-KLÆÐA / Í RÖÐ	1				SKAMM-STÖFUN / MANN-ÞVAGA			3
										LALLA				
		GÓÐ LYKT						SKRÁNING						

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

179 kr/stk. áður 358 kr/stk.
Goða blóðmör - frosin

189 kr/stk. áður 379 kr/stk.
Goða lifrarpylsa - frosin

483 kr/kg. áður 965 kr/kg.
Hamborgarasteik

1.494 kr/kg. áður 2.490 kr/kg.
Borgarnes hangilæri - úrbeinað

197 kr/kg. áður 281 kr/kg.
Matfugl kjúklingavængir

363 kr/pk. áður 605 kr/pk.
Ísfugl kjúklingaleggir

299 kr/pk. áður 499 kr/pk.
Freschetta Brick Oven Italiano - 2 pack

99 kr/pk. áður 165 kr/pk.
Myllu heimilisbrauð

38 kr/stk. áður 75 kr/stk.
Pepsi Max - 1/2 ltr

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13. september til 16. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

STUÐ MILLI STRÍÐA Samstilltar nútímafjölskylduhelgar

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR ER BÚIN AÐ ÁTTA SIG Á ÞVÍ AÐ MARGIR TENGJAST MEIRA EN ÞEIR VITA

Oft er talað um að öll séum við tengd á einhvern hátt og flestir hafa heyrt kenninguna um að þegar fiðrildi blaki vængjunum á einum stað fari af stað hvirfilvindur á öðrum. Fyrir nokkrum árum komst ég til dæmis að því að ég var hluti af langri keðju fólks sem hafði áhrif á hvað annað án þess að hafa hugmynd um það.

Á þessum tíma bjó ég á stúdentagörðum með syni mínum og í sama húsi bjuggu tvær vinkonur mínar með börnin sín. Þar sem stundum kom fyrir að börnin okkar voru hjá pöbbum sínum fannst okkur tilvalið að reyna að koma því þannig fyrir að það væri á sama tíma svo við gætum gert eitthvað saman um helgar, bæði með börnunum okkar og án þeirra.

Fljótlega kom þó sú staða upp að önnur vinkona mín þurfti að skipta um helgar við barnsföður sinn þar sem hann hafði fengið vinnu aðra hvora helgi og einmitt þær helgar sem hann hafði áður verið með barnið sitt. Hún spurði mig því hvort einhver möguleiki væri fyrir mig að skipta líka, sem var ekkert mál fyrir mig, því mínar pabbahelgar voru ekkert sérstaklega negldar niður heldur meira eftir samkomulagi. Þegar ég spurði hina vinkonu mína hvort hún gæti ekki líka fengið að skipta flæktist málið hins vegar. Þegar hún talaði við barnsföður sinn kom nefnilega í ljós að hann og vinur hans voru búnir að stilla sig saman þannig að þeir væru með börnin sín á sama tíma, svo hann þurfti að spyrja vin sinn sem þurfti svo að spyrja barnsmóður sína og svo framvegis. Eftir því sem keðja fólksins sem þurfti að spyrja varð lengri sáum við betur að þetta gengi ekki svo samstilltar pabbahelgar voru úr sögunni.

Þó að samstilltu helgarnar hefðu verið frábærar og ég sæi svolítið eftir þeim fannst mér þetta samt mjög fyndið og lýsandi fyrir það hvernig skipulag pabbahelga er einhvern veginn orðinn sjálfsagður hluti af því sem íslenskar nútímafjölskyldur þurfa að takast á við. Og það er ekki alltaf einfalt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BT NÝJA LÍNAN FRÁ TOSHIBA

1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

15.4" WXGA TruBrite skjár
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

Intel® Core Duo
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

120GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

Innbyggð netmyndavél og míkrafónn!

TAKMARKAÐ MAGN!!!!

TOSHIBA

PSAE0E-04T01GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1ML
Intel Core Duo T2080
15.4" TFT WXGA TruBrite
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

OFFICE 2007

Ef keypt er með tölvu
9.999
14.999

89.999
129.999

BT LÁN™
Verð frá:
2.632
59 mánaða

40.000 kr. VERÐLÆKKUN!

TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

20.000 kr. VERÐLÆKKUN!

69.999
89.999

BT LÁN™
Verð frá:
2.103
59 mánaða

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
FSC AMILO LA1703 AMD
AMD Sempron 3500+
15,4" CrystalView skjár
- 1280 x 768 upplausn
UniChrome Pro skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni (533)
80GB SATA Harður Diskur
Innbyggt þráðlaust net
DVD Skrifari - Dual Layer
Windows Vista Basic
MS Works
WinDVD
Nero 7
Norman Antivirus (3mán)

20.000 kr. VERÐLÆKKUN!

49.999
69.999

BT LÁN™
Verð frá:
2.830
24 mánaða

SONY

14.999
16.999

Sony CyberShot S650
DSCS650

7.2 Megapixlar Super HAD CCD
High Quality Sony lens
3x Optical zoom
f=35-105mm
2" LCD skjár 85 þúsund punkta
AA rafhlöður
100 myndir á hleðslu með skjá
Videoupptaka
24mb innbyggt minni
Memorystick duo
Þyngd 130gr

SONY

19.999

Sony CyberShot W35
DSCW35
7,2 megapixlar
Super HAD CCD
Real Image Processor
3x Optical zoom
6x Digital zoom
14x smart zoom (VGA)
Carl Zeiss Vario Tessar linsa
f = 35-114mm
Innbyggt minni 56MB
MemoryStick Duo
2" LCD skjár 85 þúsund púnkta
380 myndir á hleðslu

Panasonic

17.999

Panasonic 6.0mp digital camera
DMC-LS60EB-S
6.0 Megapixlar
LUMIX DC VARIO
3x Optical zoom
MEGA O.I.S. Hristivörn
BABY MODE
f = 35 -105mm
2" LCD skjár 86 þúsund punkta
AA rafhlöður
260 myndir á hleðslu
Videoupptaka 640*480
16mb inbyggt minni
Notar SD kort
Þyngd 135gr

Panasonic

34.999

PANASONIC LUMIX LX2 M/1GB SD
DMCLX2
10.2 Megapixlar
Leica linsa
4x optical zoom
MEGA O.I.S. Hristivörn
f = 28 - 112mm
2.8" LCD skjár
207 þúsund punktar
Li-ion hleðslurafhlaða
300 myndir á hleðslu
Videoupptaka 848*480
Notar SD kort
Þyngd 187gr
Burst mode
Baby Mode

BT

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

ATH kl. 10
hefst þýðendaþing í tengslum við Bókmenntahátíð í stofu 101 í Odda. Jón Karl Helgason, John Swedenmark, Karl-Ludwig Wetzig, Gauti Kristmannsson, Silvia Cosimini. Kristof Magnusson, Tapio Koivukari, Victoria Cribb, Guðbergur Bergsson, Eric Boury, Steinunn Sigurðardóttir, Kim Lembek og Claudio Pozzani ræða um sitt merkilega starf við þýðingar.

menning

menning@frettabladid.is

SÖB snýr aftur

Sigurður Örn Brynjólfsson opnar sýningu í Listhúsi Ófeigs á Skólavörðustíg 5 í dag kl. 16. Sigurður Örn Brynjólfsson – söb – Siggi er fæddur í Reykjavík 1947 og var atkvæðamikill um langt skeið sem teiknari á skopmyndum í blöð. Hann var frumkvöðull og gerði fyrstu íslensku teiknimyndina, Þrymskviða, árið 1979. Hann hefur síðan gert yfir áttatíu teiknimyndir og seríur.

Hann kenndi grafíska hönnun við Myndlista og handíðaskólann um nær tíu ára skeið og hafði þannig ómæld áhrif á auglýsingagerð og grafískt útlit.

Hann hefur myndskreytt margar íslenskar barna- og kennslubækur, haldið meira en tíu einkasýningar á Íslandi, Ungverjalandi, Finnlandi, Noregi, Litháen og Eistlandi og tekið þátt í samsýningum og kvikmyndahátíðum um allan heim.

Síðan 1993 hefur Söb búið í Eistlandi og unnið við myndlist og teiknimynda- og teiknisögugerð. Söb býr í Tallinn og Haapsalu ásamt eiginkonu sinni Liiviu Leshkin tískuhönnuði og syni þeirra Tindi Hugo.

MYNDLIST Eitt verka Sigurðar á sýningunni í Ófeigi.

Sýningin stendur til 3. október og er opin á verslunartíma, lokað sunnudaga. **- pbb**

Heimildir um nútímann

Í dag verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur Grófarhúsi sýningin DAAGBLAÐIÐ VÍÍSIR! Á sýningunni má sjá fréttaljósmyndir Dagblaðsins, Vísis og síðar DV frá árunum 1960-2000. Fréttaljósmyndir hafa síðustu áratugi verið fyrirferðarmiklar í upplifun almennings af atburðum samtímans og eru meðal helstu sögulegu heimilda nútímans um samfélagið og ráðandi um upplifun manna af tíðindum sem höfðu mikið að segja í framrás tímans.

LJÓSMYNDIR Ein af myndum Gunnars V. Andréssonar á sýningunni.
MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/ GVA

Margar myndanna á sýningunni birtust aldrei á síðum dagblaðanna, voru ekki notaðar, og koma því núna fyrir sjónir almennings í fyrsta sinn. Þær eru þó ekki síðri heimildir um nýliðna fortíð þjóðarinnar en myndirnar sem fengu að birtast. Á sýningunni má finna fjölda mynda af atburðum sem eru greyptir í huga Íslendinga, til dæmis af heimkomu handritanna árið 1971 og af sokknum hvalveiðiskipum í Reykjavíkurhöfn árið 1986.

Myndir af þessum atburðum og um eitt hundrað og fimmtíu aðrar af vettvangi íslensks þjóðlífs má finna á sýningunni. Allar gefa þær sýningargestum einhverja mynd af samfélaginu sem þær eru sprottnar úr og hver segir sína sögu af íslensku þjóðlífi á seinni hluta tuttugustu aldarinnar.

Á þessu tímabili starfaði mikill fjöldi ljósmyndara hjá þessum blöðum og raunar Tímanum líka en safn þeirra ljósmyndara rann um síðir inn í DV-safnið. Fyrir fáum misserum afréðu stjórnendur 365 miðla að koma öllu safni frá þessum tíma fyrir í vörslu Ljósmyndasafnsins. Var safnið aðeins grófflokkað og er nú unnið að því að koma á það skikk.

Gunnar V. Andrésson hefur starfað sem fréttaljósmyndari í 40 ár og er einn af ljósmyndurunum sem eiga myndir á sýningunni. „Fréttaljósmyndun er blaðamennska með annað áhald í höndunum heldur en penna. Ljósmyndir skipta miklu máli þegar kemur að því að vekja áhuga lesandans á frétt. Ég held að það gerist oft að fólk lesi fréttir eingöngu vegna þess að ljósmynd tengd fréttinni vakti athygli þeirra," segir Gunnar og bætir svo við: „Þess vegna reyni ég að hafa fólk brosandi og ánægt á mínum ljósmyndum vegna þess að það laðar lesendur að myndefninu."

Gunnar hefur mikla yfirsýn yfir hvernig vinnuumhverfi fréttaljósmyndarans hefur breyst undanfarna fjóra áratugi. Hann segir tækninýjungar hafa haft mest að segja. „Aðalbreytingin er að sjálfsögðu stafræna byltingin. Hún hóf reyndar ekki innreið sína í blaðaljósmyndun fyrr en um 2000, en hún hefur algerlega kollvarpað myndvinnslu. Nú eru myndir unnar í tölvum frá upphafi til enda og því gengur allt ferlið hraðar fyrir sig en áður."

Sýningin stendur yfir til 25. nóvember. Ljósmyndasafn Reykjavíkur er til húsa í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15 og er opið mánudaga til föstudaga 12-19 og laugardaga og sunnudaga 13-17. **vigdis@frettabladid.is**

NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá bókaforlaginu Bjarti bókin Mæling heimsins eftir Daniel Kehlmann, í þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur. Sagan fjallar um heimaalning og heimsmann – Carl

Friedrich Gauss og Alexander von Humboldt – sem rannsaka heiminn hvor á sinn máta. Daniel Kehlmann blandar saman staðreyndum og skáldskap, sagan er sambland af vísindasögu og lygasögu. Kehlmann hefur fengið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir fyrri skáldsögur sínar. Mæling heimsins hefur verið seld til 37 landa og setið á toppi þýska metsölulistans vel á annað ár. Mæling heimsins var næstmest selda skáldsagan í heiminum árið 2006. Bókin er 233 blaðsíður og prentuð í Finnlandi.

Bókaforlagið Veröld hefur gefið út skáldsöguna Hermaður gerir við grammófón eftir Sasa Staniši í þýðingu Bjarna Jónssonar. Staniši fæddist í Visegrad í Bosníu árið 1978 en 14

ára gamall flúði fjölskyldan hildarleikinn ógurlega á Balkanskaganum til Þýskalands og er sagan byggð á minningum hans. Hermaður gerir við grammófón segir frá Aleksander sem elst upp í litlu þorpi í Bosníu. Hann hefur miklar frásagnargáfu sem hann hefur frá afa sínum: veisla sem haldin er í tilefni af nýju inniklósetti, kokkálaður eiginmaður í leit að nýrri móður fyrir son sinn, fótboltaleikur milli stríðandi fylkinga á velli umluktum jarðsprengjusvæði. Hvað gerist þegar boltinn fer út af? Hermaður gerir við grammófón er 259 blaðsíður og prentuð í Finnlandi.

Náttúrlega lýkur

Samtímalistsýningunni [náttúrulega] sem var hleypt af stokkunum í Norræna húsinu í Færeyjum sumarið 2007 lýkur um helgina í Norræna húsinu. Með sýningunni [náttúrulega] hafa sautján rótgrónir norrænir listamenn verið hvattir til að vinna með og gera efnið „náttúra“ að gagnrýnu viðfangsefni út frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, t.d. gagnrýnum samfélagslegum sjónarmiðum, völdum þemum, ýmsum tilraunum með efnivið og hrifnæmni.

List- og náttúruhugtakið eru viðfangsefni í umræðu og úrvinnslu í óvanalegri samvinnu tíu færeyskra og sjö annarra norrænna listamanna. [náttúrulega] beinir athyglinni í miklum mæli að áhorfendum.

Mikil áhersla er á heildarmynd sýningarinnar, til staðar eru gagnvirk verk og lestrarkrókur er á staðnum þar sem gestir geta lesið um aðrar náttúrutengdar sýningar. Með [náttúrulega] er á grundvelli norrænnar samvinnu hvatt til að ná aðeins lengra með list- og náttúruhugtök, þannig að tekið sé tillit til hinna fjölþættu möguleika sem listin og náttúran búa yfir.

Þeir listamenn sem taka þátt eru: Frá Færeyjum: Astrid Andreasen, Fríða Brekku, Edvard Fuglö, Zacharias Heinesen, Hansina Iversen, Rannvá Kunoy, Oggi Lamhauge, Hans Pauli Olsen, Torbjörn Olsen, Brandur Patursson. Frá Danmörku: John Körner, Jonas Hvid Söndergaard, Kassandra Wellendorf & Simon Lövind, Kathrine Ærtebjerg. Frá Íslandi: Anna Líndal. Frá Grænlandi: Julie Edel Hardenberg. Frá Noregi: Fredrik Raddum.

Á meðal listaverkanna er gagnvirkt listaverk af Dettifossi eftir Kassöndru Wellendorf og Simon Lövind.

- pbb

ÚTSÖLUSTAÐIR SLOGGI TILBOÐ MAXI

HAGKAUP SMÁRALIND
HAGKAUP SKEIFUNNI
HAGKAUP KRIGLUNNI
HAGKAUP SPÖNGINNI
HAGKAUP GARÐABÆ
HAGKAUP EIÐSTORGI
HAGKAUP AKUREYRI
HAGKAUP BORGARNESI
HAGKAUP NJARÐVÍK
EINAR ÓLAFSS, AKRANESI
KLAKKUR VÍK
NETTÓ AKUREYRI
NETTÓ MJÓDD
ÚRVAL NJARÐVIK
ÚRVAL HAFNAFIRÐI
ÚRVAL EIGILSSTÖÐUM
ÚRVAL HÚSAVÍK
ÚRVAL ÓLAFSFIRÐI
ÚRVAL ÍSAFIRÐI
ÚRVAL SIGLUFIRÐI
ÚRVAL BORGARNESI
ÚRVAL BLÖNDUÓSI
ÚRVAL SKAGASTRÖND
BJARNI EIRÍKS. BOLUNGARVÍK
KAUPFÉLAG V-HÚNV. HVAMMST.
KAUPFÉLAG SKAGF. SAUÐÁRKR.
KAUPFÉLAG STEINGRÍMS-
FJARÐAR HÓLMAV.
KAUPFÉLAG STEINGRÍMFJAR.
DRANGSN
NÓATÚN SELFOSSI
EFNALAUG DÓRU, HÖFN
EFNALAUG VOPNAFJARÐAR
LYFJA, PATRÓ
ÞÍN VERSLUN SELJABRAUT
STRAX FÁSKRÚÐSFYRÐI
STRAX LAUGAVATNI
KRÓNAN REYÐARFIRÐI
KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
KRÓNAN MOSÓ
KRÓNAN VESTMANNAEYJUM
KJARVAL VÍK
KJARVAL HVOLSVELLI
KJARVAL HELLU HELLU
KJARVAL KLAUSTUR

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Fyrirsætan **Naomi Campbell** var að undirrita samning við leikstjórann **Spike Lee** um hlutverk í nýrri bíómynd. „Þetta er mjög lítið hlutverk en myndin fjallar um mál sem ég hef mikinn áhuga á. Hún er um svarta hermenn staðsetta á Ítalíu í seinni heimsstyrjöldinni."

Tískuvikan í London er um það bil að hefjast og tískulið heims flykkist til Bretlands. Partíhöld eru ekki síður mikilvæg en tískusýningarnar. Fyrsta teiti vikunnar verður teboð tískuhússins **Mulberry** í dag til að fagna nýjum hönnuði, **Julie Verhoeven**. Kampavínsframleiðandinn **Moët et Chandon** heldur svo partí ásamt **Siennu Miller** á sunnudagskvöld og uppi er orðrómur um að hönnuðurinn Giles Deacon þeyti skífum. **Luella Bartley** opnar nýja og glæsilega verslun á mánudag og án efa mun þotuliðið flykkjast á opnunina.

stíll

utlit@frettabladid.is

fullkominn svartan og hvítan kjól við öll tækifæri. Frá Oasis, Kringlunni

OKKUR LANGAR Í ...

sexý há, svört og glansandi stígvél í anda Barbarellu. Frá Kúltúr, Kringlunni

risastóran, grófan en mjúkan trefil fyrir haustveðrið. Frá Accessorize, Kringlunni



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Smart kokkteilmatur

Nú er farið að kólna hressilega í veðri og haustið raunverulega skollið á. Kvöldin byrja fyrr og fyrr og maður er farinn að setja hita á ofnana. Það svífur letileg syfja og kósíheit í köldum andvaranum og kominn tími til að setja sig í stellingar fyrir veturinn. En nú er ég ekki endilega að tala um að draga fram stóru treflana og pelsinn heldur að það verði líka að breyta andrúmslofti heimilisins. Haustið boðar ilmkerti og

matarboð, enda fátt skemmtilegra en kvöldstund með góðum félögum og fjölskyldu í heimahúsum. En ef maður ætlar að reyna að halda í snefil af smartheitum verður maður auðvitað að fylgjast með tískustraumum í matargerð eins og öllu öðru sem viðkemur góðum stíl. Eftir því sem ég best veit þá er nýjasta tískan í mat erlendis nokkuð sem kallast „Stylish retro". Hvað er nú það? Eitthvað sem á að fara við sixtískjólinn og Lee Hazlewood-plötuna? Næstum því. Retrómatur er svona rækjukokkteill og hnetusmjörssamloka, bara matreidd á smartari hátt. Til dæmis er veitingastaður í London sem býður upp á BLT-samloku í martiniglasi með tómatpurée, beikonmauki og salatfrauði. Það væri kannski ekkert vitlaust að bjóða upp á matinn líka í kokkteilglösum. Önnur matartíska í haust er teboð í stað kaffiboða. Í stað þess að bjóða í kaffi og vínarbrauð á sunnudögum væri elegant að hella upp á ilmandi Earl Grey te, dekka upp borð og bjóða upp á enskar skonsur með þeyttum rjóma og sultu, eða þá gúrkusamlokur eins og beint út úr skáldsögu eftir Evelyn Waugh. Þið hafið kannski tekið eftir því að te gengur líka í tískuhringi, fyrst þurftum við að kúgast á grænu tei, svo kom seiðandi Chai Latte og núna er hið púritaníska hvíta te orðið heitast. Hvað gæti reyndar verið fallegra en að bjóða upp á kokkteil úr hvítu tei í heimahúsi? Prufaðu að kæla teið, bæta út í dreitli af maukuðum skógarberjum, skreyta með ferskum jarðarberum og jafnvel myntu og rósarblöðum og bera fram í fallegum gamaldags glösum. Svo má auðvitað bæta við slurki af vodka eftir stemningu og tíma dags.

ÍBURÐUR OG MEIRI ÍBURÐUR

Elegant karrígul silkiblússa við svarta slá og síðbuxur frá **Etro.** Kjóll alsettur málmplötum frá **Emilio Pucci.** Dásamlega litríkur og glitrandi kjóll frá Emilio Pucci Glitrandi netkjóll í riddarastíl með breiðu málmbelti frá **Dolce & Gabbana**,, flauels- og glimmerkjóll í fallegum haustlit frá **Christopher Kane**, silfurlitaður og svartur skokkur frá Christopher Kane og vínrauður flauelskjóll frá Christopher Kane.

GLIMRANDI LÚXUS

Haustið boðar kviksjá af glitrandi kristöllum, bróderingu, gljáandi silki og pallíettum sem lyftir lúxusnum í nýjar hæðir. Dolce & Gabbana, Emilio Pucci, Alberta Ferretti, Etro og Christopher Kane léku sér með dásamleg ísaumuð efni í dempuðum litum og gefa kvöldklæðnaði ævintýralegan brag. Gæta skal þó að ofhlaða ekki slíkar flíkar og fallegast er að bera enga skartgripi við þær og halda hárgreiðslum og förðun eðlilegri. Prufið að nota glitrandi kjól við þykkar sokkabuxur og grófa skó eða jafnvel gallabuxur til þess að tóna glamúrinn niður. **- amb**

AUKA KRÓNUR

KYNNINGARTILBOÐ

Iceland Express og Aukakrónur Landsbankans taka höndum saman og bjóða sérstakt tilboð á flugi í október og nóvember. Auk þess fá viðskiptavinir endurgreiðslu, í formi Aukakróna, sem nemur 3,5% af neðangreindu verði.

Allir áfangastaðir Iceland Express eru í boði:
Kaupmannahöfn, London, Berlín, Alicante, Lúxemborg, Barcelona og Billund.

Keflavík - Kaupm.höfn	7.100 kr.
Kaupm.höfn - Keflavík	6.700 kr.
Keflavík - London Stansted	7.100 kr.
London Stansted - Keflavík	8.300 kr.
Keflavík - Alicante	7.100 kr.
Alicante - Keflavík	5.900 kr.
Keflavík - Lúxemborg	7.100 kr.
Lúxemborg - Keflavík	7.400 kr.
Keflavík - Barcelona	7.100 kr.
Barcelona - Keflavík	5.900 kr.
Keflavík - Berlín	7.100 kr.
Berlín - Keflavík	6.380 kr.
Keflavík - Billund	7.100 kr.
Billund - Keflavík	6.700 kr.

Verð með sköttum og öðrum greiðslum. Valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.

Sölutímabil: Frá 14. til 20. september.
Ferðatímabil: Frá 1. október til 30. nóvember.
Greiða þarf með kreditkorti í Aukakrónusöfnun.
Kynntu þér málið og pantaðu ferð á Aukakronur.is

Iceland Express

AUKAKRÓNUR

Aukakrónur eru fríðindasöfnun Landsbankans.
Við viljum umbuna fólki fyrir góð viðskipti á einfaldan og gagnsæjan hátt. Skráðu þig á aukakronur.is, hringdu í síma 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans.
Vertu með. Það er einfalt. Aukakrónur: þær koma bara.

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS/LBI 39138 09/07

> KJARVALS BRENNIVÍN

Listilega máluð brennivínsflaska eftir Kjarval er meðal þeirra verka sem finna má á sýningu úr einkasafni Þorvaldar í Síld og fisk sem stendur yfir í Gerðarsafni og lýkur á morgun. Sagan segir að Ölgerðin hyggist nú búa til sérstaka viðhafnarútgáfu af íslensku brennivíni og nota Kjarvalsflöskuna sem fyrirmynd.

fólk

folk@frettabladid.is

Hlýddi á listaverk í London

„Þetta var náttúrlega alveg geggjað. Það var magnað að heyra þetta listaverk," segir Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, sem hlýddi á bandarísku rokksveitina Sonic Youth spila meistaraverk sitt Daydream Nation í heild sinni í London.

„Þetta ár, 1988, sem platan kom út var árið sem maður kynntist Come on Pilgrim með Pixies og Surfer Rosa og síðan kom þessi plata út um haustið. Sykurmolarnir komu líka með plötu og My Bloody Valentine. Þetta var rosalegt ár í músík og mikið að gerast," segir Grímur. „Ég kynntist Sonic í gegnum plötuna Sister. Daydream Nation var „breakthrough" fyrir þau því þarna náðu þau lengra út til almennings en áður þótt þau urðu aldrei „mainstream".

GRÍMUR ATLASON Bæjarstjóri Bolungarvíkur hefur mikið dálæti á bandarísku rokksveitinni Sonic Youth.

Sonic Youth spilaði á þrennum tónleikum í London og var uppselt á þá alla. Grímur, sem stóð fyrir tónleikum sveitarinnar á Nasa fyrir tveimur árum, sá hana fyrst á sviði í Brixton í London 10. september 1990. „Ég hef séð marga tónleika en það eru með albestu tónleikum sem ég hef séð," segir hann.

Næst á dagskrá hjá tónlistaráhugamanninum Grími eru tónleikar með Megasi á Ísafirði í kvöld, auk þess sem hann stendur fyrir komu Danans Kim Larsen hingað til lands í lok nóvember. **- fb**

THURSTON MOORE Thurston Moore og félagar í Sonic Youth fóru á kostum í London.

Vill hjálpa Britney

Simon Cowell, dómarinn óvægni úr American Idol og X-Factor, hefur boðist til að hjálpa Britney Spears við að endurreisa feril sinn eftir hræðilega frammistöðu á MTV-verðlaunahátíðinni.

Ekki er langt síðan Cowell sagði að ferillinn hennar væri á enda en núna hefur honum snúist hugur. Ætla meðdómarar hans úr Idol að vera honum til halds og trausts. „Við ætlum að koma Britney aftur á kortið. Okkur er alvara. Við ætlum að kaupa handa henni stærri nærbuxur sem hún getur sungið í og losa hana við heimsku vinina hennar," sagði Cowell. Randy Jackson, kollegi Cowell úr Idol, er á sama máli. „Við viljum endilega koma þér á réttu brautina aftur, Spears. Við getum gert þig að stórstjörnu á nýjan leik."

Nýjasta smáskífulag Britney, Gimme More, fór í 85. sæti á bandaríska Billboard-listanum þegar það kom út á dögunum.

COWELL OG JACKSON Simon Cowell og Randy Jackson vilja bjarga Britney Spears frá glötun.

Engu að síður er talið að lagið komist inn á topp tuttugu eftir að það verður gefið út á stafrænan hátt í október.

Björk tilnefnd fyrir Earth Intruders

Myndband við lag Bjarkar Guðmundsdóttur, Earth Intruders, hefur verið tilnefnt af breska tónlistartímaritinu Q sem besta myndband ársins. Leikstjóri myndbandsins er hinn margverðlaunaði Frakki, Michel Ocelot. Lagið er að finna á nýjustu plötu Bjarkar, Volta, sem hefur fengið afar góðar viðtökur víða um heim.

Þau myndbönd sem eru einnig tilnefnd eru Icky Thump með The White Stripes, Ruby með Kaiser Chiefs, Bones með The Killers og Alfie með Lily Allen. Verðlaunaathöfnin fer fram í London hinn 8. október.

Ekki er langt síðan Björk var tilnefnd til evrópsku MTV-tónlistarverðlaunanna sem besti sólótónlistarmaðurinn og mesti rokkarinn. Fer sú athöfn fram í München 1. nóvember. Þess má geta að Björk verður í stóru viðtali í næsta tölublaði tímaritsins Dazed & Confused. Voru myndirnar af henni í tímaritinu teknar úti í íslenskri náttúru.

BJÖRK Myndband við lag Bjarkar, Earth Intruders, hefur verið tilnefnt til Q-verðlaunanna sem myndband ársins.

Leikur mislukkaða einstaklinga

Jörundur Ragnarsson leikari hefur vakið mikla athygli fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Veðramót en hann leikur einnig í Astrópíu og sjónvarpsþáttunum Næturvaktin. Í öllum tilfellum leikur hann „mislukkaða" einstaklinga.

„Þetta er búið að vera algjört ævintýri," segir Jörundur Ragnarsson leikari, sem útskrifaðist úr leiklistardeild LHÍ á síðasta ári. Í Astrópíu leikur Jörundur einn liðsmanna „nördagengisins", í Veðramótum fer hann með hlutverk Samma sem er geðfatlaður ungur maður á vistheimili og í Næturvaktinni leikur hann háskólanemann og kvíðasjúklinginn Daníel, sem auk þess glímir við þunglyndi. „Það eru engar tvær manneskjur eins og þótt þessir karakterar séu líkir að mörgu leyti eru þeir í raun mjög ólíkir og mislukkaðir hver á sinn hátt," segir Jörundur, sem segist alls ekki hræddur við að festast í slíkum hlutverkum. „Ég er ekki búinn að vera lengi í bransanum og ætla rétt að vona að ég fái séns á að gera eitthvað annað þótt þetta hafi viljað svona til núna," segir hann og hlær.

Meðleikarar Jörundar í Næturvaktinni eru sem kunnugt er þeir Jón Gnarr og Pétur Jóhann Sigfússon en þættirnir verða frumsýndir á Stöð 2 á sunnudag. „Þeir eru náttúrlega tveir fyndnustu menn Íslands, það verður ekki af þeim tekið," segir Jörundur og játar því að samstarfið hafi verið skemmtilegt. „Það getur ekki verið leiðinlegt að vinna með svona fólki og samstarfið var auk þess mjög lærdómsríkt. Þetta var engu að síður rosaleg törn enda fóru tökur fram á nóttunni í tvo mánuði." Tökum á Næturvaktinni lauk í mars síðastliðnum og nú undirbýr Jörundur sig fyrir stórt hlutverk í mynd Óskars Jónassonar, Reykjavík-Rotterdam. „Þar er ég að leika, já, svolítið misheppnaða týpu," segir hann og hlær.

- sók

REYKJAVÍK-ROTTERDAM NÆST Á DAGSKRÁ Ekki er langt síðan Jörundur Ragnarsson útskrifaðist sem leikari en þessa dagana má sjá hann í tveimur stórum bíómyndum auk þess sem hann leikur eitt aðalhlutverkið í Næturvaktinni sem verður frumsýnd á sunnudag. Næst leikur hann í mynd Óskars Jónassonar, Reykjavík-Rotterdam.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **Eminem** er byrjaður að vinna að sinni fyrstu hljóðversplötu í þrjú ár. „Mig langaði ekki að fara aftur í hljóðverið vegna þess að ég gekk í gegnum persónuleg vandamál. Núna er ég að stíga út úr þeim og mér líður vel," sagði Eminem. Ekki hefur verið ákveðið hvenær nýja platan kemur út. Mun hún fylgja eftir vinsældum síðustu plötu hans, Encore.

Britney Spears hélt neyðarfund með fyrrverandi eiginmanni sínum **Kevin Federline** í von um að leysa harðvítuga forræðisdeilu þeirra. Skipulagði hún fund með Federline og lögfræðingi hans síðastliðinn miðvikudag, á eins árs afmælisdegi sonar þeirra Jayden. Næsta mánudag eiga þau að mæta fyrir fjölskyldurétt til að leysa deiluna en Britney vildi ljúka málinu áður en til þess kæmi. Federline neitaði öllum tilllögum Britney, henni til mikilla vonbrigða, og mætast þau því í réttarsalnum með hnefana á lofti.

Leikaraparið **Charlize Theron** og **Stuart Townsend** hafa lýst því yfir að þau séu gift þrátt fyrir að engin opinber skjöl séu til um það. Sýndu þau „giftingarhringa" sína á frumsýningu Battle in Seattle, fyrstu myndarinnar sem Townsend leikstýrir. „Ég vildi ekki hafa kirkjubrúðkaup en við erum engu að síður gift. Við elskum hvort annað og viljum eyða ævinni saman. Ég þarf ekkert skjal frá ríkinu eða kirkjuathöfn til að staðfesta það," sagði Townsend.

Daniel Radcliffe, betur þekktur sem Harry Potter, sér eftir því að hafa ekki haldið ærlega upp á átján ára afmæli sitt. Hefur hann nú heitið sér því að sletta vel úr klaufunum þegar hann verður 21 árs. Átján ára afmælisveisla hans var á rólegu nótunum. Eyddi hann deginum í að horfa á krikkett.



BDF Beiersdorf

ÖLDRUN ÞAR SEM HÚN SÉST MEST

ANDLIT:
- Ennishrukkur og brosllínur fyllast innan frá og útlínur kinna fá betri þéttleika

HENDUR:
- Minnkar hrukkur
- Varnar myndun öldrunarbletta
- Sólarvörn 15

HÚÐKREM:
- Fyrir bringu, háls og handleggi
- Minnkar og fækkar hrukkum, sjáanlega
- Gerir húðina stinna
- Sólarvörn 15

NÝTT!

GERÐU HÚÐINA UNGLEGRI MEÐ DNAge ZONE ACTION

- Inniheldur fólínsýru sem verndar DNA og örvar frumuendurnýjun húðarinnar

ÁLFABAKKA		
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
MR. BROOKS VIP	kl. 8 - 10:30	
BRATZ	kl. 12:30 - 3 - 5:30-8-10:30	L
KNOCKED UP	kl. 5 - 8 - 10:40	12
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍA VIP	kl. 2 - 4 - 6	
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30	L
RATATOUILLE M/- ENSKU TAL	kl. 3	L
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 12:30	L
HARRY POTTER 5	kl. 2	10
KRINGLUNNI		
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8:30	L
LICENSE TO WED	kl. 2 - 6 - 8	7
ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6:30	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14
TRANSFORMERS	kl. 10:40 DIGITAL	10
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30 - 4 DIGITAL	L

AKUREYRI		
BRATZ - THE MOVIE	kl. 2 - 4 - 8	L
VEÐRAMÓT	kl. 6	14
VACANCY	kl. 8 -10	12
RATATOUILLE - ÍSL TAL	kl. 2 - 4	L
ASTRÓPÍA	kl. 6 - 10	L
KEFLAVÍK		
BRATZ THE MOVIE	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12
DISTURBIA	kl. 10:10	12
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
SELFOSSI		
MR. BROOKS	kl. 5:50 - 8 - 10:30	16
LICENSE TO WED	kl. 2 - 8	7
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:10	14
ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 (síðasta sýningarhelgi)	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:40	L

SPARBÍÓ 450 kr
á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

SS SÓL Hljómsveitin SS Sól ætlar að halda upp góðri stemningu á Nasa í kvöld.

Spila lengur en Franz

Hljómsveitin góðkunna SSSól ætlar að trylla lýðinn á tónleikum á Nasa í kvöld. „Þetta verður svona „Saturday Night Fever," segir Helgi Björnsson, söngvari SSSól, sem lofar frábærri stemningu. „Franz Ferdinand ætlar að hita upp fyrir okkur í kvöld [í gærkvöldi]. Þeir verða kannski að spila til hálfeitt en við verðum örugglega til hálffimm."

SSSól er að kynna DVD-myndisk og geisladisk sem voru teknir upp á vel heppnuðum tuttugu ára afmælistónleikum sveitarinnar sem voru haldnir í Borgarleikhúsinu í vor. Þá spilaði hljómsveitin órafmagnað á tvennum tónleikum og stiklaði á stóru í litríkri sögu sinni. Sérstakir gestir voru KK, Silvía Nótt og Björn Jörundur. Diskarnir tveir koma út í byrjun október.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 23 og kostar 1.500 krónur inn.

Nýtt lag í nóvember

Kylie Minogue snýr aftur í tónlistarheiminn með nýrri plötu í nóvember. Fyrsta smáskífan af plötunni ber nafnið 2 Hearts. Hún kemur í verslanir 12. nóvember næstkomandi, en verður fáanleg á netinu frá 5. nóvember. Væntanleg plata Kylie er sú fyrsta sem hún sendir frá sér í fjögur ár, frá því að hin geysivinsæla Body Language kom út. Kylie hefur haft tiltölulega hægt um sig frá því hún greindist með brjóstakrabbamein árið 2005. 2 Hearts er hennar tíunda plata.

KYLIE KOMIN AFTUR Kylie Minogue sendir frá sér nýja plötu í nóvember.

Glymjandi gleði út í gegn

Það hefur sjálfsagt verið óskemmtilegt að alast upp í Baltimore í upphafi sjöunda áratugarins, þar sem meðalmennska, fordómar og afturhaldssemi réðu ríkjum, eins og gefið er til kynna í dans- og söngvamyndinni Hairspray.

Þar segir frá Tracy Turnblad, þybbinni unglingsstúlku, sem fær ósk sína uppfyllta þegar hún kemst í Corny Collins-sjónvarpsþáttinn, þrátt fyrir að falla illa að stöðluðum fegurðarímyndum. Tracy uppgötvar sér til mikillar skelfingar hversu illa er farið með svarta í þáttunum og í bænum almennt og setur allt á annan endann með því að hefja réttindabaráttu svartra.

Hairspray er endurgerð samnefndrar kvikmyndar Johns Waters frá árinu 1988, sú fyrsta sem kvikmyndagerðarmaðurinn sendi frá sér sem átti upp á pallborðið hjá bandaríska kvikmyndaeftirlitinu og aflaði honum almennra vinsælda.

Tónlist sjöunda áratugarins var eitt aðalsmerki kvikmyndarinnar og því í raun tímaspursmál hvenær einhverjum snillingnum dytti í hug að gera upp úr henni söngleik. Sú varð raunin þegar Hairspray var sett upp á Broadway árið 2002 og valinn „Söngleikur ársins".

Hollywood var ekki lengi að finna peningalyktina og á síðasta ári var söngleikurinn kvikmyndaður. Margir efuðust um að Adam Shankman, með sína afleitu ferilskrá, gæti fetað í fótspor Waters og hvað þá að John Travolta væri verðugur arftaki Divine sem móðir Tracy.

Óttinn reynist algjörlega óþarfur, því jafn vel heppnuð og skemmtileg dans- og söngvamynd hefur ekki sést lengi. Vissulega hefði mátt koma ádeilunni á aðskilnaðarstefnuna betur til skila en Shankman kýs að keyra myndina áfram með fjörugum tónlistaratriðum og leikhópurinn stendur sig með sóma. Blonsky er frábær sem Tracy, Walken mátulega góður sem faðir hennar og Pfeiffer dásamlega illkvittin sem þáttastjórnandinn Velma Von Tussle. Travolta tekst ágætlega upp sem kona þótt það vanti aðeins upp á raddbeitinguna.

KVIKMYNDIR

Hairspray

Leikstjóri: Adam Shankman.
Aðalhlutverk: Nikky Blonsky, John Travolta, Michelle Pfeiffer, Christopher Walken og Queen Latifah.

★★★★

Hairspray er fyrirtaks fjölskylduskemmtun sem kennir okkur að koma auga á fegurðina í margbreytileikanum.

Hairspray er fyrirtaks fjölskylduskemmtun sem stenst forveranum fyllilega snúning, ásamt því að kenna okkur að koma auga á og meta fegurðina í margbreytileikanum.

Roald Viðar Eyvindsson

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
HAIRSPRAY	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
HAIRSPRAY LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
VACANCY	kl. 8 - 10	16
VEÐRAMÓT	kl. 5.40 - 8	14
KNOCKED UP	kl. 8 - 10.40	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 2 - 4 - 6	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 1.30 - 3.45	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 1.30 - 3.45	
RUSH HOUR	kl. 5.50 - 10.20	12
SKOPPA & SKRÍTLA	kl. 2 500 kr 45 mín.	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS		
KL. 8	Sicko	
KL. 10.30	Sicko	
VACANCY	kl. 6 - 8 - 10	16
VEÐRAMÓT	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 3 - 6	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 3 - 6 - 8 - 10	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 3	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
HAIRSPRAY	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
VEÐRAMÓT	kl. 3.20 - 5.40 -8- 10.20	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 - 8 - 10.10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 -10.30	14

SAMBÍÓIN SÍMI 462 3500		
HAIRSPRAY	kl. 5.50 - 8 - 10.20	
KNOCKED UP	kl. 10.20	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 4	
SKOPPA & SKRÍTLA	kl. 4 - 5 500 kr 45 mín.	

KIMONO OG CURVER Hljómsveitin Kimono, sem gaf út plötu með Curver fyrr á árinu, hefur sent frá sér nýtt lag.

Nýtt frá Kimono

Hljómsveitin Kimono hefur gefið út nýtt smáskífulag sem nefnist Wire. Lagið verður að finna á væntanlegri plötu sveitarinnar sem kemur út næsta vor. Verður það fjórða plata Kimono. Hægt er að hlaða niður laginu á heimasíðunni Smekkleysa.net.

Kimono gaf fyrr á árinu út plötu með Curver. Síðasta plata sveitarinnar þar sem hún var í aðalhlutverki, Artic Death Ship, kom aftur á móti út árið 2005. Fékk hún mjög góða dóma gagnrýnenda og var af mörgum talin ein af betri plötum ársins. Næstu tónleikar Kimono verða á Organ 19. september þar sem nokkur lög af nýju plötunni verða prufukeyrð.

SHARKIRA Söngkonan stundar nám við háskóla í Kaliforníu.

Shakira á skólabekk

Söngkonan Shakira hefur sest á skólabekk í háskóla í Kaliforníu. Stundar hún þar nám í þróun vestrænnar menningar og þykir hafa staðið sig vel. Shakira, sem er þrítug, fór í skólann eftir að hún lauk tónleikaferð sinni Oral Fixation. Hefur hún á undanförnum árum menntað sig upp á eigin spýtur. Meðal annars hefur hún farið á tungumála- og sögunámskeið sem tengjast þeim löndum sem hún hefur heimsótt á tónleikaferðum sínum.

Þekktasta lag Shakiru er vafalítið Hips Don´t Lie sem sló rækilega í gegn í fyrra.

FINNTROLL Finnska þungarokkssveitin heldur tvenna tónleika í Reykjavík.

Finntroll á Íslandi

Finnska þungarokksveitin Finntroll heldur tvenna tónleika í Reykjavík í kvöld og annað kvöld. Þrátt fyrir að vera finnsk syngur sveitin á sænsku. Spilar hún þjóðlagaskotið melódískt þungarokk. Gætir áhrifa dauðarokks og „blackmetal“ í mörgum lögum en í rólegri lögunum fær þjóðlegur blær að njóta sín.

Fyrri tónleikar Finntroll verða á Grand Rokk og sjá Sólstafir, Drep og Trassar um upphitun. Á síðari tónleikunum, sem verða á Gauknum, hita upp Severed Crotch, Ask the Slave og Dust Cap. Miðaverð á báða tónleikana er 1.500 krónur.

> Eriksson og Richards bestir

Sven Göran-Eriksson, stjóri Man. City, og Micah Richards, bakvörður Man. City, voru valdir besti stjóri og leikmaður ágústmánaðar í enska boltanum. Enski boltinn fer aftur í gang í dag og má geta þess að Wayne Rooney verður í leikmannahópi Man. Utd sem mætir Everton. Rooney fótbrotnaði í fyrsta leik leiktíðarinnar og var búist við að hann yrði lengur frá. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, sagði ekki ljóst hvort og þá hversu mikinn þátt Rooney tæki í leiknum gegn sínu gamla félagi.

sport
sport@frettabladid.is

GUÐRÚN ÓSK MARÍASDÓTTIR: ÁTJÁN ÁRA MARKVÖRÐUR SLÓ Í GEGN Í FYRSTA LEIK GRÓTTU

Heldur landsliðsmarkverðinum á bekknum

Hin átján ára Guðrún Ósk Maríasdóttir hefur hingað til ekki verið mjög stórt nafn í íslenska handboltaheiminum en hún stimplaði sig rækilega inn í fyrrakvöld. Þá varði hún 21 skot í leik Gróttu og HK, alls 57% þeirra skota sem á markið komu. Á bekknum sat Íris Björk Símonardóttir, annar tveggja A-landsliðsmarkvarða Íslands.

„Það er örugglega enginn sáttur við að þurfa að sitja á bekknum en hún hefur samglaðst mér og stutt mig mikið," sagði Guðrún Ósk við Fréttablaðið í gær.

Hún lék í norsku 2. deildinni í fyrra með Jotun IL en þjálfari liðsins var Ólafur Sveinsson. „Hann þjálfaði mig þegar ég var yngri og bauð mér að koma. Ég sé alls ekki eftir því en dvölin var æðisleg. Þarna bjó ég ein í íbúð ásamt stelpu frá Úkraínu, ég fór í skóla og lærði nýtt mál. Það versta er að ég á í mestu vandræðum með dönskuna í skólanum nú," sagði hún og hló.

Hún hefur varið mark U-19 ára landsliðsins frá sextán ára aldri og var þar áður í tvö ár í U-16 ára liðinu.

„Ég byrjaði reyndar sem skytta tíu ára gömul en hálfu ári síðar vantaði liðið markvörð og ákvað ég að skella mér í markið. Ég puttabrotnaði svo í fyrsta leiknum en hélt samt áfram og spilaði þannig í næstu fimm leikjum. Þetta gekk svo vel að ég ákvað að halda þessu áfram."

Hún hræðist þó ekki samkeppnina við Írisi Björk, þvert á móti fagnar hún henni. „Það var ein af ástæðunum fyrir því að ég fór aftur í Gróttu. Í Noregi fékk ég enga samkeppni og það var svolítið erfitt að halda sér við efnið," sagði hún.

Guðrún Ósk stefnir ótrauð á sæti í A-landsliðinu. „Ég fæ vonandi tækifæri eftir nokkur ár og eftir reynsluna í Noregi get ég vel ímyndað mér að fara aftur út. En ég ákvað að koma fyrst heim og klára skólann og spila hér heima í nokkur ár."

Henni líst vel á tímabilið sem er fram undan. „Ef við náum vörninni saman eins og við viljum hafa hana getum við vel komist langt."

ÚRSLIT

N1-deild karla:

HK-Stjarnan 25-26 (11-15)

Mörk HK (skot): Arnar Þór Sæþórsson 9/7 (11/8), Augustas Strazdas 7 (9), Gunnar Steinn Jónsson 4 (10), Tomas Eitutis 3 (7), Brynjar Valsteinsson 1 (2), Ragnar Njálsson 1 (1), Ólafur Bjarki Ragnarsson (5).
Varin skot: Egidijus Petkevicius 15/1 (41/3) 36,5%.
Hraðaupphlaup: 5 (Gunnar 2, Strazdas 2, Brynjar).
Fiskuð víti: 6 (Gunnar 3, Arnar 2, Brynjar).
Utan vallar: 8 mínútur.
Mörk Stjörnunnar (skot): Ólafur Víðir Ólafsson 6/1 (8/1), Björgvin Hólmgeirsson 4 (11), Gunnar Jóhannsson 4 (6), Patrekur Jóhannesson 3/1 (8/2), Ragnar Helgason 3 (4), Heimir Örn Árnason 3 (4), Björn Friðriksson 2 (2), Jón Gunnarsson 1 (1).
Varin skot: Roland Valur Eradze 19/1 (42/4) 45%. Hlynur Morthens (2/2).
Hraðaupphlaup: 8 (Ragnar 2, Gunnar 2, Heimir 2, Jón, Björn).
Fiskuð víti: 3 (Björgvin 2, Heimir).
Utan vallar: 12 mínútur.

Stjarnan slapp með skrekkinn

Meistarakandídatar Stjörnunnar unnu sætan sigur á HK, 25-26, í Digranesi í gær. HK sótti fast að Garðbæingum í síðari hálfleik og fékk kjörið tækifæri til að jafna í lokin en skot Gunnars Steins fór forgörðum.

HANDBOLTI Opnunarleikur N1-deildar karla fór fram í Digranesi í gær þar sem silfurlið síðasta vetrar, HK, tók á móti Stjörnunni sem spáð er meistaratitli í lok vetrar. Leikurinn var hin fínasta skemmtun allt til enda en það voru gestirnir úr Garðabæ sem fóru með öll stigin heim.

Fyrri hálfleikur var eign Stjörnunnar og leikmenn HK voru ákaflega ragir og virtust litla trú hafa á verkefninu. Það segir sína sögu að fyrstu átta skot liðsins fóru forgörðum og fyrsta mark heimamanna kom ekki fyrr en eftir átta mínútur.

Allt annað var uppi á teningnum hjá HK í síðari hálfleik sem spilaði af þeirri grimmd sem einkenndi leik liðsins í fyrra. HK-ingar söxuðu jafnt og þétt á forskot Garðbæinga og fengu úrvals tækifæri til að jafna í sókn sem liðið hafði níu sekúndur til að klára og var auk þess manni fleiri. Hinn ungi Gunnar Steinn tók skotið en arfaslakt skot hans sigldi framhjá markinu og Stjarnan fagnaði.

ÓLAFUR STERKUR Ólafur Víðir Ólafsson lék vel gegn sínum gömlu félögum í Digranesi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Við hefðum vel getað fengið stig hér í dag og Gunni var óheppinn með skotið. Hann stóð sig annars vel," sagði Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK. „Það var svolítill skrekkur í okkur framan af en ég er mjög ánægður með liðið í seinni hálfleik og hvernig strákarnir komu til baka."

Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar, var ekkert sérstaklega brosmildur þrátt fyrir sigurinn. „Ég er helst ánægður með sigurinn. Við áttum ekki að hleypa HK svona inn í leikinn og menn misstu einbeitinguna á kafla," sagði Kristján en hvernig finnst honum að mæta til leiks sem meistarakandídat? „Það truflar mig ekki neitt og er bara fínt. Það er ekkert launungarmál að við stefnum á titilinn, annars væri maður ekkert í þessu."

henry@frettabladid.is

LANDSBANKA DEILDIN
Allir sem einn ...
LANDSBANKA DEILDIN
Sunnudagur 16. sept kl. 16.00
KR – HK
KR klúbburinn hittist fyrir leik í félagsheimilinu kl. 15.00
Núna þurfa allir
að standa saman ...
... Allir sem einn !!!
TM EIMSKIP NIKE

ENGU GLEYMT Hinn 38 ára gamli Halldór Ingólfsson sýndi í gær að lengi lifir í gömlum glæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íslandsmeistarar Vals töpuðu opnunarleik sínum:

Nýtt lið Hauka lagði meistara Vals

HANDBOLTI Spennustigið var hátt þegar Haukar lögðu Val í gær, 20-23. Sóknarleikur liðanna var ekki eins og liðin geta best sem sést best á því að aðeins voru skoruð 43 mörk í leiknum.

Valsmenn voru fyrri til að jafna sig á taugastrekkingnum í byrjun en Haukar svöruðu með sex mörkum í röðog tóku forystu sem þeir létu aldrei af hendi. Má segja að sigurinn hafi verið öruggur þótt Valsmenn hafi náð að minnka muninn í 20-21 þegar rúmar þrjár mínútur voru eftir af leiknum.

Valsmenn geta mun betur og verða að gera betur ætli liðið að verja Íslandsmeistaratitilinn í vor. Liðið saknaði sárlega Markúsar Mána Michaelssonar sem lék ekki með Val vegna anna í vinnu.

Margir nýir leikmenn eru í liði Hauka sem getur farið langt á tímabilinu. Það voru þó gamalreyndir leikmenn liðsins, Halldór Ingólfsson þeirra fremstur í flokki, sem stigu upp þegar sóknarleikurinn var stirður. Nýr þjálfari Hauka, Aron Kristjánsson, var ánægður með sigurinn þótt liðið hafi spilað betur í síðustu æfingaleikjunum fyrir mótið.

„Þetta var góður sigur þótt við höfum ekki náð upp þeim hraða í sóknarleiknum sem við vildum. Vörnin var góð en sóknarleikurinn var stirðbusalegur þótt hann hafi verið góður á köflum. Við höfum spilað hraðar í síðustu æfingaleikjum þannig að ég get varla talað um haustbrag á liðinu," sagði Aron. - gmi

Valur-Haukar 20-23

Mörk Vals (skot): Baldvin Þorsteinsson 5/2 (6/2), Elvar Friðriksson 4 (9), Arnór Gunnarsson 3 (7), Ernir Hrafn Arnarson 3 (10), Hjalti Þór Pálmason 2 (3), Fannar Friðgeirsson 2 (5), Ingvar Árnason 1 (1)
Varin skot: Pálmar Pétursson 12 (30/1) 40%, Ólafur Gíslason 5 (10) 50%.
Hraðaupphlaup: 4 (Arnór 2, Fannar, Baldvin).
Fiskuð víti: 2 (Baldvin, Ernir)
Utan vallar: 6 mín.
Mörk Hauka (skot): Halldór Ingólfsson 5/1 (8/1), Andri Stefan 5 (11), Freyr Brynjarsson 4 (5), Sigurbergur Sveinsson 4 (10), Arnar Pétursson 3 (4), Gunnar Berg Viktorsson 1 (4), Þröstur Þráinsson 1 (1)
Varin skot: Gísli Guðmundsson 7 (21/1) 33%, Magnús Sigmundsson 6 (12/1) 50%.
Hraðaupphlaup: 6 (Freyr 2, Andri 2, Þröstur, Arnar).
Fiskuð víti: 1 (Pétur Pálsson).
Utan vallar: 6 mín.

GOTT FÓLK

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í DAG KL. 19:00 / Á MORGUN KL. 18:30
TOUR CHAMPIONSHIP
Lokamótið og úrslit PGA
HONDA ekort

Í DAG KL. 08:00 / Á MORGUN KL. 08:00
SOLHEIM CUP
„Ryder Cup“ kvenna í golfi
LEXUS

STÆRSTA
GOLF
HELGIN



sýn
besta sætið

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.

> Steve Martin

„Hvað er grín? Grín er sú list að fá fólk til þess að hlæja án þess að það æli," sagði Steve Martin eitt sinn. Martin leikur í endurgerð myndarinnar Bleiki pardusinn sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld og við skulum vona að fólk geti hlegið án þess að æla.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR EFAST UM AFREK TRINNY OG SÚSSU

Klipping og ný klæði bjarga hjónaböndum

Gleði mín var geysileg á miðvikudagskvöldið, þegar ég skipti yfir á Stöð 2 og sá þar fornvinkonur mínar, tískugúrúana Trinny og Susönnuh. Þær stöllur hafa áður birst á skjánum með þættina What not to Wear. Þar tóku þær fyrir hverja kauðslegu konuna á fætur annarri, klæddu þær upp í kjóla sem hæfðu formi þeirra, klipptu og plokkuðu, litaðu og vöxuðu. Svo táraðist ég af hamingju þegar glitrandi fínar stúlkurnar þökkuðu Trinny og Sússu í bak og fyrir, fóru mikinn um hundraðfalt sjálfsöryggi og nýjar glæður í hjónabandi.

Þær Trinny og Susannah sem tóku á móti mér síðasta miðvikudagskvöld voru í aðeins öðrum stellingum. Þátturinn var byrjaður þegar ég skipti yfir. Nakin hjón stóðu á bak

við upplýst tjald og opnuðu hjörtu sín hvort fyrir öðru. Konan var gráti nær yfir því að maðurinn vildi ekki sleikja á henni úlnliðina lengur. Karlinn, sem var lifandi eftirmynd Bilbó hobbita úr Hringadróttinssögu Peters Jackson, var niðurbrotinn eftir framhjáhald konunnar og sorgmæddur yfir því að hún hefði lagt giftingarhringnum.

Þær Trinny og Sússa voru ekki af baki dottnar og lofuðu hjónunum umræddum glæðum. Boðskapurinn var sá að með því að klæða sig betur og fara í klippingu næðu þau að tengjast á nýjan leik og hjónabandið yrði eins og nýtt. Ég verð að segja að ég er afar skeptísk á þessa nýju þætti, þó að ég hafi tröllatrú á hæfileikum Trinny og Sússu. Ég held þær ættu að snúa sér aftur að miðaldra konum í plastbuxum og láta Dr. Phil um framhjáhaldið. Þetta er ekki alveg að gera sig.

EKKI MISSA AF

22.15 Once Upon a Time in Mexico RÚV

19.55 The Pink Panther STÖÐ 2

13.45 West Ham - Middlesbrough SÝN 2

21.30 The Mission SIRKUS

21.00 Stargate SG-1 SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Fæturnir á Fanney, Halli og risaeðlufatan, Músahús Mikka, Skordýr í Sólarlaut

09.15 Sögurnar okkar (7:13)

09.25 Leyniþátturinn (24:26)

09.36 Bitte nú! (2:26)

10.00 Latibær (121:136)

10.30 Kastljós

11.00 Kiljan

11.50 Formúla 1 - Tímataka Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Belgíu.

13.10 Útsvar

14.00 Gullmót í frjálsum íþróttum. Sýnt frá fimmta og næstsíðasta Gullmóti sumarsins í frjálsum íþróttum.

16.00 HM í fótbolta kvenna

18.00 Táknmálsfréttir

18.10 Ofvitinn (7:10)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.45 Spaugstofan

20.15 Lukkuriddarar (10:13)

20.45 Hr. Bean Bresk gamanmynd frá 1997 um hinn kostulega Hr. Bean.

22.15 Eitt sinn í Mexíkó (Once upon a time in Mexico) Bandarísk bíómynd frá 2003. Leikstjóri er Robert Rodriguez og meðal leikenda eru Antonio Banderas, Salma Hayek, Johnny Depp, Mickey Rourke, Eva Mendesog Willem Dafoe.

23.55 Morðleikur (Murder by Numbers)

01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Blue Sky

08.00 Connie and Carla

10.00 Dodgeball

12.00 Must love dogs

14.00 Blue Sky

16.00 Connie and Carla

18.00 Dodgeball

20.00 Must love dogs Bráðskemmtileg gamanmynd sem segir frá konu sem á í vandræðum með að jafna sig eftir skilnað.

22.00 The Deal

00.00 Open Range

02.15 Tales From The Crypt. Demon Knight

04.00 The Deal

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Fifi and the Flowertots 1, Barney, Refurinn Pablo, Töfravagninn, Hlaupin, Blanche, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Dexter´s Laboratory, Bratz, Tutenstein, A.T.O.M., Pixel Perfect

12.00 Hádegisfréttir

12.25 The Bold and the Beautiful

14.10 Men In Trees (13:17)

15.05 The New Adventures of Old Christine (6:13)

15.40 Hot Properties (2:13)

16.05 Two and a Half Men (4:24)

16.35 Örlagadagurinn (15:31)

17.10 60 mínútur (60 Minutes)

18.00 Tekinn 2 NÝTT (1:14)

18.30 Fréttir

19.05 Prehistoric Park (2:6) Ótrúlega flottir þættir fyrir börn og fullorðna um risaeðlur og aðrar fornaldarskepnur.

19.55 The Pink Panther Sprenghlægileg gamanmynd með Steve Martin og Beyonce Knowles í aðalhlutverkum. Lögreglumaðurinn Jacques Clouseau er án efa sá versti í bransanum og það er því ekki við miklu að búast þegar hann tekur að sér að leysa flókið morðmál.

21.30 Ice Harvest Spennandi gamanmynd með John Cusack og Billy Bob Thornton í aðalhlutverkum. Charlie Arglist er lögfræðingur sem ákveður að gefa sjálfum sér ríflega launahækkun og stelur tveimur milljónum dollara. Hann veit hins vegar ekki hvað hann á að gera þegar flóttinn fer úr skorðum.

23.00 Love Liza Leikarinn Philip Seymor Hoffman úr Happiness, Magnolia og Boogie Nights fer á kostum í þessari gráglettnu verðlaunamynd sem fjallar um vefhönnuð sem fer að sniffa bensín eftir að kærasta hans fremur sjálfsmorð. Myndin vakti mikla athygli á Sundance-hátíðinni 2002 og hlaut þar verðlaun fyrir handrit.

00.30 To Kill a King Dramatísk kvikmynd, byggð á sannsögulegum atburðum. Aðalhlutverk: Tim Roth og Rupert Everett.

02.10 The New Adventures of Old Christine (6:13)

02.35 Balls of Steel (6:7)

03.10 Hot Properties (2:13)

03.35 Cold Case 2 (1:23)

04.20 Prehistoric Park (2:6)

05.10 60 mínútur

05.55 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.35 Það helsta í PGA mótaröðinni

08.00 Ryder Cup kvenna í golfi (Solheim Cup 2007)

16.00 Kaupþings mótaröðin 2007 Svipmyndir frá lokamótinu á Kaupþings mótaröðinni í golfi sem fram fór á hinum glæsilega golfvelli í Vestmannaeyjum.

17.00 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandarísk fótboltanum.

17.25 Spænski boltinn Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

17.50 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

19.50 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

21.50 PGA Tour 2007 Bein útsending Útsending frá þriðja degi á Tour meistaramótinu sem er lokamótið í FedEx bikarnum. Einungis þrjátíu keppendur eiga þátttökurétt á mótinu en sigurvegarinn verður fyrsti sigurvegari FedEx bikarsins.

SÝN 2

08.25 Premier League World

08.55 PL Classic Matches

09.25 PL Classic Matches

09.55 Season Highlights

10.55 Premier League Preview (Leikir helgarinnar) Hitað upp fyrir leiki helgarinnar.

11.25 Premier League 2007/2008 Bein útsending frá Fratton Park þar sem Hermann Hreiðarsson og félagar hans í Portsmouth taka á móti Liverpool.

13.45 Premier League 2007/2008 Beint útsending frá Upton Park þar sem Eggert og félagar fá Middlesbrough í heimsókn.

16.00 Premier League 2007/2008 Jose Mourinho og hans menn fá Blackburn í heimsókn á Brúnna.

18.10 4 4 2 Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.

19.30 4 4 2

20.50 4 4 2

22.10 4 4 2

23.30 4 4 2

SKJÁREINN

11.00 Vörutorg

12.00 Dr. Phil (e)

15.45 Family Guy (e)

16.15 World's Most Amazing Videos(e)

17.05 Giada´s Everyday Italian (e)

17.35 Friday Night Lights (e)

18.30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug.

19.15 Starter Wife (e) Bandarísk megasería í fimm þáttum um ofdekraða eiginkonu í Hollywood sem þarf að hefja nýtt líf eftir að eiginmaðurinn sparkar henni.

20.10 World's Most Amazing Videos (25:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádramatísk.

21.00 Stargate SG-1 - Tvöfaldur Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem Skjár-Einn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum. Þetta er vísindaskáldskapur af bestu gerð og slíkir þættir eiga stóran áhorfendahóp.

22.40 Da Vinci's Inquest (7:8) Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.

23.30 Sleeper Cell (e)

00.20 Law & Order. Criminal Intent (e)

01.10 Heartland (e)

02.00 The Black Donnellys (e)

02.50 Backpackers (e)

03.20 Tvöfaldur Jay Leno (e)

05.00 Vörutorg

06.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Nýsmíði sf.

Sérhæfum okkur í uppsetningu gifveggja , gifslofta og allri almennri gifsvinnu.
Einbýli , fjölbýli , skrifstofu og iðnaðarhúsnæði.
Gerum tilboð að kostnaðalausu. www.nysmidi.is S:899-4666

Í KVÖLD

SÝN
kl. 08.00 Solheim Cup-kvenna í golfi og kl. 21.50 PGA Tour 2007

Laugardagurinn er golfdagur á Sýn en um morguninn verður sýnt beint frá kvennamóti í golfi þar sem helstu stjörnur golfheimsins keppa um hinn eftirsótta Solheim-bikar í golfi. Klukkan 21.50 er svo röðin komin að karlmönnunum þegar bein útsending hefst frá þriðja degi á Tour-meistaramótinu sem er lokamótið í FedEx-bikarnum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Spaugstofan
Sjónvarpið kl. 19.45

Grínþáttur allra landsmanna er mættur aftur á skjáinn og nú með nokkuð öðru sniði en venjulega. Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður og Örn bregða á leik sprellfjörugir að vanda en Randver hefur þó sagt skilið við þættina. Tekið verður á málefnum líðandi stundar og þó sett í spaugilegt samhengi.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Óskastundin
08.00 Morgunfréttir
08.05 Útúr nóttinni... og inní daginn
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Leitin að eldsneytinu
14.40 Tímakorníð
15.20 Undir þaki
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.28 Hundur í útvarpssal
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
20.00 Sagnaslóð
20.40 Ljóðabókin syngur
21.30 Ætti ég hörpu
22.10 Veðurfregnir
22.15 Á hljóðbergi: Galgemanden
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks (11:260)
14.50 Hollyoaks (12:260)
15.10 Hollyoaks (13:260)
15.30 Hollyoaks (14:260)
15.50 Hollyoaks (15:260)
16.30 Skífulistinn
17.15 Smallville (9:22) (e)
18.00 Bestu Strákarnir (21:50) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Talk Show With Spike Feresten (3:22) (e)
19.30 The George Lopez Show (7:22)
19.55 E-Ring (6:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
20.40 Skins (3:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
▶**21.30 The Mission** (e) Jeremy Irons er hér í hlutverki spænsks jesúíta sem ákveður að stofna trúboðamiðstöð í Suður-Ameríku. Hann vonast til þess að geta fært kristni til Indjánanna. Aðalhlutverk: Jeremy Irons og Robert De Niro.
23.30 Most Shocking Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.
00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.00 Mastermind **10.30** The Weakest Link **11.15** The Weakest Link **12.0**0 A Week of Dressing Dangerously **12.3**0 A Week of Dressing Dangerously **13.00** Diet Trials **13.30** Diet Trials **14.0**0 Amazon - Truth & Myth **14.30** Massive nature **15.00** Animal Camera **15.30** Animal Camera **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **19.00** Friends and Crocodiles **20.45** Spine Chillers **21.00** The Smoking Room **21.30** The Catherine Tate Show **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Friends and Crocodiles **0.45** Spine Chillers **1.00** The Smoking Room **1.30** The Catherine Tate Show **2.00** Animal Camera

DR 1

12.00 Sporløs **12.30** Robin Hood - helte i underhylere **14.10** DR1 Dokumentaren - Kvinden med aberne **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Er Alfons en tyv **15.40** Peddersen og Findus **15.55** Mira og Marie **16.00** Sonja fra Saxogade **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Vilde verden **17.35** Huset på Christianshavn **18.00** MGP 2007 **20.00** Inspector Morse **21.45** Blind terror **23.10** Boogie Listen

NRK 1

8.00 Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Golf: Solheim cup **8.55** VM fotball 2007, kvinner **11.00** Golf: Solheim cup **11.40** VM fotball 2007, kvinner **14.00** Golf: Solheim cup **15.00** VM fotball 2007, kvinner **16.00** Barne-tv **16.30** Thomas P **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Riksarkivet **18.20** Lyden av lørdag **19.20** Med hjartet på rette staden **20.05** Løvebakken **20.30** Norsk attraksjon **21.00** Kveldsnytt **21.15** VM fotball 2007, kvinner: VM-magasin **21.30** Gi det videre - Pay It Forward

SVT 1

12.00 Andra Avenyn - castingen **12.3**0 Uppdrag Granskning **13.30** Upp till kamp **15.00** Doobidoo **16.00** BoliBompa **16.05** Disneydags **17.00** Barnens detektivbyrå **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Babben & co **19.30** Brottskod: Försvunnen **20.15** Var är mitt barn? **21.05** Rapport **21.10** Bitter Moon **23.25** Sändningar från SVT24

PERSÓNAN

Gísli Þór Reynisson

Aldur: 42 ára.
Starf: Forstjóri Nordic Partners.
Fjölskylda: Eiginkona, Anna Margrét Kristinsdóttir og fjögur börn, Gabríel Þór 18 ára, Anna Fríða 17 ára, Benjamín Ágúst 13 ára og Katrín Rósa 9 ára.
Foreldrar: Reynir Þorgrímsson framkvæmdastjóri og Rósa Guðbjörg Gísladóttir húsmóðir.
Búseta: Með lögheimili í Riga í Lettlandi en er með íbúðir í Kaupmannahöfn og Reykjavík.
Stjörnumerki: Tvíburi.

Gísli er forstjóri og aðaleigandi Nordic Partners sem festi kaup á Hôtel d´Angleterre í Kaupmannahöfn í vikunni.

Randver heldur Spaugstofunni saman

„Randver er einfaldlega ómissandi í íslensku sjónvarpi. Þó að hann geri lítið í Spaugstofunni og sé stundum eins og aukaleikari er hann samt límið sem heldur henni saman,“ segir Halldór Eldjárn, sextán ára menntaskólanemi. Halldór hefur hleypt af stokkunum undirskriftasöfnun á netinu til stuðnings Randver Þorlákssyni leikara en í vikunni var það upplýst að hann hefði verið rekinn úr Spaugstofunni. Halldór krefst þess að brottrekstur Randvers verði dreginn til baka; að þjóðin fái að sjá Randver á skjánum í vetur.

SÁRT SAKNAÐ Fjölmargir eru ósáttir við að Randver skuli hafa verið rekinn úr Spaugstofunni.

„Randver er mikill snillingur. Hann er eiginlega sá sem fann upp melankólíska grínið, hann er kaldhæðinn og alvarlegur en samt mjög fyndinn. Það er augljóst til dæmis að Jón Gnarr hefur lært mikið af honum,“ segir Halldór.

Undirskriftasöfnunin var sett af stað seinni partinn á fimmtudag. Um miðjan dag í gær höfðu um ellefu hundruð manns lýst yfir stuðningi við Randver. „Ég vil að allir þeir sem styðja Randver skrifi undir. Það er náttúrlega hann sem nýtur fyrst og fremst góðs af þessu. Stefnan er svo sett á að afhenda Þórhalli Gunnarssyni, dagskrárstjóra Sjónvarpsins, undirskriftirnar á næstunni.“

Fyrsti Spaugstofuþáttur vetrarins er einmitt á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld klukkan 19.45. Halldór ætlar að horfa á þáttinn. „Ég verð límdur við skjáinn. Aðallega til að sjá hvað vantar.“ Undirskriftasöfnina má finna á vefslóðinni Petitiononline.com/randver7. **- hdm**

BERST FYRIR RANDVER Halldór Eldjárn safnar undirskriftum og berst fyrir því að Randver Þorláksson verði endurráðinn í Spaugstofuna. Yfir 1.100 manns skrifuðu undir á einum sólarhring. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
2. sæti **6.** öfug röð **8.** hversu **9.** bar að garði **11.** ógrynni **12.** endurtekning **14.** vöruflutningur **16.** sjó **17.** leyfi **18.** hress **20.** bardagi **21.** karl.

LÓÐRÉTT
1. að lokum **3.** skammstöfun **4.** svelgja **5.** gras **7.** hagnýta **10.** sjór **13.** útdeildi **15.** títla **16.** er **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** sess, **6.** on, **8.** hve, **9.** kom, **11.** of, **12.** stagl, **14.** frakt, **16.** sæ, **17.** frí, **18.** ern, **20.** at, **21.** mann.
LÓÐRÉTT: **1.** loks, **3.** eh, **4.** svolgra, **5.** sef, **7.** notfæra, **10.** mar, **13.** gaf, **15.** títla, **16.** sem, **19.** nn.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Ólafur Jóhann Ólafsson.
2. Bjarni.
3. Eva Green.

GARÐAR THOR: VIÐ VÍGSLU NÝS SKEMMTIFERÐASKIPS CONARD

Garðar syngur fyrir Kalla prins og Camillu

Garðari Thor Cortes hefur verið boðið að syngja við vígslu nýjasta skemmtiferðaskips Conard-skipasmíðafyrirtækisins hinn 10. desember. Um gríðarlega stóran viðburð í Bretlandi er að ræða en sjálf hertogaynjan af Cornwall, Camilla Parker Bowles, mun nefna skipið með kampavínsflösku og gefa því nafnið Queen Victoria. Karl Bretaprins verður að sjálfsögðu við hlið eiginkonu sinnar og gefur það þessum viðburði aukið vægi hjá bresku pressunni.

Auk konungsfólksins munu vel á annað þúsund svokallaðra VIP-gesta sækja þennan viðburð, meðal annars Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, og ríkisstjórn Verkamannaflokksins. Vígslan verður að öllum líkindum í beinni útsendingu Sky-sjónvarpsstöðvarinnar. Á heimasíðu Conard-fyrirtækisins segir forstjóri þess, Carol Marlow, að um sögulegan viðburð sé að ræða. „Þetta verður í fyrsta skipti í 168 ára sögu fyrirtækisins þar sem fyrirtækið verður með þrjár drottningar í flotanum í einu auk þess sem þetta er næststærsta skipið,“ segir Carol.

Þrátt fyrir að Garðar hafi sungið fyrir fleiri áhorfendur en þessa tvö þúsund er ljóst að þetta er sá viðburður sem mun hljóta hvað mesta fjölmiðlaumfjöllun. Tenórinn ungi hefur því rækilega stimplað sig inn í breska menningarlífið en hann mun hefja upp raust sína skömmu fyrir klukkan þrjú á sérsmíðuðu sviði. Garðar var að vonum ánægður yfir þessu boði og sagði um frábært tækifæri að ræða. „Að syngja fyrir konungsfjölskylduna og ríkisstjórnina er ótrúlega skemmtilegt fyrir söngvara frá Íslandi,“ segir Garðar, sem var orðlaus yfir móttökum bresku þjóðarinnar. „Þetta hefur verið ótrúlegt.“ Einar Bárðarson, umboðsmaður tenórsins, sagði að umboðsskrifstofan tæki málið mjög alvarlega enda ekki á hverjum degi sem sungið væri fyrir bresku konungsfjölskylduna.

AÐALBORNIR GESTIR

Garðar Thor Cortes mun syngja fyrir öll helstu fyrirmenni Bretlands 10. desember. Hertogaynjan af Cornwall, **Camilla Parker Bowles**, mun vígja nýjasta skemmtiferðaskip Cunard. Með henni verður auðvitað **Karl Bretaprins** en auk þeirra mun **Gordon Brown** og ríkisstjórn Verkamannaflokksins verða viðstödd athöfnina.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stöð 2 ætlar að fara í áður óþekkta samkeppni við kvöldfréttir RÚV. Fréttaskýringaþátturinn Kompás með **Jóhannes Kr. Kristjánsson** fremstan í flokki hefur nefnilega verið færður úr stað á sunnudögum og mun framvegis verða á dagskrá á þriðjudagskvöldum klukkan korter fyrir tíu. Kompás-liðar er algjörlega óhræddir við tíufréttirnar og telja ólíklegt að einhver muni skipta um rás eftir korter af Kompás.

Hins vegar mun **Egill Helgason** sitja algjörlega einn að hádeginu á sunnudögum með Silfrið sitt hjá RÚV en Mannamál Sigmundar Ernis Rúnarsson verður ekki í beinni samkeppni við þáttinn. Sigmundur mun nefnilega kryfja málin til mergjar á sunnudagskvöldum, strax á eftir sjö fréttum.



Og eins og Fréttablaðið greindi frá var **Auðuni Blöndal** meinað af forsvarsmönnum Stöðvar 2 að taka þátt í spurningakeppni sjónvarpsins, Útsvar. Auðunn átti að koma fram fyrir hönd Skagafjarðar en aðstandendur Stöðvar 2 töldu að nærvera hans myndi skaða samkeppnina við Tekinn 2. Heimildir Fréttablaðsins herma að forsvarsmenn RÚV, með dagskrárstjórann **Þórhall Gunnarsson** fremstan í flokki, hefðu boðið Stöð 2 að hann myndi ekki koma fram fyrr en Tekinn 2 hefði runnið sitt skeið en heldur fálega var tekið í þær hugmyndir.

Hins vegar er nokkuð ljóst að leikstjórinn **Baltasar Kormákur** getur valið úr kvikmyndahátíðum ef marka má vefsíðuna logs.is. Tuttugu hátíðir hafa falast eftir að fá að sýna Mýrina en hún hefur fengið prýðilega dóma á Toronto-hátíðinni. Mýrin var nýlega seld til dreifingar í Frakklandi en Baltasar mun taka Danmörku með trompi í næstu viku á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Kaupmannahöfn.



- fgg

Systkini á svið í Berlín

Systkinin Þorleifur og Sólveig Arnarsbörn leiða saman hesta sína í fyrsta sinn á sviði í Berlín hinn 2. nóvember. Þá verður frumsýnt leikritið Næturvaktin eftir Lars Norén í leikhúsinu Admiralspalatz, sem er að hluta til í eigu rokkarans Helga Björnssonar. Þorleifur Arnarsson mun leikstýra Sólveigu í verkinu, sem er það fyrsta með íslensku ívafi sem er frumsýnt í leikhúsinu. „Ég er afskaplega spennt,“ segir Sólveig, sem er einmitt á leiðinni til Berlínar í dag til að fara yfir textann með leikhópnum. „Við höfum aldrei unnið saman en okkur hefur langað til þess lengi,“ segir hún um samstarfið við bróður sinn. „Við fundum þarna smugu og ákváðum að kýla á það. Við erum bæði mjög spennt. Ég held að það geti stundum verið gott fyrir leikara ef leikstjórinn þekkir mann mjög vel. Hann er þá kannski frekar fær um að koma manni inn á ótroðnari brautir en aðrir leikstjórar og ýta burtu persónueinkennunum sem hann hefur kannast vel við. En þetta verður bara að koma ljós.“

ÞORLEIFUR ARNARSSON Leikstýrir systur sinni í fyrsta sinn í leikritinu Næturvaktin.

Sólveig er sérstaklega ánægð með að fá að leika í Berlín því þar bjó hún í níu ár og nam þar leiklist. Síðan hún lauk námi hefur hún látið leikhúsið sitja á hakanum vegna barnauppeldis og þess í stað einbeitt sér að sjónvarpsleik. Er hún einmitt að leika í tveimur þýskum sjónvarpsmyndum þessa dagana sem eru byggðar á sænskum bókum.

SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR Sólveig hlakkar mikið til að leika undir stjórn bróður síns í Berlín.

Næturvaktin fjallar um tvenn hjón, bræður og konurnar þeirra, sem koma heim eftir jarðarför móður bræðranna og gera líf sitt upp á einni nóttu. Verður verkið einnig sýnt á norrænni listahátíð í Berlín í lok nóvember og síðan eitthvað áfram í janúar. **- fb**

FRUMSÝNING Í KVÖLD .... UPPSELT

Sunnudaginn	16. sept.	.....	UPPSELT
Fimmtudaginn	20. sept.	.....	UPPSELT
Föstudaginn	21. sept.	.....	örfá sæti laus
Laugardaginn	22. sept.	.....	UPPSELT
Fimmtudaginn	27. sept.	.....	UPPSELT
Föstudaginn	28. sept.	.....	UPPSELT
Laugardaginn	29. sept.	.....	UPPSELT
Sunnudaginn	30. sept.	.....	AUKASÝNING
Fimmtudaginn	4. okt.	.....	UPPSELT
Föstudaginn	5. okt.	.....	örfá sæti laus
Laugardaginn	6. okt.	.....	UPPSELT
Föstudaginn	12. okt.	.....	örfá sæti laus

Ósóttar pantanir seldar daglega

Geisladiskur og bók komin út

HÖFUNDUR GUÐRÚN HELGADÓTTIR LEIKSTJÓRN SIGURÐUR SIGURJÓNSSON SÖNGTEXTAR DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON TÓNLIST JÓN ÓLAFSSON
LEIKMYND FINNUR ARNAR ARNARSSON BÚNINGAR MARÍA ÓLAFSDÓTTIR LÝSING BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON HREYFINGAR ÁSTRÓS GUNNARSDÓTTIR GERVI RAGNA FOSSBERG HLJÓÐHÖNNUN GUNNAR SIGURBJÖRNSSON
LEIKARAR GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON HALLGRÍMUR ÓLAFSSON KRISTÍN ÞÓRA HARALDSDÓTTIR ÞRÁINN KARLSSON OG MARGIR FLEIRI

FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland · NORÐURORKA · KEA HÓTEL

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala í síma **4 600 200** | **www.leikfelag.is**

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Fíton/SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Fréttir af Eklu Mist

Á miðvikudagskvöldið sagði Sigríður Björnsdóttir Hagalín, fréttamaður Ríkissjónvarpsins, frá mikilli eymd sem sumir einstæðir foreldar búa við hér á landi. Ekki það að það séu alveg nýjar fréttir því eins og fjölmiðlar benda á hvert haust er þetta líka hópurinn sem fer verst út úr dagmömmueklunni sem og þegar pláss skortir á leikskólum eða í dægradvöl. Þetta eru jú einu fyrirvinnurnar. Samt hafði ég aldrei áður heyrt að nítján ára móðir þyrfti að sofa nóttum saman úti í bíl með tveggja ára barn sitt. Ég veit ekki einu sinni hvort mig langaði nokkuð til að vita af því. Hvernig gerir maður það þolanlegt fyrir tveggja ára krakka að sofa næturlangt í bíl? Er hægt að láta það verða jafnskemmtilegt og að gista í tjaldi?

Í fréttinni kom fram að húsaleiga væri orðin hærri en lágmarkslaun og tveggja ára bið væri eftir félagslegu húsnæði. Því væri ekki óalgengt að konur tækju ofbeldishneigða maka fram yfir húsnæðisleysið eða að þurfa að flýja á náðir Félags einstæðra foreldra. Félagið á átta íbúðir en þær eru ekki betur úr garði gerðar en svo að í sumum þeirra þarf að sofa með húfur og vettlinga vegna þess hve einangrunin er léleg. Eins og ég kom inn á fara einstæðir foreldrar verst út úr dagmömmu- og leikskólaeklunni en þar með er ekki allt upp talið því þeir fara líka verst út úr kynbundna launamuninum. Og um hann fjallaði næsta frétt Ríkissjónvarpsins þetta kvöld.

Á síðasta landsþingi Vinstri grænna ræddi velferðarhópurinn þá hugmynd að félagsmálayfirvöld fengju meira svigrúm en þau hafa nú til að veita sérstaka aðstoð til kvenna sem þurfa að flýja heimili sín vegna ofbeldis maka. Þær gætu þá komið undir sig fótunum á nýjan leik og skapað sér og ekki síst börnum sínum betra líf. Algengt er að þessar konur séu mjög illa staddar fjárhagslega en oft er það hluti af ofbeldinu að makinn geri konuna háða sér um fé.

ÉG vona að þessi góða hugmynd dagi ekki uppi og jafnvel fleiri nýtilegar komi fram. Að minnsta kosti vona ég að núverandi ástand sé ekki orðið okkur svo eðlilegt að okkur finnist engin ástæða til að breyta því. Við þurfum að sjá illa stöddum löndum okkar fyrir fleiru en aðeins húfunum sem þeir verða að sofa með til að halda á sér hita um nætur.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 15. september, 258. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.49	13.23	19.55
Akureyri	6.31	13.08	19.42

Heimild: Almanak Háskólans

heillandi
HUGMYNDIR

HOVET spegill
78x136 cm **8.990,-**

IKEA STOCKHOLM kertastjaki
H33 cm ryðfrítt stál
2.990,-

KNAPPA hengiljós
Ø46 cm hvítt **2.490,-**

SALONG blómavasi
H9 cm grænn
295,-

HEDDA RAK púðaver
50x50 cm **895,-/2 í pk.**

LOTTEN púðaver
2 stk. 50x50 cm
1.890,-

BILLY bókaskápur
40x202 cm
eikarspónn **6.450,-**

RITVA teppi
130x170 cm **895,-**

VASEN vasi H20 cm
195,-

ALVINE TRIANGEL motta
140x200 cm **9.990,-**

FLORERA kerti
m/3 kveikum
Ø17, H22 cm **1.490,-**

BJURSTA skápur
m/glerhurð 80x40x190 cm
eikarspónn **24.950,-**

HARRY stóll
birki/Blekinge hvítt
48x50x96 cm **4.990,-**

BJURSTA eldhúsborð
90/129/168x90 cm eikarspónn **15.950,-**

JULIUS barstóll
34x34x63 cm **5.990,-**
JULIUS barstóll
34x34x74 cm **6.990,-**

LAVER borð og 4 stólar **8.950,-**

NÝR VÖRULISTI

Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum
og grænmeti

540,-
IKEA FOOD

IKEA®

Opið virka daga	10.00 - 20.00
Opið laugardaga	10.00 - 18.00
Opið sunnudaga	12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007